

INNGANGUR.....	3
1. FORSENDUR FYRIR MATI Á ÞÖRF SÉRTÆKRA STUÐNINGSADGERÐA.....	4
1.1. JAFNRÉTTI KYNJANNA	4
1.2. HAGSMUNIR FJÖLSKYLDUNNAR	5
1.3. ATVINNULEYSI KVENNA	6
1.4. BYGGÐASJÓNARMÍÐ.....	6
1.5. HAGSMUNIR EFNAHAGSLÍFSINS - MEGINFORSENDA NEFNDARINNAR.	7
2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR.....	9
2.1. NIÐURSTÖÐUR	9
2.2. TILLÖGUR.....	11
3. KANNANIR NEFNDARINNAR.....	12
3.1. INNGANGUR.....	12
3.2. KYNGREINDAR HAGTÖLUR OG UPPLÝSINGAR	13
3.3. ÓFORMLEG KÖNNUN OG NIÐURSTÖÐUR HENNA	14
3.4. ÚRTAKSKÖNNUN.....	15
3.5. FRAMKVÆMD OG HEIMTUR ÚRTAKSKÖNNUNAR.....	16
3.6. SAMSTARFSMAÐUR MAKA/SKYLDULIÐ.....	18
4. SÉRSTAÐA ATVINNUREKSTRAR KVENNA	18
4.1. INNGANGUR.....	18
4.2. LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI (LMF)	19
4.3. HEIMILDIR UM SÉRSTÖÐU	20
4.3.1. <i>Fæð kvennafyrirtækja</i>	20
4.3.2. <i>Atvinnurekstrarsvið</i>	22
4.3.3. <i>Lífaldur</i>	25
4.3.4. <i>Stærðir kvennafyrirtækja</i>	26
4.3.5. <i>Vinnutími</i>	29
4.3.6. <i>Fjármögnun atvinnurekstrar</i>	32
4.3.7. <i>Rekstrarform</i>	34
4.4. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR.....	35
5. VIÐHORF KVENNA TIL SJÁLFSTÆÐS ATVINNUREKSTRAR, HINDRANA OG SÉRSTAKS STUÐNINGS.....	35
5.1. INNGANGUR.....	35
5.2. AF HVERJU HEFJA KONUR ATVINNUREKSTUR OG AÐ HVERJU STEFNA ÞÆR?	36
5.2.1. <i>Forsendur eigin atvinnurekstrar</i>	36
5.2.2. <i>Framtíðarsýn í eigin atvinnurekstri</i>	39
5.3. ERU KYNBUNDNAR HINDRANIR Á VEGI KVENNA Í ATVINNUREKSTRI?.....	40
5.3.1. <i>Aðgangur kvenna að styrkjum, lánum, faglegri ráðgjöf um rekstur fyrirtækja og stuðningi</i>	40
5.3.2. <i>Ýmsar afhæfingar um konur í atvinnurekstri</i>	47
5.3.3. <i>Viðhorf til sérstakra stuðningsaðgerða</i>	49
5.3.4. <i>Geta verið kynbundnar hindranir á vegi kvenna í atvinnurekstri?</i>	51
5.4. VILJA KONUR AÐ SÉRSTAKLEGA SÉ STUTT VIÐ ÞÆR OG ÞÁ Á HVADA FORSENDUM?	53
5.4.1. <i>Afstaða til sérstaks stuðnings við konur í atvinnurekstri</i>	53
5.4.2. <i>Forsendur stuðningsaðgerða – hvers vegna ætti að styðja konur sérstaklega?</i>	53
5.5. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR.....	55
6. SÉRSTAKAR AÐGERÐIR TIL STUÐNINGS ATVINNUREKSTRI KVENNA	56
6.1. INNGANGUR.....	56
6.2. AÐGERÐIR ERLENDIS.....	57
6.2.1. <i>Norðurlönd</i>	57

6.2.2. Aðgerðir á vegum ESB.....	60
6.2.3. Bandaríkin og Kanada.....	61
6.2.4. Samantekt.....	62
6.3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR FJÓLÞJÓÐLEGRA RÁÐSTEFNA UM ATVINNUREKSTUR KVENNA.....	63
6.4. AÐGERÐIR HÉRLendis.....	65
6.4.1. Inngangur.....	65
6.4.2. Stuðnings- og þjónustuumhverfi nýsköpunar og atvinnuppbyggingar.....	66
6.4.3. Not kvenna af almennum stuðningsúrráðum.....	69
6.5. SÉRSTAKAR STUÐNINGSÁÐGERÐIR VIÐ ATVINNUREKSTUR KVENNA.....	70
6.6. MAT Á STUÐNINGSÁÐGERÐUM Í ÞÁGU ATVINNUREKSTRAR KVENNA.....	73
HEIMILDIR.....	74

Inngangur

Hugmyndin um sérstakar stuðningsaðgerðir við atvinnurekstur kvenna vísar til þess að einhverra úrbóta sé þörf og það viðfangsefni að meta hvort þörf sé á slíkum stuðningsaðgerðum vekur spurningar um hvaða hagsmunum þær eigi að þjóna.

Mat á hlutverki stjórnvalda skiptir í þessu tilviki máli, bæði hvert það sé og hversu stórt það eigi að vera. Eitt meginmarkmið stjórnvalda á sviði efnahagsmála er að stuðla að aukinni hagsæld og bættum lífskjörum. Forsenda þess er að atvinnulífið skapi aukin verðmæti, aukna samkeppnishæfa atvinnu og auki nýsköpun þar sem bætt framleiðni skipar veigamikinn sess. Stjórnvöld geta með margvíslegum aðgerðum stuðlað að aukinni samkeppnishæfni og framþróun atvinnulífs, bæði með hefðbundnum efnahagsaðgerðum svo og stuðningsaðgerðum sem varða samkeppni fyrirtækja, s.s. aðgerðum sem beinast að ráðgjöf og fræðslu og að stuðningi við vörubrún og útflutning.

Efnahags- og atvinnustefna á Íslandi hefur á undanförunum árum þróast í átt til aukins frjálsræðis og meiri samkeppni. Stjórnvöld hafa horfið frá sérstökum stuðningi við einstök fyrirtæki og atvinnugreinar yfir í almenna aðstoð í formi upplýsingamiðlunar og styrkja til þróunar- og rannsóknarverkefna. Almennar aðgerðir stjórnvalda hafa beinst að því að hafa heildstæð áhrif á atvinnurekstur og skatta- og lagaumhverfi fyrirtækja hefur verið einfaldað sem leitt hefur til þess að rekstrarumhverfi fyrirtækja hefur batnað.

Á síðustu árum hefur athygli manna, bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu, beinst í ríkari mæli að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og þýðingu þeirra fyrir efnahagslífið, sérstaklega með tilliti til atvinnusköpunar. Innan Evrópusambandsins hefur verið lögð aukin áhersla á að rannsaka starfsskilyrði þessara fyrirtækja í því skyni að að ýta undir vöxt og viðgang þeirra. Þá hefur komið á daginn, þrátt fyrir skort á kyngreindum hagtölum annars staðar í Evrópu jafnt og hérlendis, að konur reka og/eða eiga einungis 20-30% lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Vegna þessa hefur starfsskilyrðum þeirra verið sérstakur gaumur gefinn, enda talið að þar sé að finna vaxtarbrodd fyrir atvinnulífið sem vert sé að ýta undir og styðja sérstaklega.

Á undanförunum árum hefur konum í atvinnurekstri hér á landi staðið til boða ákveðnar stuðningsaðgerðir. Aðgerðunum hefur verið ætlað að þjóna hagsmunum tengdum konum. Samkvæmt yfirliti yfir þessar aðgerðir kemur í ljós að byggt hefur verið á mismunandi forsendum og stefnt að ólíkum markmiðum. Þannig hafa markmið stuðningsaðgerða ýmist verið að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna, fjölgun atvinnutækifæra kvenna og að treysta búsetu í dreifbýli. Í samræmi við þetta hafa viðhorfin mótast til stuðningsaðgerða í þágu atvinnurekstrar kvenna, t.d. af mismunandi afstöðu til leiða í jafnréttisbaráttunni og réttmætis byggðastefnu, en lítill gaumur verið gefinn þýðingu þeirra fyrir hagsmuni atvinnulífsins.

Nefndin telur að árangur stuðningsaðgerða hljóti að velta mjög á því á hvaða forsendum þörfin fyrir þær er metin. Skýrar forsendur opni auk þess leið fyrir markmiðssetningar og árangursmat. Hún taldi því vert að huga að mismunandi forsendum og ákveða á hverri þeirra hún byggði mat sitt. Um þetta er fjallað í 1.

kafla skýrslunnar. Í 2. kafla skýrslunnar eru helstu niðurstöður og tillögur nefndarinnar.

Í 3. kafla er gerð grein fyrir könnunum nefndarinnar og framkvæmd þeirra og heimtum. Í 4. kafla er skoðuð ætluð sérstaða kvennafyrirtækja en „þarfir“ kvenna og viðhorf eru viðfangsefni 5. kafla. Í 6. kafla er stutt yfirlit yfir aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri kvenna erlendis ásamt niðurstöðum helstu fjölþjóðlegra ráðstefna. Þá er stutt umfjöllun um stuðning við atvinnurekstur hér á landi. Annars vegar er gerð grein fyrir ókynbundnum stuðningi og hins vegar sérstökum stuðningsaðgerðum í þágu kvenna og mati nefndarinnar á þeim.

1. Forsendur fyrir mati á þörf sértækra stuðningsaðgerða

Nefndina skipa ekki fulltrúar annarra ráðuneyta en iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta og henni er í skipunarbréfi bent á þá stefnu ráðuneytanna að sameina stuðningsaðgerðir þeirra við atvinnulífið undir einni yfirstjórn í verkefninu „Átak til atvinnusköpunar“. Því má segja að nefndinni hafi verið gefnar ákveðnar forsendur fyrir efni og gerð tillagna um aðgerðir eða tillögum hennar markaður ákveðinn rammi.

Nefndin taldi það hins vegar nauðsynlegan grunn að starfi sínu að *ákvarða forsendu fyrir mati á þörf fyrir sérstakan stuðning* og að í því fælist jafnframt að skoða og taka afstöðu til þess *hvaða hagsmunum stuðningur við atvinnurekstur kvenna væri ætlað að þjóna*. Nefndin leit svo á að þetta legði grunn jafnt að efni hugsanlegra tillagna og markmiðssetningu aðgerða og mati á árangri síðar. Síðast en ekki síst áleit nefndin að þetta gæti skipt miklu máli fyrir viðhorf til hugsanlegra aðgerða, sem réðu miklu um árangur þeirra.

Hér á eftir verður vikið að nokkrum þeim forsendum sem hugað var að og gerð grein fyrir þeirri meginforsendu sem nefndin kaus að byggja mat sitt á.

1.1. Jafnrétti kynjanna

Í umfjöllunum um sérstakan stuðning við atvinnurekstur kvenna hefur bæði héraðs og erlendis einna mest borið á umræðu tengdri jafnréttismálum og aðgerðum til að ná fram jöfnum rétti karla og kvenna. Í samræmi við það virðist algengasta forsendan fyrir stuðningsaðgerðum við konur í atvinnurekstri vera sú að þær stuðli að auknu **jafnrétti kynjanna**. Víða hefur verið lögð rík áhersla á að mikilvægur þáttur í því að auka jafnrétti kynjanna sé að jafna hlut karla og kvenna í stjórn fjármálastofnana og auka þátt kvenna í mótun almennrar efnahagsstefnu. Ein leiðin til þess sé að stuðla að auknum hlut kvenna í atvinnurekstri. Ef hlutur kvenna í atvinnurekstri aukist þá aukist líkurnar á því að þær komist til áhrifa í stjórn fjármálastofnana og við mótun efnahagsstefnu og öfugt: Aukinn hlutur kvenna í mótun efnahagsstefnu og í stjórn fjármálastofnana eigi að stuðla að bættri stöðu kvenna til þess að stunda atvinnurekstur.

Samkvæmt framansögðu þjóna jafnréttishagsmunum hvers konar árangursríkar aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri kvenna. Þetta er hins vegar umdeilt og því oft haldið fram jafnt af konum sem körlum að það sé jafnrétti kynjanna síst til framdráttar að skipa konum í einsleitán hóp sem þarfnist stuðnings. Eins virðast aðgerðir í nafni jafnréttis oft frekar gefa til kynna að konum sé í einhverju áfátt frekar en jafnréttinu eða aðstæðum í efnahagslífinu.

Í þessu samhengi er vert að geta samþættingarleiðarinnar („mainstreaming“) sem er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Í henni felst að jafnréttissjónarmið skuli samþætt allri opinberri stefnumótun, ákvarðanatöku og aðgerðum á vegum ríkisins. Þessa stefnu er m.a. að finna í „Þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna“ sem samþykkt var á Alþingi þann 28. maí 1998 og í „Samstarfsáætlun Norðurlanda í jafnréttismálum 1995-2000“.

Í síðar nefndri áætluninni segir að forgangsverkefni norrænu ráðherranefndarinnar séu að beina samstarfinu að starfsemi sem stuðli að jöfnun aðgangi karla og kvenna að ákvarðanatöku í stjórnámálum og efnahagsmálum, jafnri stöðu kynjanna í atvinnulífinu og gefi konum og körlum bætt tækifæri til að sameina foreldrahlutverk og launavinnu. Í fjórðu jafnréttisáætlun Evrópuráðsins sem Ísland er aðili að og tók gildi þann 1. janúar 1996 eru sömu línur lagðar. Þar segir m.a. að þær aðgerðir sem njóti stuðnings verði að snerta eitt eða fleira af fimm sviðum sem þar eru talin, þ.m.t. er samþætting jafnréttishorns inn í alla almenna stefnumótun og atvinnu- og vinnumarkaðsmál.

Loks má vísa til þess hluta Pekingáætlunarinnar í jafnréttismálum, sem fjallar um konur, efnahag og atvinnulíf (F-hluti, 4. kafla). Þar er fjallað um ýmis svið þar sem hlutur kvenna er of lítill svo sem hlutur þeirra við mótun og ákvarðanatöku almennrar efnahagsstefnu, í viðskiptalífinu, í fyrirtækjarekstri og stjórnun fyrirtækja svo og rýrari atvinnutækifæra þeirra m.t.t. atvinnuleysis.

Með sérstökum stuðningsaðgerðum við atvinnurekstur kvenna má samkvæmt tilvitnuðum áætlunum segja að stjórnvöld væru einungis að framfylgja hluta stefnu sinnar í jafnréttismálum.

Nefndin er sammála um ríka þörf á auknu jafnrétti og mikið vægi þess. Hún hafnar því hins vegar að byggja á jafnréttissjónarmiðum sem meginforsendu fyrir mati sínu á þörf sérstakra aðgerða.

1.2. Hagsmunir fjölskyldunnar

Hagsmunir fjölskyldunnar tengjast jafnrétti kynjanna og til þeirra má líta sem forsendu við mat á þörf sértækra stuðningsaðgerða. Í þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar, sem var samþykkt á Alþingi í maí 1997, er að finna rök fyrir þessu. Þar segir að meginmarkmið fjölskyldustefnu séu að efla fjölskylduna í nútímapjódfélagi. Verkefni hennar séu margþætt og snerti öll svið þjóðlífsins. Hún spanni því nánast öll svið opinberrar stjórnsýslu. Í ályktuninni segir og að ein meginforsendan sem fjölskyldustefnan skuli taka mið af sé að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti

karla og kvenna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar.

Þótt í þessari þingsályktun sé sagt að verkefni fjölskyldustefnu snerti öll svið þjóðlífsins, líkt og sagt er í áður nefndri ályktun, um framkvæmdaáætlun um aðgerðir í jafnréttismálum, þá er ekki í þingsályktun um fjölskyldustefnu kveðið á um samþættingu við alla opinbera stefnumótun, ákvarðanatöku og aðgerðir á vegum ríkisins, eins og segir að gert skuli með jafnréttissjónarmið.

Í reynd virðast konur almennt taka meira tillit til þarfa fjölskyldunnar og barna gagnvart launuðum störfum en því má ekki gleyma að kynbundið launamisrétti ræður miklu um það viðhorf kvenna. Það ræður einnig ákvörðun margra kvenna um að hefja sjálfstæðan atvinnurekstur að þær vonast til að geta sveigt vinnutíma sinn að þörfum fjölskyldunnar. Á hinn bóginn má ætla að vegna fjölskylduábyrgðar kjósi margar konur fremur stöðu launþega, vegna þess að eigin atvinnurekstur sé meira krefjandi. Þótt sjálfstæðið geti boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma þá er hætt við að ekki verði við ráðið að vinnutími verði óhóflega langur auk fjárhagslegu áhættunnar sem rekstri getur fylgt og sem konur eru sagðar tregari til að taka. Afstaða kvenna til fjölskylduábyrgðar takmarkar vissulega möguleika þeirra til þátttöku í atvinnurekstri. Eðlilegast virðist að líta á þessa afstöðu sem kost fremur en galla, í ljósi þeirra þjóðhagslegu verðmæta sem konur standa vörð um og felast í börnum og fjölskyldunni.

Nauðsynlegt þykir því við mat á þörf sérstakra aðgerða að líta til hagsmuna fjölskyldunnar því afstaða til ábyrgðar á fjölskyldunni og verkaskiptingar innan hennar ræður að verulegu leyti ójafnri stöðu karla og kvenna í atvinnurekstri jafnt og í atvinnulífinu almennt. Því má heldur ekki gleyma að umönnun og rækt fjölskyldunnar er ekki bara skylda heldur réttur beggja, karla og kvenna.

1.3. Atvinnuleysi kvenna

Atvinnuleysi kvenna er forsenda sem sérstakar stuðningsaðgerðir byggjast gjarnan á með einum eða öðrum hætti. Þá er stuðningur við atvinnurekstur kvenna talinn þjóna þeim hagsmunum að draga úr atvinnuleysi og stuðla að bættri efnahagslegri stöðu þeirra. Annars vegar þannig að stuðningurinn leiði til þess að konur hefji eigin atvinnurekstur, eða með óbeinum hætti þannig að eigin atvinnurekstri fylgi hærri laun, kvenatvinnurekendur ráði konur frekar til starfa og atvinnutækifærum kvenna fjölgi.

Hvernig sem á það er litið þá hlýtur stuðningur sem skilar sér í auknum atvinnurekstri kvenna að vinna gegn atvinnuleysi og þjónar því þeim hagsmunum. Á hinn bóginn er vert að leggja áherslu á að hvorki eiga allar konur né allir karlar erindi í sjálfstæðan atvinnurekstur.

1.4. Byggðasjónarmið

Í tengslum við atvinnuleysi kvenna sem forsendu kynbundinna, sérstakra stuðningsaðgerða er vert að nefna **byggðasjónarmið**. Bæði hérlendis og erlendis eru mörg dæmi um stuðningsaðgerðir í þágu atvinnurekstrar kvenna sem ætlað er að stemma stigu við byggðaröskun. Augljóst má vera að konur í dreifbýli búa ekki

við sömu atvinnumöguleika og konur í þéttbýli. Aðstæður kvenna til að stunda eigin atvinnurekstur eru einnig ólíkar eftir búsetu og takmarkaðri í dreifbýli og á smærri þéttbýlisstöðum. Í ljósi byggðastefnu ber að tryggja að konur í dreifbýli beri ekki skarðan hlut frá borði gagnvart konum í þéttbýli. Nefndin leggur ríka áherslu á að búseta ræður miklu við mat á því hvaða stuðningsaðgerða er þörf og hverjar séu líklegar til árangurs.

1.5. Hagsmunir efnahagslífsins - meginforsenda nefndarinnar.

Vert er að byggja á öllum framangreindum sjónarmiðum eða hagsmunum sem forsendum fyrir mati á þörf fyrir sérstakar stuðningsaðgerðir við atvinnurekstur kvenna. Sú meginforsenda sem nefndin var þó einhuga um að byggja mat sitt á var að starfskraftar kvenna væru auðlind og að stuðningur við atvinnurekstur þeirra þjónaði hagsmunum efnahagslífsins. Þau sjónarmið sem nefndin byggði það val sitt á eru eftirfarandi:

Konur hafa s.l. ár verið taldar eiga og/eða reka innan við fjórðung allra fyrirtækja hérlendis. Því er ljóst að kraftar þeirra til nýsköpunar og eflingar efnahagslífsins nýtast ekki til jafns við krafta karla. Á síðustu árum hefur litlum og meðalstórum fyrirtækjum verið meiri gaumur gefinn en löngum fyrr og þjóðhagslegt mikilvægi þeirra viðurkennt ekki síst með tilliti til atvinnusköpunar. Að því gefnu að konur einbeiti sér frekar að rekstri minni fyrirtækja er stuðningur við atvinnurekstur þeirra mikilvægur liður í því að efla atvinnulífið. Að því marki sem konur hasla sér völl á óhefðbundnum sviðum atvinnurekstrar þá er stuðningur mikilvægur til að draga úr einhæfni og auka nýsköpun.

Það kemur ekki á óvart þótt einhverjir haldi því fram að fyrir hagsmuni atvinnulífsins gildi einu hvort karlar eða konur fullnægi þörf þess fyrir fjölgun eða eflingun fyrirtækja. Svar nefndarinnar við slíkum viðhorfum er þrjúþætt:

Í fyrsta lagi vegna fæðar fyrirtækja kvenna má ætla að á meðal kvenna sé frekar óþægður akur fólks með menntun, vilja, getu og hæfileika til atvinnurekstrar heldur en meðal karla.

Í öðru lagi hafa kannanir leitt í ljós að konur standa betur í skilum með skuldbindingar sínar en karlar.¹ Í skýrslu Seðlabanka Íslands, sem gerð var að beiðni félagsmálaráðherra um skuldastöðu heimila og einstaklinga, er að finna upplýsingar sem þetta varða. Þar kemur fram að þeir sem hafa meira en helming tekna sinna af eigin atvinnurekstri skera sig lítið úr heildarhópnum hvað varðar fjárhæðir skulda, en vanskil þeirra sem stunda eigin atvinnurekstur eru heldur meiri en launþega. Þegar niðurstöður eru skoðaðar með tilliti til kyns, kemur í ljós að skuldir einstæðra kvenna eru meiri en einstæðra karla en aftur á móti eru vanskil meiri hjá körlum. Þetta á jafnt við um atvinnurekendur og launþega. Samkvæmt þessum niðurstöðum má halda því fram að konur séu almennt traustari viðskiptavinir lánastofnana. Í þessu sambandi má einnig horfa til athyglisverðrar

¹ Skuldir og vanskil einstaklinga. Seðlabanki Íslands. Mars 1997.

skýrslu Aflvaka hf. um nýgengi og gjaldþrot fyrirtækja². Þar kemur fram að í úrtakshópi þeirrar könnunar voru einungis 8% konur. Fyrirfram hefði mátt ætla að hlutfall þeirra í úrtakshópnum yrði hærra og jafnvel umfram fjórðung vegna þess að fyrirtæki þeirra eru almennt í þjónustugreinum sem búa við erfiðari samkeppnisskilyrði en framleiðslufyrirtæki. Auk þess eru þau almennt talin smærri og skila minni hagnaði en fyrirtæki karla.

Í þriðja lagi eru viðhorf og reynsla kvenna efnahagslífinu til gagns eins og öðrum þáttum þjóðfélagsins.

Konur eru almennt sammála um að atvinnurekstur kvenna þarfnist stuðnings þótt mismunandi viðhorf séu til þess hvaða stuðningur komi helst að gagni. Konur eru hins vegar mjög ósammála um hvort sérstuðningur í þágu kvenna sé jafnréttisbaráttunni til framdráttar. Konur líta líka fjölskylduábyrgð mismunandi augum. Með því að leggja hagsmuni efnahagslífsins til grundvallar mati á þörf er komist hjá árekstrum á milli mismunandi viðhorfa og leiða í jafnréttisbaráttunni. Einnig er komist hjá því að steyta á mismunandi sjónarmiðum um hlutverk kvenna og verkaskiptingu innan fjölskyldunnar.

Ríkisvaldið er talið þurfa að bæta fyrirtækjum á landsbyggðinni upp það óhagræði sem þau hafi af staðsetningu sinni.³ Ef gengið er út frá því að staða kvenna gagnvart möguleikum í atvinnurekstri sé verri en staða karla, má þá ekki á sama hátt segja að ríkisvaldinu beri að bæta konum upp það óhagræði sem þær hafi af kyni sínu og þeirri félagslegu stöðu sem því fylgi? Í sama skilningi búa konur á landsbyggðinni við tvöfalt óhagræði gagnvart atvinnurekstri.

Aðgerðir sem eru til þess fallnar að styrkja stöðu kvenna með hagsmuni efnahagslífsins að leiðarljósi ættu skv. þeim jafnréttisáætlunum sem vísað er til hér að framan, að leiða til bættrar efnahagslegrar stöðu þeirra og aukins launajafnréttis. Ætla verður að það skili sér í möguleikum á jafnri verkaskiptingu karla og kvenna á heimilum og bættum hag fjölskyldunnar.

Með vísan til framangreinds þá telur nefndin að engin ástæða sé til að tala um sérþarfir kvenna sem frávik frá almennum þörfum atvinnulífsins sem taka mið af körlum. Á sama hátt séu engar ástæður til að flokka stuðning við atvinnurekstur þeirra sem sérstakan eða sértækan. Viðhorf kvenna til atvinnurekstrar og verkaskiptingar milli starfs og heimilis ber að virða og styðja, og skilgreina og kynna stuðning við þær sem hvata í þágu efnahagslífsins. Mikilvægur þáttur í því að tryggja árangur stuðningsaðgerða er að fjallað sé um þær og atvinnurekstur kvenna almennt með jákvæðum formerkjum.

Í þessu samhengi má loks vísa til fyrrnefndrar Samstarfsáætlunar Norðurlandanna í jafnréttismálum 1995-2000, þar sem segir að samþætting sé lykilatriði í starfi að jafnréttismálum á Norðurlöndunum. Í því felst að leggja verður þekkingu, reynslu, þarfir og skoðanir kvenna og karla til grundvallar við stefnumótun á öllum sviðum samfélagsins. Ætlar nefndin að atvinnustefna stjórnvalda falli þar undir.

² Nýgengi og gjaldþrot fyrirtækja 1985-1995. Félagsvísindastofnun fyrir Aflvaka hf. maí 1996.

³ Breyttar áherslur í byggðamálum. Skýrsla Byggðastofnunar, október 1994 bls. 71.

2. Helstu niðurstöður og tillögur

Nefndinni var falið það meginverkefni að meta þörf á sérstökum stuðningsaðgerðum við atvinnurekstur kvenna. Niðurstaða nefndarinnar er sú að stuðnings sé þörf.

Við mat nefndarinnar var aðallega stuðst við:

- * Niðurstöður úrtakskönnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi fyrir nefndina á stöðu kvennafyrirtækja, viðhorfum kvenna til eigin atvinnurekstrar og sérstakra stuðningsaðgerða.
- * Erlendar heimildir þ.m.t. um sérstakar stuðningsaðgerðir erlendis og skoðun nefndarinnar á þeim með hliðsjón af aðstæðum hérlendis.
- * Upplýsingar um almennar og sérstakar stuðningsaðgerðir hérlendis og rýni nefndarinnar á not kvenatvinnurekenda af þeim.

Mat nefndarinnar byggir á þeirri meginforsendu að starfskraftar kvenna í eigin atvinnurekstri séu vannýtt auðlind og að stuðningur sem leiði til fjölgunar og eflingar fyrirtækja kvenna þjóni hagsmunum efnahagslífsins. Skýrar forsendur eru nauðsynlegur grundvöllur þess að setja markmið og meta árangur.

Árangursríkar stuðningsaðgerðir við atvinnurekstur kvenna á forsendum hagsmuna efnahagslífsins sem efla atvinnurekstur og styrkja stöðu kvenna þjóna jafnframt jafnréttis- og fjölskylduhagsmunum, efla atvinnuþróun og geta hamlað byggðaröskun.

2.1. Niðurstöður

Fæð fyrirtækja kvenna

Konur reka ekki nema um 18% íslenskra fyrirtækja. Þau eru í öllum greinum atvinnurekstrar og af öllum stærðum en hlutfallslega flest á sviði verslunar og þjónustu.

Félagslegar aðstæður og fjölskylduábyrgð

Nefndin telur það hvorki þjóna neinum tilgangi né hagsmunum að tala um sérþarfir kvenna eða sérstöðu fyrirtækja þeirra. Slík orðnotkun gefi til kynna að konum sé að einhverju leyti áfátt frekar en umhverfi atvinnurekstrar sem þær búa við. Félagslegar aðstæður kvenna vegna fjölskylduábyrgðar eru veigamesta ástæða þess að konur standa verr að vígi gagnvart eigin atvinnurekstri en karlar. Það er hefðbundið hlutverk kvenna að standa vörð um þau þjóðhagslegu verðmæti sem felast í börnum og fjölskyldunni. Konur telja góða þjónustu leikskóla og lengdan og samfelldan skólalag einna mikilvægast til þess að auðvelda þeim að stunda eigin atvinnurekstur. Konur hafa um árabil leitast við að samhæfa fjölskyldulíf þátttöku sinni í atvinnulífinu. Umhverfi og starfsskilyrði eigin atvinnurekstrar líkt og launþega taka á hinn bóginn enn mið af aðstæðum karla. Nær sé að tala um sérstöðu karla, þá að þurfa ekki að sníða atvinnu sína að umönnun barna og

fjölskyldu.

Langur vinnudagur

Heildarvinnutími kvenna sem stunda eigin atvinnurekstur er langur. Rúmlega 40% vinna 60-79 klst. á viku og 30% vinna 80 klst. eða meira.

Minna sjálfstraust og hræðsla við fjárhagslega áhættu

Konur eru hræddari við að taka fjárhagslega áhættu en karlar og þær eru tregari til þess að veðsetja heimili sín til að fjármagna atvinnurekstur vegna afstöðu sinnar til fjölskyldunnar og ábyrgðar á henni. Konur eru almennt sammála um að þær hafi minna sjálfstraust til þess að stofna og reka eigin fyrirtæki.

Lakari aðgangur að styrkjum og lánum

Það er viðhorf meirihluta kvenna að þær hafi lakari aðgang en karlar að styrkjum og lánum til atvinnurekstrar. Þetta viðhorf kvenna er í sjálfu sér hindrun. Konur sem telja sig ekki sitja við sama borð og karlar reyna jafnvel ekki að nálgast þann stuðning sem þó stendur til boða.

Stuðningur stjórnvalda við atvinnurekstur kvenna

Meirihluti kvenna telur æskilegt að stjórnvöld styðji sérstaklega við konur í atvinnurekstri. Nær allar eru sammála um að forsendur stuðnings eigi að vera þær:

- * Að kraftar kvenna til eflingar atvinnulífsins nýtist sem best.
- * Að stuðningur stuðli að auknum áhrifum kvenna í atvinnulífinu.
- * Að stuðningur geti bætt efnahagslega stöðu kvenna.

Not kvenna af stuðningsaðgerðum

Fæstir stuðningsaðilar atvinnurekstrar styðja fyrirtæki í verslun og þjónustu þar sem konur eru hlutfallslega flestar. Not kvenna af stuðningsaðgerðum hafa takmarkast af verkefnavali stuðningsaðila og áherslu þeirra á „nýsköpun“ og „frumkvöðlastarfsemi“ sem síður er talið falla að verslunar- og þjónustugreinum. Ekki er síður nauðsynlegt að stuðla að eflingu starfandi fyrirtækja og atvinnusköpun þeirra.

Forsendur stuðningsaðgerða sem sérstaklega eru ætlaðar konum hafa fyrst og fremst verið að hamla gegn byggðaröskun og atvinnuleysi kvenna. Þannig hefur ekki nema að litlu leyti verið um eiginlegan stuðning við atvinnurekstur að ræða. Skort hefur skýrar forsendur, mælanleg markmið og eftirfylgni til þess að mögulegt hafi verið að meta árangur aðgerða. Flest þessara verkefna hafa verið skammtímaverkefni og lágum fjárhæðum verið varið til þeirra.

Kyngreindar upplýsingar

Skortur á kyngreindum upplýsingum á sviði atvinnurekstrar kemur í veg fyrir að hægt sé að byggja á staðreyndum, bæði við ákvarðanir um markvissar stuðningsaðgerðir og mælingar á árangri þeirra. Ávinningur af skráningu kyngreindra hagtalna er augljós, ekki síst við stefnumótun stjórnvalda í atvinnumálum.

2.2. Tillögur

Eigi efnahagslífinu að nýtast betur sú auðlind sem starfskraftar kvenna eru, verður að grípa til aðgerða sem hafi það markmið að fjölga kvenatvinnurekendum og efla þau fyrirtæki kvenna sem fyrir eru. Stuðningsaðgerðir þurfa að hafa þá ásjón að þeim sé ætlað að vera til hagsbóta og eflingar atvinnulífi og að eiginn atvinnurekstur sé æskilegur og raunhæfur valkostur beggja kynja. Nauðsynlegt er að atvinnulífið lagi sig að aðstæðum kvenna og taki meira mið af fjölskylduábyrgð. Nefndin leggur til eftirfarandi leiðir sem grunn að úrbótum:

Miðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

Komið verði á fót miðstöð fyrir atvinnurekendum sem lúti stjórn skipaðri jafnt körlum og konum. Miðstöðin sinni m.a. eftirfarandi verkefnum:

- * Upplýsingaþjónusta um atvinnurekstur þar sem fánlegar eru allar upplýsingar og þjónusta á einum stað, s.s. um stofnun fyrirtækja, fjármögnun þeirra og rekstur (one stop shop).
- * Markvissri söfnun upplýsinga og úrvinnslu gagna með það að markmiði að hægt sé að greina vandamál og þarfir atvinnurekstrar.
- * Vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld um stuðningsaðgerðir við atvinnurekstur.
- * Hafa yfirlit yfir þau stuðningsúrræði sem í boði eru á hverjum tíma og vinna að samræmingu þeirra.
- * Annast framkvæmd sérstakra stuðningsverkefna til lengri eða skemmri tíma.
- * Hafa umsjón með gerð fræðsluefnis um LMF og tengsl við skóla og aðrar menntastofnanir.
- * Vera vettvangur samstarfs þeirra aðila sem starfa að málefnum LMF.

Sérstakur stuðningur upplýsingamiðstöðvar LMF við atvinnurekstur kvenna

- * Kvennafyrirtæki verði ekki öll sett undir einn hatt. Gert verði ráð fyrir mismunandi þörfum fyrirtækja kvenna s.s. eftir atvinnugrein og stærð.
- * Gefinn verði sérstakur gaumur að stöðu atvinnurekstrar kvenna á forsendum félagslegrar stöðu þeirra og gilda sem konur standa fyrir.
- * Tryggt sé að sérstakir starfsmenn sérhæfi sig í atvinnurekstri kvenna og ráðgjöf til þeirra.
- * Greinum þar sem konur eru fjölmennastar verði gefið aukið vægi og tekið sérstakt mið af þeim við verkefnaval.
- * Konur séu hvattar sérstaklega til að hasla sér völl í hefðbundnum karlagreinum atvinnurekstrar.
- * Konum standi til boða sérstök námskeið sem taki mið af mismunandi stöðu og stærðum fyrirtækja þeirra.

Tengslanet

Komið verði á fót tengslaneti fyrir konur í atvinnurekstri með fjárstuðningi

stjórnvalda sem tryggja starfrækslu þess fyrstu árin. Starfsemin verði m.a. fólgin í útgáfu fréttabréfa, námskeiða- og fundahaldi og annarri fræðslu- og upplýsingastarfsemi. Markmiðið er að efla samvinnu og samstöðu kvenna í atvinnurekstri meðal annars með það fyrir augum að þær myndi áhugaverðan markhóp fyrir banka og aðrar lánastofnanir. Tryggja þarf samstarf upplýsingamiðstöðvar LMF og tengslanets kvenna í atvinnurekstri.

Efling Lánatryggingasjóðs kvenna

Efla þarf Lánatryggingasjóð kvenna. Konur í atvinnurekstri eru tregari en karlar til að taka fjárhagslega áhættu sem getur stefnt öryggi fjöldskyldunnar í tvísýnu. Lánatryggingasjóður kvenna tekur mið af þessum viðhorfum. Öflug og farsæl starfsemi sjóðsins getur stuðlað að því að lánastofnanir taki sér sjóðinn til fyrirmyndar og horfi í ríkara mæli til arðsemi viðskiptahugmynda og trygginga í þeim en til fasteignaveða.

Stuðningur við konur með það að markmiði að hamla byggðaröskun og atvinnuleysi og auka jafnrétti

Ofangreindar tillögur um stuðning við atvinnurekstur kvenna miðast við að haldið verði áfram öðrum aðgerðum til stuðnings konum sem enda byggjast á öðrum fullgildum forsendum.

Nefndin lítur svo á að ofangreindar tillögur séu í anda **sambættingarleidarinnar** („mainstreaming“), sem er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

3. Kannanir nefndarinnar

3.1. Inngangur

Könnun nefndarinnar var samkvæmt skipunarbréfi ætlað að taka til **viðhorfa kvenna í fyrirtækjarekstri** til sérstakra stuðningsaðgerða. Í ljós kom rík þörf fyrir að afla víðtækari upplýsinga um konur í atvinnurekstri, meðal annars vegna skorts á kyngreindum hagtölum, svo sem nánar er gerð grein fyrir hér aftar. Könnun nefndarinnar var tvískipt; annars vegar formleg úrtakskönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands var falið að framkvæma og hins vegar óformleg könnun í formi viðtala.

Meðan nefndin vann að gerð spurningalista úrtakskönnunarinnar voru spurningadrög send til umsagnar nokkurra atvinnuráðgjafa svo og Skrifstofu jafnréttismála. Jafnframt boðaði nefndin í viðtöl ýmsar konur, bæði sem stunda atvinnurekstur og sem reynslu hafa af stuðningi við konur í atvinnurekstri. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi var tvíþætt: Annar vegar að fá vísbendingar um framsetningu, efni og gerð spurninga. Hins vegar að fá fram nánari viðhorf og afstöðu til ýmissa atriða, svo sem til mögulegra hindrana á vegi kvenna í atvinnurekstri og til sérstakra stuðningsaðgerða og gildis þeirra, heldur en unnt er með stöðluðum spurningum í úrtakskönnun. Margar vísbendingar sem að gagni komu fengust í þessum viðtölum sem leiddu til lagfæringa á spurningalista nefndarinnar.

Rétt þykir áður en nánari grein er gerð fyrir óformlegu könnuninni og helstu niðurstöðum hennar (3.3.), hinni formlegu úrtakskönnun (3.4.) og framkvæmd hennar og heimtum (3.5.) að gera nokkra grein fyrir nauðsyn kyngreindra hagtalna og upplýsinga.

3.2. Kyngreindar hagtölur og upplýsingar

Vegna skorts hérlendis á kyngreindum hagtölum og upplýsingum á sviði atvinnurekstrar varð úrtakskönnun nefndarinnar viðameiri en til stóð enda taldi nefndin nauðsynlegt m.a. með tilliti til ætlaðrar sérstöðu kvenna í atvinnurekstri og atvinnurekstrar þeirra að fá upplýsingar um atriði sem talin eru skapa sérstöðu.

Ávinningurinn af skráningu kyngreindra hagtalna er augljós enda má ætla að þær séu nauðsynlegur grundvöllur fyrir samþættingarstefnuna í jafnréttismálum og stefnumótun stjórnvalda ekki síst í atvinnumálum. Á þetta er lögð áhersla í „The European Observatory for SMEs“, fjórðu ársskýrslunni 1996, þar sem í einum kafla úttektarinnar er sérstök umfjöllun um konur og lítil og meðalstór fyrirtæki. Þar segir að ógjörningur sé að afla upplýsinga um kyn úr ákveðnun skrá. Sé það ýmist vegna skorts á greiningu kyns við skráningar eða vegna sjónarmiða um persónuvernd sem gæti meira í sumum löndum en öðrum. Við þessum skorti sé brugðist með könnunum, ýmist sem framkvæmdar séu reglulega eða af sérstöku tilefni. Þannig hafi verið farið að í nokkrum þeirra landa sem að úttektinni standa. Ísland er eitt þessara landa og vegna þátttöku Þjóðhagsstofnunar í verkefninu, í samstarfi við önnur EES-ríki, gerði stofnunin einmitt úttekt á hlut kvenna í fyrirtækjarekstri hér á landi.

Í skýrslunni er jafnframt vísað til fjórðu framkvæmdaáætlunar Evrópusambandsins í jafnréttismálum sem Ísland er aðili að. Þar er lögð áhersla á nauðsyn samþættingar- leiðarinnar og þess að geta byggt stefnumótun í jafnréttismálum á öruggri tölfræðilegri úttekt á stöðu karla og kvenna á hinum ýmsu sviðum. Með vísun til þessa er í skýrslunni lögð mikil áhersla á að ríki og ríkjasambönd komi sér upp hagtölum um atvinnurekstur kvenna og bent á að skráning kyngreindra upplýsinga sé besta leiðin.

Hérlendis má segja að brugðist hafi verið við þessu. Í þingsályktuninni um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna er sérstaklega fjallað um kyngreinda tölfræði, sem þar flokkast undir verkefni ríkisstjórnarinnar. Þar segir um það hvernig staðið skuli að framkvæmdinni: „Ráðuneytum og ríkisstofnunum verður sent umburðarbréf þar sem kynnt er sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum verði upplýsingar greindar eftir kyni. Hagstofa Íslands mun vinna með stofnunum ríkisins að framkvæmd þessa verkefnis. Skrifstofa jafnréttismála mun kanna framgang þess þegar liðin eru tvö ár frá gildistöku áætlunarinnar.“⁴

Í ályktuninni segir jafnframt að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið muni ásamt

⁴ Þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, samþykkt á Alþingi 28. maí 1998.

félagmálaráðuneyti, forsætisráðuneyti (Byggðastofnun) og fjármálaráðuneyti kanna hvernig styrkir úr opinberum sjóðum, sem nýtast eiga atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, hafa skipst á milli kvenna og karla. Ljóst er að þessar upplýsingar koma að góðu gagni en eðlilegra hefði þótt að takmarka slíka könnun ekki við sjóði til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni heldur láta hana ná til landsins alls.

3.3. Óformleg könnun og niðurstöður hennar

Viðtöl nefndarinnar fóru fram á tveimur fundum og voru viðmælendur þessir:

Dagný Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri, Elín Antonsdóttir, atvinnuráðgjafi á Akureyri, Elsa Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri, Ingibjörg Broddadóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Lára Vilbergsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Pétursdóttir, framkvæmdastjóri, Vilborg H. Júlíusdóttir, viðskiptafræðingur á Þjóðhagsstofnun og Þóra Þórarinsdóttir, fjármálastjóri.

Helstu niðurstaðna er getið hér að neðan. Rétt þykir að taka fram að lögð er áhersla á að geta þeirra atriða sem viðmælendur lögðu sérstaka áherslu á, en ekki voru alltaf allir viðmælendur sammála um hvert atriði eða mikilvægi þess.

Félagsleg staða, fyrirmyndir og hvatning

- * Konum finnst þær bera meiri ábyrgð á börnum og heimili en karlar. Þetta er ein helsta hindrunin í vegi kvenna í atvinnurekstri jafnt og í atvinnulífínu almennt.
- * Konur leggja áherslu á að bætt þjónusta leikskóla og lengdur, samfelldur skóladaur í grunnskólum sé mikið hagsmunamál fyrir konur í atvinnurekstri.
- * Fjölskyldustefna skiptir miklu máli fyrir konur í atvinnurekstri.
- * Leita þarf leiða til að hvetja konur til þátttöku í atvinnurekstri. Þannig mætti t.d. hugsa sér að það væri rekinn áróður fyrir kvenatvinnurekendum ekki síst í skólakerfinu. Enn fremur mætti t.d. hugsa sér hvatningarstyrki/verðlaun fyrir konur í atvinnurekstri.
- * Konur skortir *sýnilegri* fyrirmyndir sem hvetja þær til að hasla sér völl í atvinnurekstri.
- * Ein forsenda þess að hlutur kvenna í atvinnurekstri eflist er aukinn vegur þeirra í atvinnulífínu. Hindranir kvenlaunþega á þessu sviði eru hins vegar margar þær sömu og kvenatvinnurekenda.
- * Vænlegasta leiðin fyrir konur til þess að ná árangri í atvinnurekstri er að afla sér menntunar og reynslu.
- * Flestir viðmælendur töldu að konur fengju síður en karlar hvatningu til þess að stunda eigin atvinnurekstur, ekki síst vegna þess að þær mæta því viðhorfi að atvinnurekstur samrýmist ekki skyldum kvenna á heimili.
- * Einn viðmælandi taldi hins vegar að konur fengju ekkert síður hvatningu en karlar, þær þyrftu hins vegar almennt á meiri hvatningu að halda.

Fjármagn

- * Konur eiga í sjálfu sér ekki erfiðara með að fá lán og styrki til eigin atvinnurekstrar en karlar. Það er hins vegar tilfinning viðmælenda að konur fái lægri fjárhæðir en karlar. Hins vegar er erfiðara að fá styrki og lán til þess atvinnurekstrar sem mikill meirihluti kvenna stundar, þ.e.a.s. rekstur lítilla þjónustufyrirtækja.
- * Konur eru ragari en karlar við að taka fjárhagslega áhættu í atvinnurekstri og að veðsetja fasteignir fjölskyldunnar. Þess vegna sækja þær síður en karlar um lán á almennum markaði.
- * Viðmælendur voru almennt ekki hlynntir því að lögð væri áhersla á fjárstyrki til kvennafyrirtækja, án tillits til viðskiptahagsmuna.

Upplýsingar og ráðgjöf

- * Konur eiga ekki erfiðara en karlar með að fá formlega ráðgjöf og upplýsingar um atvinnurekstur, en þær leita e.t.v. síður eftir ráðgjöf. Ein skýringin er hugsanlega sú að slík ráðgjöf sé oft dýr.
- * Konur eiga erfiðara með að fá upplýsingar og ráðgjöf frá vinum, kunningjum og ættingjum en karlar, m.a. vegna þess að konur sem hasla sér völl í atvinnulífinu eiga síður vini og félagar sem eru í sömu sporum og þær.

Forsendur fyrir stuðningi

- * Stuðningur við konur í atvinnulífi er mikilvægur.
- * Til þess að kraftar kvenna til eflingar atvinnu- og efnahagslífs nýtist sem best.
- * Til að stuðla að auknum áhrifum kvenna í efnahagslífinu og þar með auknu jafnrétti kynjanna.

Árangur aðgerða.

- * Það vantar upplýsingar um hvernig stuðningsaðgerðir stjórnvalda til þessa hafa reynst. Enn fremur vantar kyngreindar upplýsingar um ráðstöfun fjármagns til atvinnurekstrar.

3.4. Úrtakskönnun

Formlegri úrtakskönnun nefndarinnar var ætlað að leiða í ljós **viðhorf kvenna** í atvinnurekstri til sértækra stuðningsaðgerða. Í skipunarbréfi kemur fram að **sérstaða „kvennafyrirtækja“** sé almennt viðurkennd og að algengt sé að skipulagðar séu sérstakar stuðningsaðgerðir sem taki mið af **þörfum kvenna**. Á grundvelli þessa þótti rétt að afla einnig upplýsinga sem skilgreint gætu **sérstöðu kvennafyrirtækja** svo og hvort **þarfir kvenna** í atvinnurekstri væru aðrar en karla og þá hverjar. Jafnframt þótti nauðsynlegt að fá fram viðhorf þátttakenda til þess hvers konar stuðningsaðgerða væri helst þörf, hvort konur skyldu studdar sérstaklega og hvort hindranir væru á vegi kvenna í atvinnurekstri.

Í megindráttum má flokka spurningalistann í spurningar sem lutu að **viðhorfum**,

m.a. til sértækra stuðningsaðgerða, spurninga um **bakgrunn** þátttakenda og atvinnurekstur þeirra, um **félagslega stöðu** og loks spurningu um hvort þær hafi notið einhvers konar stuðnings stjórnvalda.

Spurt var um **viðhorf** til aðgengis kvenna í eigin atvinnurekstri að lánnum ofl., (sp. 1-4) um viðhorf varðandi mismunandi aðstöðu kynjanna til að stunda atvinnurekstur (sp.5), um viðhorf til forsendna fyrir stuðningi við konur í atvinnurekstri (sp. 6), og til mismunandi stuðningsúræða svo og þýðingu atriða eins og bættrar þjónustu leikskóla og lengds og samfellds skóladag (sp.7). Auk þessa voru þátttakendur spurðir beint hvort þeir á heildina litið teldu æskilegt eða óæskilegt að stjórnvöld styðji konur í atvinnurekstri sérstaklega (8. sp.) og hvort þeir teldu að kynbundnar hindranir geti verið á vegi kvenna í atvinnurekstri (sp. 27).

Spurt var hvort þátttakendur (Hagstofuúrtakshópur eingöngu) hefðu notið einhvers stuðnings við stofnun eða rekstur fyrirtækis, s.s. í formi styrks, láns, fræðslu eða ráðgjafar (sp. 19. a.).

Óskað var upplýsinga um **bakgrunn** þátttakenda. Spurt var hvort viðkomandi væri í atvinnurekstri. Þeir sem svöruðu því neitandi voru þá spurðir hvort þeir hefðu verið með rekstur og af hverju honum var hætt. Þátttakendur voru spurðir hvernig þeir hefðu eignast fyrirtæki sitt, um rekstarform, tekjur, svið atvinnurekstrar, fjölda starfsmanna og ársverk, líftíma, staðsetningu á landinu, fjármögnun stofn- og rekstrarkostnaðar, forsendur fyrir eigin atvinnurekstri og framtíðarsýn varðandi reksturinn (sp. 9-19 og 20 -23a).

Markmiðið með bakgrunnsspurningunum var að fá upplýsingar sem lúta að ætlaðri sérstöðu atvinnurekstrar kvenna. Auk spurninga sem lútu að **félagslegri stöðu**; menntun, hjúskaparstétt, fjölskyldustærð og aldri barna (sp. 24-26) og sp. um hvort þær hafi fengið einhvern stuðning (sp. 19. a.) var tilgangurinn með bakgrunnsspurningunum að leggja grunn að skilgreiningu og flokkun svara við viðhorfsspurningum.

3.5. Framkvæmd og heimtur úrtakskönnunar

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands var falið að framkvæma könnunina, með viðtölum í síma í kjölfar kynningarbréfs sem úrtakshópnum var sent. Nefndinni þótti rétt að takmarka ekki úrtakið við konur í fyrirtækjarekstri heldur taka með konur sem upplýsingar liggja fyrir um að hafi leitað ráðgjafar og fræðslu um atvinnurekstur eða upplýsinga um ráðgjöf, fræðslu eða annan stuðning. M.t.t. hindrana á vegi kvenna í fyrirtækjarekstri þótti áhugavert að fá með sjónarmið þeirra sem hefðu sýnt eigin atvinnurekstri áhuga en ekki ennþá hafið eigin atvinnurekstur svo og hvort viðhorf kvenna sem hafa fengið einhvers konar stuðning séu önnur en hinna.

Tekið var 400 manna lagskipt úrtak úr skrám Hagstofu Íslands og stofnana sem veita upplýsingar og ráðgjöf um atvinnurekstur (atvinnuráðgjafaskrár). Valið var með tilviljun innan hvers hóps. Þrjár konur voru bæði á skrám Hagstofunnar og atvinnuráðgjafaskrár og því endaði úrtakið í 397 konum.

Þýði og úrtak könnunarinnar:

	Fjöldi í þýði	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall af þýði í %
<i>Úr skráum Hagstofu Íslands:</i>	5.008	290	5,8
* konur skráðar forráðamenn einkafyrirtækja	570	40	7,0
* konur skráðar með virðisaukaskattsnúmer	2.341	116	5,0
* konur skráðar forráðamenn einkahlutafélaga	1.710	100	5,8
* konur skráðar eigendur að sameignarfélagi ásamt eiginmanni (sameignarfélag hjóna)	42	10	23,8
* konur skráðar forráðamenn annarra sameignarfélaga	345	24	7,0
<i>Úr atvinnuráðgjafaskráum:</i>	469	110	23,5
* konur sem hafa fengið upplýsingar frá Iðn- tæknistofnun um atvinnurekstur	303	21	6,9
* konur sem hafa leitað til Atvinnuráðgjafar Vesturlands í tengslum við kvennaverkefni	21	21	100,0
* konur sem reka fyrirtæki einar eða með eigin- mönnum sínum skv. skráum Þróunarfélags Vestmannaeyja	41	30	73,2
* konur í eigin atvinnurekstri á Austurlandi og sem hafa leitað til Þróunarstofu Austurlands	96	30	31,3
* konur sem eru í atvinnurekstri í S-Þingeyjar- sýslu skv. skráum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga	8	8	100,0

Í heildina svöruðu 293 konur, en það er 73,8% svarhlutfall. 71,3% þátttakenda voru með eigin atvinnurekstur, 23,9% eru ekki með eigin atvinnurekstur en 68,7% þeirra hafa áður verið með rekstur og 4,8% kvennanna eru skráðar fyrir fyrirtæki en reka það ekki.

3.6. Samstarfsmaður maka/skyldulið

Af framansögðu er ljóst að innan þýðis og úrtakshópsins frá Hagstofu Íslands eru eingöngu konur skráðar sem eigendur og/eða rekstraraðilar fyrirtækja eða fyrir virðisaukaskattsnúmeri. Þannig lenda utan könnunarinnar allar konur sem starfa við atvinnurekstur maka sem launþegar og þær sem starfa við atvinnurekstur maka en eru ekki skráðar sem forráðamenn og/eða sameigendur. Nokkuð óljóst er hversu stór hópur þessara kvenna er héraendis en skv. nýlegri danskri rannsókn⁵ koma konur sem samstarfsmenn maka að rekstri fimmtungs fyrirtækja með 9 starfsmenn eða færri, en opinberar hagtölur í Danmörku ná aðeins til um helmingss þessara kvenna. Innan Evrópusambandsins eru konur taldar hafa mikilvægu hlutverki að gegna sem samstarfsmenn maka innan 60-80% allra lítilla og meðalstórra fyrirtækja.⁶ Þar hafa menn ríkar áhyggjur af stöðu þeirra kvenna sem hvorki hafa stöðu launþega eða sameiganda, þar sem þær hafa víða ekki aðgang að almannatryggingum.

Um fjölda samstarfsmanna maka héraendis er helst að styðjast við vinnumarkaðs-kannanir Hagstofu Íslands. Þar er starfandi fólk flokkað í þrjá hópa; launþega, sjálfstætt starfandi og „skyldulið“ (family workers) þar með taldir samstarfsmenn maka. Samkvæmt vinnumarkaðskönnunum hefur jafnt og þétt fækkað í þessum hópi frá árinu 1991, en hann var þá talinn nema 2,6% starfandi fólks, en er árið 1996 talinn 0,4% starfandi, þar af konur 0,8% en karlar 0,2%.⁷

Hér verður ekki fjallað nánar um samstarfsmenn maka eða skyldulið enda eru þær konur utan úrtakshóps könnunarinnar og viðfangsefnis nefndarinnar.

4. Sérstaða atvinnurekstrar kvenna

4.1. Inngangur

Opinberar tölur sýna að konur eiga og/eða stjórna víðast hvar að meðaltali ekki nema um 20-30% fyrirtækja. Leitað hefur verið skýringa á þessu og erlendis hafa nokkrar rannsóknir og kannanir verið gerðar í þeim tilgangi. Kveikjan að þeim könnunum og aukin athygli á hlut kvenna á þessum vettvangi er vaxandi áhugi í Evrópu og víðar á starfsskilyrðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ljósi mikilvægis þeirra fyrir atvinnulífið, sérstaklega m.t.t. atvinnusköpunar. Á síðustu árum hefur fjölgun starfsmanna verið hvað mest í fyrirtækjum með 9 starfsmenn eða færri. Helsta uppspretta hagvaxtar er í verslunar- og þjónustugreinum og iðnaði, en konur munu hlutfallslega vera flestar í þeim fyrirnefndu. Mikilvægan vaxtarbrodd virðist því vera að finna í atvinnurekstri kvenna, sem innan

⁵ De usynelige kvinder, en undersøgelse af medarbejdende ægtefeller. Håndverskrådet Samfundslitteratur 1997.

⁶ Commission of the European Communities, Maximising European SME's Full Potential for Employment, Growth and Competitiveness COM (96) 98, 20.2.1996.

⁷ Vinnumarkaður 1996. Hagstofa Íslands. Útgefið í des. 1997.

Evrópusambandsins er ekki talið ósennilegt að stofni um 25- 35% nýrra fyrirtækja.⁸ Þarna er greinilega óplægður akur.

Rannsóknir eða kannanir, sem beinst hafa sérstaklega að konum í atvinnurekstri eða að mun á atvinnurekstri kvenna og karla, hafa til skamms tíma verið af skornum skammti. Þó hafa á allra síðustu árum verið gerðar nokkrar kannanir sem taldar eru upplýsa ýmis atriði sem þetta varðar. Á grundvelli þeirra er víða leitast við að finna og skilgreina sameiginleg einkenni hjá konum, sem eru önnur en hjá körlum og er vísað til þeirra sem *sérstöðu atvinnurekstrar kvenna og/eða sérstöðu kvenna í atvinnurekstri*.

Ýmis **huglæg atriði** s.s. viðhorf kvenna til sjálfstæðs atvinnurekstrar, ástæður eigin rekstrar og framtíðarsýn í rekstri, viðhorf til hindrana og sérstaks stuðnings, eru vissulega meðal þess sem ætlað er að skilji konur frá körlum og skapi sérstöðu í atvinnurekstri þeirra, en að þessu verður vikið í 5. kafla.

Viðfangsefni þessa kafla er á hinn bóginn að fjalla um ætlaða sérstöðu atvinnurekstrar kvenna, „kvennafyrirtækja“, sem í skipunarbréfi nefndarinnar er gengið út frá og sögð almennt viðurkennd. Með því er hér átt við **hlutlæg atriði** er byggjast á mælanlegum þáttum, sem talin eru einkenna kvennafyrirtæki sérstaklega eða aðgreina þau frá fyrirtækjum karla.

Þar sem umfjöllun um atvinnurekstur kvenna er oftast tengd almennri umfjöllun um lítil og meðalstór fyrirtæki, þýðingu þeirra, stöðu og starfsskilyrði, þykir rétt að gera áður stutta grein fyrir þeim og flokkun þeirra. Byggt er á tölulegum upplýsingum úr gögnum Evrópusambandsráðstefnunnar „Enterprises trough their Life cycle“, sem haldin var í Dublin 4.-6. des. 1996.

4.2. Lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF)

Á evrópska efnahagssvæðinu munu vera starfandi um 16.5 milljónir fyrirtækja (að undanskildum fyrirtækjum í sjávarútvegi, landbúnaði og skógarhöggi) og 99,8% þeirra eru lítil eða meðalstór.

Þessi fyrirtæki, lítil og meðalstór (LMF), eru nánar flokkuð þannig innan EB og EES⁹, að fyrirtæki með færri en 10 starfsmenn séu mjög lítil (örfyrirtæki), en sá flokkur er langstærstur eða 92,4% fyrirtækjanna. Meðalfjöldi starfsmanna innan þess flokks er 2. Fyrirtæki með 10-49 starfsmenn eru lítil fyrirtæki. Meðalfjöldi starfsmanna innan þess flokks er 19. Loks eru meðalstór fyrirtæki með 50-249 starfsmenn, meðalfjöldi starfsmanna þeirra er 99. Meðalfjöldi starfsmanna allra evrópskra fyrirtækja er 6 og þá eru meðtalin stórfyrirtæki með fleiri en 249 starfsmenn.

LMF skapa flestum atvinnu innan Evrópu, eða 66,5%. Þar af er hlutur örfyrirtækjanna stærstur, eða um helmingur. Af þessu er ljóst að þessi fyrirtæki eru mikilvægur grundvöllur evrópsks atvinnulífs, er útskýrir aukna athygli og

⁸ Observatory Project, The European Observatory for SME's, Fourth Annual Report 1996.

⁹ Commission Recommendation of 3 April 1996 concerning the definition of Small and Medium-sized enterprises (SMEs), OJ L 107 of 30.4.1996, bls. 4.

umfjöllun um þau á undanförunum árum. Hún hefur ekki hvað síst verið um erfiðleika þeirra, sérstaklega m.t.t. útvegum fjár og stutts líftíma, en um 50% þeirra starfa ekki nema í 5 ár.

4.3. Heimildir um sérstöðu

Svo sem vikið hefur verið að hér að framan þá eru kyngreindar hagtölur hérlendis sem og víðast erlendist, jafnt á sviði atvinnurekstrar sem öðrum, af mjög skorum skammti. Niðurstöður vinnumarkaðskannanna Hagstofunnar varpa nokkru ljósi á stöðu kvenna á vinnumarkaði, þ.m.t. í atvinnurekstri, svo og úttekt Þjóðhagsstofnunar árið 1993 á hlut kvenna í fyrirtækjarekstri hér á landi. Að viðbættum niðurstöðum úrtakskönnunar nefndarinnar eru þetta helstu heimildir um ætlaða sérstöðu kvennafyrirtækja hérlendis.

Þjóðhagsstofnun er aðili að evrópskum rannsóknarhópi um lítil og meðalstór fyrirtæki, European Network for SME Research (ENSR). Undanfarin fimm ár hefur ENSR séð um árlegt eftirlit (skýrslu) um lítil og meðalstór fyrirtæki en það er eitt af verkefnum sambandsins í þágu LMF og byggist einmitt á úttektum á starfsskilyrðum og starfsumhverfi þeirra í löndum sambandsins, en jafnframt er lítið til landa utan þess. Í fjórðu ársskýrslunni, „Fourth Annual Report 1996“ er sérstök umfjöllun um konur í LMF, s.s. hvað aðgreini þær og fyrirtæki þeirra frá körlum og þeirra fyrirtækjum og hvað séu sameiginleg einkenni. Skýrsla þessi, sem felur í sér ákveðna fjölbjódlega greiningu á stöðu kvenna í fyrirtækjarekstri, telst ein besta erlenda heimild sem völ er á á þessu sviði. Í umfjöllun hér á eftir er vísað til hennar sem *Fjórðu ársskýrslunnar*.

Í þeirri skýrslu er gerður sá fyrirvari, sem vert er að hafa hugfastan, við umfjöllun um mun á körlum og konum í atvinnurekstri og/eða á atvinnurekstri karla og kvenna, að mjög fáar umfangsmiklar rannsóknir sem að þessu líta hafi verið gerðar: Flestar séu kannanirnar litlar og byggðar á reynslu fárra einstaklinga. Skortur á umfangsmiklum rannsóknum sé enn bagalegri fyrir það að kynbundin skráning á sviði atvinnurekstrar hafi verið hunsuð. Sams konar ábendingar eða fyrirvara er að finna víðar í umfjöllun um þetta efni svo sem í grein Carin Holmquist, prófessors, í Nordic Labor Journal 2/1996, sem áréttar skortinn á samanburðarrannsóknum á atvinnurekstri karla og kvenna.

4.3.1. Fæð kvennafyrirtækja.

Í Fjórðu ársskýrslunni segir að innan Evrópusambandsins séu karlar 75% sjálfstæðra atvinnurekenda, en hlutföllin snúast við í tilvikum maka sem samstarfsmanns (family worker – skyldulið) en það eru konur í 70% tilvika. Hvað varði hlutdeild kynjanna í stofnun nýrra fyrirtækja þá sé það mismunandi milli landa en á heildina lítið virðist karlar stofna um 70% þeirra og konur 30%.

Samkvæmt úttekt Þjóðhagsstofnunar (ÞHS) árið 1993, áttu eða stýrðu konur hér á landi um 2785 **skráðra** fyrirtækja eða 14 % af heildarfjölda fyrirtækja sem töldust 16498.

Samkvæmt gögnum ÞHS var heildarfjöldi **starfandi** fyrirtækja kvenna (kona eigandi eða forráðamaður) 2390, sem skiptist þannig:

	Fjöldi kvenna- fyrirtækja	Fjöldi fyrirtækja karla og kvenna	Hlutfall kvennafyrir- tækja
Einstaklingsrekstur í eigin nafni	789	6632	11,9%
Einstaklingsrekstur í nafni fyrirtækis	860	4591	18,7%
Sameignarfélag	251	1452	17,3%
Hlutafélög þ.m.t. einstaklingshlutafélög	488	3780	12,9%
Samvinnufélög	2	43	4,7%
Samtals	2390	16498	14,5%

Tafla 4.1. Fjöldi kvennafyrirtækja samkv. úrtakskönnun ÞHS 1993

Í úttekt ÞHS munu hafa verið undanskilin öll fyrirtæki í landbúnaði, sjávarútvegi og „opinberum atvinnurekstri“ og öll fyrirtæki með færri en hálf ársverk.

Þýði úrtakskönnunar nefndarinnar (júlí 1997) voru öll eftirtalin fyrirtæki sem konur voru skráðar eigendur/forráðamenn fyrir. Einkafyrirtæki - 570, einkahlutafélög – 1710, sameignarfélag -345 og sameignarfélag -42 sem kona var skráður eigandi að ásamt eiginmanni (sameignarfélag hjóna) eða samtals 2667 fyrirtæki og auk þess *allar konur skráðar fyrir virðisaukaskattsnúmeri* án þess að vera með skráð fyrirtæki –2341, eða samtals 5008. Vert er að árétta að í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að *5% kvennanna með starfandi fyrirtæki reyndust vera með minna en hálf ársverk.*

Til að finna út hlutfallslegan fjölda kvennafyrirtækja aflaði nefndin upplýsinga frá fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands um heildarfjölda fyrirtækja sumarið 1997. Í ljós kom að hlutfall kvennafyrirtækja er mismunandi eftir rekstrarformum. Hæst er það í hópi einkafyrirtækja eða tæp 32% en lægst í hópi sameignarféлага eða 15,6%. Að meðaltali (öll ofangreind rekstrarform) er hlutur kvennafyrirtækja tæp 21%. Í tilvikum rekstrar á virðisaukaskattsnúmeri er hlutfall kvenna heldur lægra eða um 16%. Í heildina eru konur þannig aðeins um 18% atvinnurekenda.


Vert þykir í þessu samhengi að geta jafnframt niðurstaðna vinnumarkaðskönnunar Hagstofu Íslands frá nóvember 1997. Þar er 17,2% starfandi fólks sagt sjálfstætt starfandi (sjálfstæðir og skyldulið), sem skiptist þannig að af starfandi körlum voru 22,6% með sjálfstæðan rekstur, en 10,8% starfandi kvenna. Samkvæmt þessum hlutfallstölum og upplýsingum um heildarfjölda karla og kvenna virðast konur reka eitt fyrirtæki á móti hverjum tveimur sem karlar reka.

Ljóst er að töluvert ósamræmi er á milli ofangreindra hlutfallstalna um fjölda

kvenna í fyrirtækjarekstri. Nefndin telur það ekki þjóna tilgangi, né hefur forsendur til að leggja mat á niðurstöður vinnumarkaðskönnunarinnar, en áréttað er að þau gögn sem nefndin byggir á um fjölda fyrirtækja, bæði heildarfjölda og fjölda kvennafyrirtækja eru fengin frá fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, þar með talinn fjöldi einstaklinga með virðisaukaskattsnúmer.

Samkvæmt framansögðum upplýsingum nefndarinnar frá fyrirtækjaskránni lætur nærri að konur eigi/reki um 18% íslenskra fyrirtækja. Niðurstöður úttektar ÞHS frá 1993 og þær upplýsingar sem nefndin hafði um fjölda fyrirtækja, og um hlutfalllegan fjölda kvennafyrirtækja verða ekki bornar saman og því ekki hægt að álykta um fjölgun fyrirtækja á þessu árabili (1993-1997). Samkvæmt úttekt ÞHS stofnuðu konur 24% nýrra fyrirtækja árið 1993. Samanborið við önnur lönd þá stofna konur, skv. Fjórðu ársskýrslunni, um 32% nýrra fyrirtækja í Danmörku (1992), 23% í Svíþjóð (1994) en 36% í Finnlandi (1993, handverksfyrirtæki eingöngu). Áætlaður hlutur kvenna er 30% í Frakklandi (1994), í Þýskalandi 33% og í Hollandi 27% (1994).

Í þessu samhengi er vert að skoða sérstakleg almenna atvinnuþátttöku kvenna sem hér á landi er með því allra mesta sem gerist eða 76,9% allra 16 - 74 ára og 85,8% 25-54 ára á móti 87% atvinnuþátttöku karla 16-74 ára og 91,5% 25-54 ára.¹⁰ Í Fjórðu ársskýrslunni segir að ekki sé óeðlilegt að ætla að mikilli atvinnuþátttöku kvenna, sem vísbendingu um almennt kynjajafnrétti, fylgi hátt hlutfall kvenna í sjálfstæðum atvinnurekstri. Þetta sé þó ekki raunin heldur muni á Norðurlöndunum aukin atvinnuþátttaka kvenna fyrst og fremst eiga rætur í úþpenslu opinbera geirans.



Mynd 4.1. Atvinnuþátttaka og atvinnurekstur karla og kvenna

4.3.2. Atvinnurekstrarsvið

Í atvinnurekstri eru bæði hérlendis og erlendis greinileg kvennasvið og karlasvið eins og á almennum vinnumarkaði. Í Fjórðu ársskýrslunni segir að konur og karlar

¹⁰ Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands í nóvember 1997.


hafi verið ráðandi innan mismunandi atvinnurekstrargreina sem hver fyrir sig hafi mótast af hefðbundnum hlutverkum kynjanna. Þetta virðist áfram ráða vali þeirra þannig að konur velji fremur þjónustugreinar og karlar framleiðslugreinar. Kynbundin skipting atvinnurekstrar eftir greinum innan Evrópusambandsríkjanna árið 1993 er í skýrslunni sögð þannig að 73,7% atvinnurekstrar kvenna séu innan þjónustugreina, 18% í landbúnaði og 10,2% í iðnaði, en sambærilegar tölur fyrir karla séu 53,8% í þjónustu, 19,5% í landbúnaði og 26,7% í iðnaði. Þessarar tilhneigingar mun hafa gætt að einhverju leyti enn meira síðan 1993.

Samkvæmt úttekt Þjóðhagsstofnunar 1993 var hlutfall kvenna í atvinnurekstri hæst innan þjónustugreina eða 18,6% af heildarfjölda fyrirtækja í þeirri grein. En athygli vekur jafnframt að mesta aukningin á tímabilinu 1989 til 1993 er í hefðbundnum karlagreinum.

	1989	1990	1991	1992	1993
	%	%	%	%	%
Iðnaður	6,2	7,1	7,2	7,6	8,9
Byggingarstarfsemi	1,1	1,5	1,2	1,5	2,0
Þjónustustarfsemi	16,5	18,0	17,5	18,1	18,6

Tafla 4.2 : Flokkun atvinnurekstrar kvenna eftir atvinnugreinum 1989- 1993 sem hlutfall af heildarfjölda fyrirtækja skv. úttekt PHS

Niðurstöður úrtakskönnunar nefndarinnar bera að sama bruni hvað varðar skiptingu milli atvinnugreina. Fyrirtæki kvennanna eru langflest í atvinnugreinum tengdri þjónustu, en síðan í verslun og iðnaði eins og sést á mynd 5.2. Um 69% kvennanna reka fyrirtæki á sviði verslunar og þjónustu, 15% í iðnaði, 12% í frumvinnslu og 4% í öðru.




Mynd 4.2. Flokkun atvinnurekstrar kvenna eftir atvinnugrein 1997 skv. úrtakskönnun nefndarinnar

Þegar bakgrunnur kvennanna samanborið við þessi svör er skoðaður kemur ekki á óvart að einungis þriðjungur kvennafyrirtækja í dreifbýli eru í verslun og þjónustu, en 67% í framleiðslu eða frumvinnslu. Í þéttbýli eru hins vegar um eða yfir 80% kvennafyrirtækja í verslun- eða þjónustu. Í verslunar- og þjónustugreinum eru yngri

konur og þær sem eiga börn undir 16 ára aldri hlutfallslega fleiri (77% á móti 23%) og hafa almennt meiri menntun að baki. Aftur á móti er algengara að eigendur framleiðslu- og frumvinnslufyrirtækja séu í eldri aldurshópunum (35-49 ára - 28% og 50 ára og eldri - 34%) og eiga eðlilega síður ung börn. Áberandi er að 54% kvenna sem hafa starfsnám¹¹ að baki reka framleiðslu- eða frumvinnslufyrirtæki. Það vekur einnig athygli að 86% þeirra kvenna sem hafa hætt rekstri, ráku verslunar- eða þjónustufyrirtæki. Þetta kemur heim og saman við þá hugmynd að þjónustufyrirtæki hefi skemmri líftíma en fyrirtæki í framleiðslugreinum svo sem vikið verður nánar að hér á eftir.

Vert er að gefa gaum að skiptingu atvinnurekstrar kvenna bæði innan sviða þjónustu og framleiðslu. Eins og sést á mynd 4.3 vegur rekstur snyrtistofa, líkamsræktarstöðva og sólbaðsstofa þyngst innan þjónustugreina, en þar á eftir kemur ferðaþjónusta, hótél- og veitingarekstur og loks þjónusta við bókhald og framtal, svo og ráðgjafar- og markaðsþjónusta. Athygli vekur að innan þjónustugreina hefur rekstur vélaleigu og bifreiðaverkstæða sama vægi og heilbrigðis- og félagsþjónusta. Ósvarað er hvort þetta sé vísbending um að kynskipting atvinnugreina sé á undanhaldi, eða hvort þarna séu konur skráðar sem forráðamenn atvinnurekstrar eiginmanna sinna (og/eða sameigendur).




Mynd 4.3. Skipting atvinnugreina innan þjónustu samkvæmt úrtakskönnun nefndarinnar

¹¹ Menntun var skipt í eftirfarandi flokka í úrvinnslu könnunarinnar:

1. Grunnskólanám eða minna, s.s gagnfræðapróf, unglingapróf, landspróf.
2. Starfsnám, s.s. póstháskóla-, banka-, lögreglu-, sjúkraliða- og fiskvinnslunám.
3. Bóklegt framhaldsnám, s.s. verslunarpróf og stúdentspróf.
4. Verklegt framhaldsnám, s.s. sveins-, meistara-, vélstjóra-, stýrimanna- og búfræðiþróf.
5. Háskóli eða sérskóli á háskólastigi, s.s. BA, BS, kandidats, MA, MS, doktorspróf, tæknifræðinám, myndlistarnám, fóstrunám, o.fl.

Listiðnaður, handverk, minjagripa- og gjafavöruframleiðsla reynist veða þyngst innan framleiðslugreina eða um 38,5% en næst mest vægi hefur fata-, ullar- og leðuriðnaður eða 28,2% eins og sést á mynd 4.4.



Mynd 4.4. Skipting atvinnugreina innan framleiðslu samkvæmt úrtakskönnun nefndarinnar

Hér að framan var vikið að því sem segir í Fjórðu ársskýrslunni að greinar atvinnurekstrar hafi móttast af hefðbundnum hlutverkum kynjanna sem aftur ráði því hvaða greinar kynin velja. Könnun nefndarinnar virðist styðja þessar hugmyndir að einhverju leyti, þó að vissulega séu fleiri þættir ráðandi um val á atvinnurekstrarsviði sem vikið verður að í 5. kafla.


4.3.3. Lífaldur

Í Fjórðu ársskýrslunni segir að upplýsingar um lífaldur fyrirtækja séu fáanlegar í nokkrum löndum og nefnd eru 5, þar af Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Þær tölur eru sagðar gefa til kynna heldur lægri lífaldur fyrirtækja kvenna, en bent er á að ekki sé allskostar rétt að draga þá ályktun, *því lífaldur fyrirtækja ráðist af atvinnurekstrarsviði miklu frekar en kyni atvinnurekenda*. Konur hefji almennt rekstur innan verslunar- og þjónustugeirans þar sem búast megi við lægri lífaldri. Rannsóknir gefi til kynna að kynjamunar gæti ekki þegar tekið er tillit til atvinnurekstrarsviðs, aldurs atvinnurekenda og fyrri reynslu.

Óumdeilt er að stærð markaðar og samkeppni kemur misjafnlega við ólíkar

atvinnugreinar. Verslunar- og þjónustufyrirtæki þjóna oft litlum markaði og á milli fyrirtækja í þessum atvinnugreinum ríkir oft mikil samkeppni sem gerir þau viðkvæmari fyrir hagsveiflum. Það er almennt talið að þetta útskýri að hluta styttri lífaldur fyrirtækja á þessu sviði, þar sem konur eru hlutfallslega flestar í atvinnurekstri.

Hérlendis fundust hvergi upplýsingar um lífaldur fyrirtækja hvað þá kyngreindar upplýsingar. Þó var með úrtakskönnuninni leitað upplýsinga um lífaldur fyrirtækja þátttakenda. Helstu niðurstöður voru þær að konurnar höfðu rekið fyrirtæki að meðaltali í 8,6 ár og í flestum tilvikum (eða 48%) í 8 ár eða lengur. Nánari skipting fyrirtækjanna eftir aldri sést á mynd 4.5. Nokkra athygli vekur hve fyrirtæki með lífaldur á bilinu fimm til tíu ár eru fá, en spurning er hvort skýringanna sé að leita í efnahagsástandi á fyrri hluta tíunda áratugarins, en þá fór saman samdráttur í nýskráningu fyrirtækja og nokkur aukning á gjaldþrotum¹².



Mynd 4.5. Aldur fyrirtækja úrtakshópsins

Eðlilega er algengara að konur 35 ára og eldri reki fyrirtæki sem hafa verið lengst í rekstri. Það vekur hins vegar nokkra furðu að þær eru frekar einhleypar eða giftar heldur en í sambúð. Hugsanleg skýring á þessu er að hjúskaparstaða tengist aldri kvennanna, þ.e. að algengara sé að yngri konur séu í sambúð. Meðal einhleypra eru fráskildar konur og ekkjur, sem eðlilega eru oftast í eldri aldursflokkunum.

4.3.4. Stærðir kvennafyrirtækja

Því er gjarnan haldið fram, m.a. í Fjórðu ársskýrslunni, að fyrirtæki kvenna séu minni og vaxi hægar á mælikvarða veltu og ársverka en fyrirtæki karla, en að munurinn sé að vísu hverfandi þegar minnstu fyrirtækin (örfyrirtæki) eru ekki talin


¹² Nýgengi og gjaldþrot fyrirtækja 1985-1995, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, maí 1996.

með. Nefndinni þótti ástæða til að huga að stærðum fyrirtækja kvenna.

Stærð fyrirtækja er ýmist metin á grundvelli veltu, starfsmannafjölda eða fjölda ársverka. Í könnun ÞHS mun ekki hafa verið unnt að nálgast tölur um veltu eða tekjur fyrirtækja, en stuðst við fjölda ársverka. Hafa verður í huga að í þeirri könnun voru undanskilin fyrirtæki með minna en hálf túsund ársverk. Samkvæmt niðurstöðum úttektar ÞHS reyndust heildarársverk í sjálfstæðum atvinnurekstri árið 1993 vera 65826, þar af voru 5703 ársverk í fyrirtækjum kvenna, sem er um 9% heildarársverka. Ef skoðað er tímabilið 1989 til 1993 kemur í ljós að ársverkum á tímabilinu fækkar um 5,5% í heildina. Í fyrirtækjum karla nemur fækkunin 9%, (úr 66175 í 60124) en á hinn bóginn hefur ársverkum í fyrirtækjum kvenna fjölgað um 61% (úr 3499 í 5703). Samkvæmt úttektinni áttu konur eða ráku 12% fyrirtækja árið 1989 með 5 ársverka, en árið 1993 voru fyrirtæki kvenna orðin 14% af heild með 9 ársverka. Þetta bendir vissulega til þess að fyrirtæki kvenna hérlendis á mælikvarða ársverka fari stækkandi, sem kemur heim og saman við það að hér á landi, eins og víða annars staðar, hefur aukning í mannafla einkum verið í atvinnugreinum á sviðum verslunar og þjónustu, þar sem konur eru hlutfallslega flestar.

Fjöldi starfsmanna og ársverk

Í úrtakskönnun nefndarinnar var leitað upplýsinga sem lutu að stærð fyrirtækja kvennanna. Spurt var bæði um fjölda starfsmanna og ársverka. Hálf túsund telst hálf túsund ársverk. Í ljós kom að 38,8% fyrirtækjanna eru með 1 starfsmann, 31,8% með 2-3 starfsmenn og 29,5% með 4 eða fleiri. Fjöldi starfsmanna sést nánar á mynd 4.6.




Mynd 4.6. Stærð fyrirtækja eftir fjölda starfsmanna skv. úrtakskönnun

Á myndinni sést greinilega að fá fyrirtækjanna eru með fleiri en fimm starfsmenn. Þegar staðsetning fyrirtækjanna er skoðuð kemur fram marktækur munur. Fyrirtæki í dreifbýli skera sig úr fyrir það að algengast (46%) er að fjöldi starfsmanna sé 2-3 starfsmenn. Það er aftur á móti algengast að fyrirtæki í þéttbýli (40%) hafi einn starfsmann. Þetta má í fljótu bragði skilja sem svo að fyrirtæki í dreifbýli séu oftast stærri en þéttbýlisfyrirtæki, sem er á skjön við það sem almennt er talið. Það kemur

Þó í ljós að ekki er marktækur munur á fjölda ársverka eftir staðsetningu fyrirtækjanna (sjá neðar). Geta má sér þess til að ástæða þessa sé sú að fyrirtæki í dreifbýli eru eðli sínu samkvæmt sveitabær og líklegt að allir heimilismenn komi að einhverju leyti að atvinnurekstri konunnar, en jafnvel enginn í fullu starfi. Þá er það töluvert algengara að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu séu með fjóra starfsmenn eða fleiri, 36% á móti 23-26% fyrirtækja annars staðar.

Marktækur munur er einnig á fjölda starfsmanna eftir menntun kvennanna. Það er mun algengara að konur með verslunar- og stúdentspróf /bóklegt framhaldsskólanám (63%) reki mannmörg¹³ fyrirtæki, en þær sem hafa verklegt nám að baki (13%). Konur með aðra menntun reka mannmörg fyrirtæki í 25-29% tilvika. Konur með verklegt nám að baki reka hins vegar oftast (58%) fyrirtæki með aðeins einum starfsmanni og það sama má segja um konur með háskólanám (43%). Óneitanlega vekur þessi niðurstaða spurningar um hvort mismunandi áherslur skóla á sjálfstæðan atvinnurekstur eigi þarna hlut að máli. Alkunna er að námsbrautir undirbúa nemendur mismikið undir sjálfstæðan atvinnurekstur. Menntun hlýtur að ráða miklu um það innan hvaða greinar atvinnurekandi velur að starfa, en atvinnugreinin sem slík, virðist á hinn bóginn ráða meiru en menntunin, um stærðir fyrirtækja/fjölda ársverka.

Hvað ársverkin varðar þá reyndist algengast að fyrirtæki kvennanna væru með eitt ársverk en athyglisvert er að tæp 20% fyrirtækjanna eru með fjögur ársverk eða fleiri. Nánari skipting sést á mynd 4.7.



Mynd 4.7. Stærð fyrirtækja eftir fjölda ársverka skv. úrtakskönnun

Þegar aldur svarenda er kannaður í þessu tilliti kemur í ljós að 64% ungra kvenna (20-34 ára) reka fyrirtæki með með 0-1 ársverki, en 45% þeirra sem eldri eru. Þessi munur er ekki óeðlilegur ef gengið er út frá því að fyrirtæki stækki með tímanum og hækkandi aldri kvennanna. Þegar nám kvennanna er skoðað í tengslum við

¹³ Með mannmörgum fyrirtækjum er átt við fyrirtæki sem hafa 4 starfsmenn eða fleiri.

ársverk er niðurstaðan mjög svipuð og þegar tengsl náms og starfsmannafjölda eru skoðuð.

Í atvinnuvegaskýrslum ÞHS finnast upplýsingar um ársverk í fyrirtækjum í mismunandi atvinnugreinum. Rétt þykir að bera fyrirtæki kvennanna saman við fyrirtæki í skýrslunum sem flokkast undir persónulega þjónustu þar sem kvennafyrirtæki eru hlutfallslega flest í þeim flokki. Skv. Skýrslunni 1994¹⁴ er helmingur allra starfandi fyrirtækja árið 1994 í floknum persónuleg þjónusta með 0-1 ársverk. Til samanburðar eru 47,6% fyrirtækja í úrtakskönnuninni með 0-1 ársverk.

Almennt er samkvæmt skýrslunni nokkuð breytilegt eftir flokkun atvinnugreina hversu stór hluti fyrirtækja er af þessari stærð (0 -1 ársverk). Hlutfallið er hæst í leirsmíði og postulínsiðnaði eða 83,3%, 50,5% í vefjaiðnaði, skó- og fatagerð, sútun og verkun skinna, 45,1% í veitinga- og hótélrekstri og 38,3% í smásöluverslun.

Velta

Í úrtakskönnuninn var jafnframt leitast við að nálgast upplýsingar um stærð fyrirtækja á mælikvarða veltu. Ekki fengust svör við spurningum um veltu nema frá þriðjungu kvennanna. Í ljós kom að 28% fyrirtækja þeirra kvenna sem svörðu spurningunni eru með meðalveltu innan við 1 milljón á árinu 1996, 18% með 1-1,9 milljón og 27% með 2-9,9 milljónir. Þannig eru samtals um 74% með veltu á bilinu 0-10 milljónir. Um fjórðungur þeirra reyndist vera með ársveltu sem nam 10 milljónum eða meira.

Vegna þess hve fá svör fengust við þessari spurningu teljast þau ekki gefa marktækar niðurstöður, en þó má ætla að þau gefi nokkra vísbendingu um eðlilegt samræmi á milli fjölda starfsmanna, ársverka og veltu.

Til hliðsjónar má geta þess að samkvæmt Atvinnuvegaskýrslu ÞHS 1994 eru 85,2% fyrirtækja sem flokkuð eru undir persónulega þjónustu með virðisaukaskattsveltu á bilinu 0-10 milljónir króna. Fjöldi fyrirtækja með þessa veltu er mismunandi eftir atvinnugreinum. Í smásöluverslun er 57% fyrirtækja með veltu á þessu bili, í veitinga- og hótélrekstri 64,4%, í vefjaiðnaði, skó- og fatagerð, sútun og verkun skinna 71,9%, og flest í leirsmíði- og postulínsiðnaði 92,6%.

4.3.5. Vinnutími

Í Fjórðu ársskýrslunni er vísað til tveggja rannsókna, sænskrar og svissneskrar,¹⁵ um að eitt af því sem greini að atvinnurekstur karla og kvenna sé að konur stundi oftast atvinnurekstur í hlutastarfi. Í skýrslunni segir að í um það bil tuttugu Evrópulöndum séu konur mun oftast í hlutastarfi við atvinnurekstur en karlar, bæði sem eigin atvinnurekendur og sem „skyldulið“. Um fjórðungur kvenna er sagður í

¹⁴ Atvinnuvegaskýrsla 1994, Þjóðhagsstofnun, Reykjavík 1997.

¹⁵ Sundin E. & Holmquist, C.: Kvinnor som företagare Malmö, 1989; Ziegerer, M.C.: Firmengründungen durch Frauen und Männer im Zeitablauf, St Gallen, 1993.

hlutastarfi á móti 5% karla. Tekið er fram að það sýni hugsanlega ólíka félagslega stöðu frekar en mismunandi afstöðu kynjanna til atvinnurekstrar.

Hægt er að bera ofangreindar tölur Fjórðu ársskýrslunnar saman við niðurstöður vinnuþéttmælingar Hagstofu Íslands í nóv. 1997. Þar er 10,8% allra starfandi kvenna skráð í hópi sjálfstætt starfandi og skylduliðs, þar af tæpur helmingur, 5,1% í hlutastarfi. Á hinn bóginn er 22,6% starfandi karla skráð sem sjálfstætt starfandi og skyldulið, þar af 2,3% í hlutastarfi.

Í úrtakskönnuninni var með beinum spurningum aflað upplýsinga um vinnutíma kvenna við eigin atvinnurekstur. Fróðlegt þótti að fá þetta fram og ekki síður upplýsingar um vinnutíma þeirra við önnur launuð störf og á heimili. Rétt þykir að taka fram að um 40% þátttakenda svöruðu ekki til hlítar spurningum sem lutu að vinnutíma þeirra við fyrirtækið, annað launað starf og á heimili.

Tæplega helmingur kvennanna reyndist starfa við eigið fyrirtæki í 40 klst. á viku eða meira, 17% í 30-39 klst., 16% í 20-29 klst., 15% í allt að 19 klst. og 4% kvennanna sem svöruðu sögðust ekkert starfa við fyrirtækið.


Meirihluti kvennanna (65%) kvaðst ekki vinna annað launað starf, 10,5% í allt að 19 klst., 12,5% í 20-29 klst., 7% í 30-39 klst. og 5% í 40 klst. eða meira.

Svör við spurningunni um það hve margar klst. á viku væru unnar á heimilinu voru þannig að 30% kvennanna kvaðust vinna allt að 19 klst., 34% í 20-29 klst., 20,5% í 30-39 klst., 13,5% í 40 klst. eða meira og 2% kvaðust ekkert vinna á heimilinu.

Samanlagður vinnutími þeirra kvenna sem svöruðu sýndi að 42% kvennanna unnu 60-79 klst. á viku, 30% unnu 80 klst. eða meira, en 28% minna en 60 klst. á viku.

Vinnutími þessara kvenna við eigin fyrirtæki var flokkaður þannig að 34 klst. eða færri á viku, væri hlutastarf, fullt starf væri 35-45 klst., en 46 klst. eða fleiri teldust vera fullt starf og yfirvinna. Þá kom m.a. fram að þær konur sem vinna í hlutastarfi við eigin atvinnurekstur (45% svarenda) vinna að meðaltali rúmar 18 klst. á viku. Þessar konur vinna lengstan vinnutíma á viku í öðrum launuðum störfum eða 13 klst. að meðaltali. Því má velta fyrir sér hvort fyrirtæki þessara kvenna skili þeim ekki þeim tekjum sem þær vilja eða þurfa og hvort þær myndu starfa meira við eigið fyrirtæki ef afkoma þess leyfði.

Rúmur helmingur svarenda kvaðst vera í fullu starfi eða meira við fyrirtæki sitt. Þar af unnu 22% kvennanna að meðaltali 39,8 klst. á viku, en 33% svarenda unnu að meðaltali 60,7 klst. á viku. Sjá mynd 4.8.



Mynd 4.8. Meðal vinnutíma kvennanna í klst. á viku skv. úrtakskönnuninni

Pegar samanlagður vinnutími á viku var fenginn af þessum svörum reyndust 28% kvennanna vinna samtals 59 klst. eða færri, 42% vinna 60-79 klst. og 30% 80 klst. eða meira.

Athygli vekur hvað vinnutími á heimili er lítið styttri hjá þeim konum sem vinna lengstan vinnudag í launuðu starfi (við eigin atvinnurekstur/ annað launað starf). Leitað var til samanburðar upplýsinga um vinnutíma karla við heimilisstörf. Upplýsingar fyrir bæði kynin fundust í Lífskjarakönnun Félagsvísindastofnunar frá árinu 1988¹⁶. Samkvæmt þeirri könnun var meðalvinnutími karla á heimili 6 klst. á viku, þar af lengstur hjá 25-44 ára körlum eða 8 klst. að meðaltali. Í sömu könnun reyndust konur verja að meðaltali 19 klst. til heimilisstarfa á viku, en aldurshópurinn 25-44 ára að meðaltali 23 stundum. Um 60% kvennanna í úrtakskönnun nefndarinnar voru á aldrinum 25-44 ára og því má bera niðurstöður þessara tveggja kannana saman. Samkvæmt úrtakskönnun nefndarinnar var meðal vinnutími kvenna á heimili 25 klst. á viku. Þannig virðist almennt að konur vinni ekki minna inni á heimilunum nú en fyrir tíu árum.

Vert þykir að geta þess að tekið er fram í könnun Félagsvísindastofnunar að sjálfstætt starfandi karlar taki minni þátt í heimilisstörfum en aðrir karlar en sú var ekki raunin með konur í þeirri könnun.

Framangreindar niðurstöður staðfesta það að vinnudagur margra kvenna er ærið langur og sýna að heimilisstörf fylgja konum, óháð vinnutíma utan heimilis jafnt við rekstur eigin fyrirtækis eða við önnur launuð störf.

¹⁶ Lífskjör og lífshættir á Íslandi. 1990, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

4.3.6. Fjármögnun atvinnurekstrar

Í Fjórðu ársskýrslunni er lögð á það áhersla að konur og karlar eigi við flest sömu vandamál að etja í atvinnurekstri og að erfiðleikar í aðgangi að fjármagni sé þar engin undantekning. Viðfangsefnið sé hins vegar það hvort og á hvaða hátt vandamál tengd fjármögnun horfi öðruvísi við í tilvikum kvenna en karla. Í skýrslunni er það t.d. talið eiga við í einu eða fleirum Evrópulandanna að bankar taki verr á móti konum en körlum, þær mæti gjarnan því viðhorfi að vera „fjárhagsleg áhætta“, þær fái lakari þjónustu hjá karlkyns ráðgjöfum, séu óóruuggari í samskiptum við yfirvöld, hræddari við að taka fé að láni og hafi meiri áhyggjur af endurgreiðslu lána en karlar.

Í skýrslunni segir og að sumar kannanir gefi til kynna að aðgangur kvenna að fjármagni sé í raun verri en karla. Þá virðast konur nýta sér þjónustu banka verr en karlar og kjósa fremur að nota eigið fé eða frá vinum og fjölskyldu. Ástæða þessa er talin vera sú að konur hafi frekar tilhneigingu til að byrja smátt með minna fjármagn en karlar, forðist óþarfa áhættu, en hagnist einnig minna fyrir vikið. Konur fari fram á lægri fjárhæðir af ýmsum ástæðum svo sem þeim, að þær séu hræddari en karlar við að taka áhættu og hefji gjarnan rekstur á sviðum þar sem minni fjárfestinga er þörf, eins og í verslun og þjónustu.

Því er og slegið fram að hugsanlega hafi konur ábyrgari afstöðu til endurgreiðslu lána. Vísað er til þriggja kannana í Hollandi, Þýskalandi og Bretlandi sem staðfesti þá viðteknu skoðun að konur fái minna lánsfé því þær fari fram á lægri fjárhæðir en karlar. Niðurstöður svissneskrar könnunar sýni þó að svipað hlutfall kvenna (61%) og karla (66%) sem hefji atvinnurekstur eigi meira en 50% af stofnkostnaði, þó fjárhæðir í tilvikum kvenna geti verið lægri.

Könnun sem gerð var í Bretlandi er í ársskýrslunni sögð leiða í ljós að karlar fá oftast bankalán en konur, sem hugsanlega gefi til kynna að bankastjórar, oftast karlkyns, mismuni þeim sem eru að hefja atvinnurekstur eftir kyni. Um 55% karlanna hafi notað lán eða yfirdrátt sem fjármögnun, en aðeins 33% kvennanna. Bankar veiti oft ekki þau lágu lán sem konur óski gjarnan eftir, hugsanlega af því að þeir hagnist meira á að lána hærri fjárhæðir. Annað sem eigi þátt í erfiðleikum kvenna við öflun fjármagns sé að þær skorti oft viðskiptaferil og þekkingu á gerð fjárhagsáætlana, reikningshaldi og stjórnun fyrirtækja.

Full ástæða þótti til að gera hér stuttlega grein fyrir ofangreindum sjónarmiðum enda eru meðal þeirra klisjur sem ýmsir halda fram að eigi ekki síður við hérlendis en víða erlendis og varði þannig hindranir á vegi kvenna við fjármögnun atvinnurekstrar. Ljóst er að engin efni eru til að svara því að hvaða marki þessi atriði eiga við hérlendis enda engar heimildir eða gögn við að styðjast. Til þess að svo væri unnt þyrfti rannsókn sem næði til reynslu og viðhorfa bæði karla og kvenna svo og kynbundnar upplýsingar frá bönkum og öðrum lánastofnunum um lánsúmsóknir, fjárhæðir lána og lánveitingar. Í kaflanum hér á eftir verður fjallað nánar um viðhorf kvenna til aðgangs þeirra að fjármagni til atvinnurekstrar.

Þrátt fyrir skort á upplýsingum til samanburðar við karla var með úrtakskönnuninni leitast við að varpa einhverju ljósi á fjármögnun atvinnurekstrar kvenna. Leitað var

upplýsinga um hvernig konurnar hefðu eignast fyrirtækin, hversu margar kvennanna hefðu fengið styrk til atvinnurekstrar og hvernig stofn- og rekstrarkostnaður fyrirtækis þeirra hefði skipst.

Hvernig stofnað var til rekstrar

Af þeim konum sem svöruðu spurningum um hvernig þær hefðu eignast fyrirtækið reyndust um 44% hafa stofnað eða keypt fyrirtækið einar, 29% stofnuðu eða keyptu fyrirtæki með maka, í 14% tilfella með öðrum en maka og í 10% tilfella er fyrirtækið í eigu fjölskyldunnar.

Flestar konur sem lokið hafa *verklegu* framhaldsskólanámi (72%) stofnuðu eða keyptu fyrirtæki einar og þær stofnuðu mun sjaldnar en aðrar til atvinnurekstrar með maka (11%) eða öðrum (9%). Það er einnig áberandi að einungis um 22% þeirra sem lokið hafa *bóklegu* framhaldsskólanámi stofnuðu einar til atvinnurekstrar, en 41% stofnaði til atvinnurekstrar með maka, 19% hófu rekstur með öðrum en maka og 19% reka fjölskyldufyrirtæki.

Þessi niðurstaða er mjög athyglisverð í samhengi við upplýsingarnar um stærðir fyrirtækjanna. Svo sem fram er komið er mun algengara að konur með bóklegt framhaldsskólanám reki stærri fyrirtæki, en þær reka skv. framansögðu jafnframt oftast fyrirtæki með maka. Ósvarað er hvort forsenda stærðarinnar er rekstur með maka eða menntunin eða hvoru tveggja.

Hvað varðar búsetu þá er sjaldgæfara að konur í dreifbýli stofni einar til atvinnurekstrar heldur en konur í þéttbýli. Mun herra hlutfall kvenna í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins en annars staðar stofnaði fyrirtæki með öðrum en maka (20%), en þær ráku í fæstum tilvikum (2,5%) fjölskyldufyrirtæki.

Stofn- og rekstrarkostnaður

Hjá 84% þeirra kvenna sem svöruðu spurningum um fjármögnun fyrirtækis var eigið fé hluti af **stofnfjármagni** fyrirtækisins. Algengast var það hjá konum sem reka fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu (90%), en sjaldgæfast í dreifbýli (71%). Hjá 92,5% svarenda var eigið vinnuframlag og/eða annarra hluti af stofnfjármagni. Ekki reyndist marktækur munur á svörunum eftir bakgrunni kvennanna. Rúmur helmingur tók lán fyrir hluta stofnkostnaðar fyrirtækis. Marktækur munur var á tíðni þessa eftir heildarvinnutíma. Konur með skemmstan vinnudag tóku sjaldnast lán (32%).

Hvað varðar **rekstrarfjármagn** kváðust 66 % eigið fé hafa verið hluta af því, 87% eigið vinnuframlag og/eða annarra og 44% lánsfé. Í ljós kom að mun fleiri konur með bóklegt framhaldsskólanám að baki höfðu fjármagnað reksturinn með lánum. Svo sem fram kemur hér að framan reka konur með bóklegt framhaldsskólanám einmitt stærstu fyrirtækin og hér vaknar spurning um það hvort lántökur séu forsenda eða afleiðing stærðar fyrirtækjanna. Þá er á sama hátt og í tilviki stofnfjármagns algengast að konur sem vinna lengstan vinnudag taki rekstrarlán. Ætla má að það skýrist af stærð og umfangi fyrirtækjanna.

Loks voru konurnar spurðar um þátt styrkja, sem 6% kváðust hafa notið sem hluta af stofnfjármagni. Konur í dreifbýli nutu styrkja í 18% tilvika, en einungis 1%

kvenna á höfuðborgarsvæðinu og 3% í öðru þéttbýli. Heldur hærra hlutfall, eða 9%, kváðust hafa fengið styrk til rekstrar sem skiptist hlutfallslega svipað og í spurningunni um stofnstyrki. Þannig höfðu 4% kvenna í atvinnurekstri á höfuðborgarsvæðinu notið rekstrarstyrkja, 7% í öðru þéttbýli og 22% í dreifbýli.

Varðandi ofangreinda flokkun svara og skiptingu þeirra eftir búsetu ber að hafa í huga samsetningu markhóps og úrtaks könnunarinnar og benda á að svarendur greindust þannig að 46% voru á höfuðborgarsvæðinu, 32% í öðru þéttbýli og 22% í dreifbýli.

4.3.7. Rekstrarform

Í úrtakskönnuninni var spurt sérstaklega um rekstrarform fyrirtækjanna. Tafla 4.3 sýnir niðurstöður könnunar nefndarinnar svo og skiptingu fyrirtækja eftir rekstrarformum samkvæmt úttekt ÞHS. Hér ber að hafa það í huga að megingiltgangur úrtakskönnunarinnar var að fá fram *viðhorf* kvenna til ýmissa atriða. Því var sérstaklega að því gætt að í hópnum væru konur með fyrirtæki í mismunandi rekstrarformum, svo og úr hópi þeirra sem ekki eru skráðar í fyrirtækjaskrá, en eru með rekstur á virðisaukaskattsnúmeri í eigin nafni. Hóparnir voru misstórir og ekki var tekið sama prósentuhlutfall úr þeim öllum.

Rekstrarform	Úrtakskönnun (%)	Úttekt ÞHS
Einkafyrirtæki	62,8	69,0
Hlutafélög		20,4
Einkahlutafélög	28,5	
Sameignarfélag	5,4	10,5

Tafla 4.3. Skipting fyrirtækja eftir rekstrarformum skv. könnun nefndarinnar 1997 og úttekt ÞHS 1993. Vert er að vekja athygli á því að lög um einkahlutafélög tóku gildi 1. janúar 1996.

Í ljós kom að **einkafyrirtæki**, jafnt og smæstu fyrirtækin samanber hér að framan, eru algengari meðal kvenna í yngsta aldurshópnum, kvenna með rekstur í dreifbýli og þeirra sem hafa verklega framhaldsskólamenntun að baki. Algengast reyndist að konur á höfuðborgarsvæðinu 35 ára og eldri með bóklegt framhaldsskólanám rækju **einkahlutafélög**. Þetta er sami bakgrunnur og þeirra kvenna sem reka stærri fyrirtækin.

4.4. Samantekt og niðurstöður

Viðfangsefni þessa kafla er hlutlæg atriði sem lúta að ætlaðri sérstöðu kvennaatvinnurekstrar. Í niðurstöðum úttektar Fjórdú ársskýrslunnar á atvinnurekstri kvenna er ekki gerður samskonar greinarmunur á hlutlægum og huglægum atriðum. Þar segir að tiltækar rannsóknir bendi til að erfitt sé að alhæfa um sérstöðu eða sérkenni atvinnurekstrar sem eingöngu verði rakin til kynferðis eiganda eða rekstraraðila. Rannsóknir gefi til kynna mismun þegar bornir eru saman hópar fyrirtækja karla og kvenna en mismunurinn sé hverfandi innan sömu atvinnugreinar.

Fleira sé sameiginlegt með fyrirtækjum karla og kvenna í sömu atvinnugrein en fyrirtækjum kvenna í sitthvorri atvinnugreininni.

Rökrétt og eðlilegt þykir að spyrja hvort hérlendis hafi fyrirtæki kvenna almennt þau sameiginlegu einkenni, önnur en fyrirtæki karla, að rétt sé að tala um sérstöðu kvennafyrirtækja. Ljóst er af umfjöllun hér að framan (4.3.1.-4.3.7) að konur hérlendis reka fyrirtæki í öllum greinum atvinnurekstrar líkt og karlar. Fæð þeirra er hinsvegar óumdeilanleg, þau eru hlutfallslega flest á sviði verslunar og þjónustu og herra hlutfall kvenna starfar við eigin atvinnurekstur í hlutastarfi en karlar. Heildarvinnutími kvenna í atvinnurekstri er langur. Rúmlega 40% vinna 60-79 klst. á viku og 30% vinna 80 klst. eða meira.

Spyrja má hvaða tilgangi þjóni að tala um „sérstöðu“ atvinnurekstrar kvenna á grundvelli þessa.

5. Viðhorf kvenna til sjálfstæðs atvinnurekstrar, hindrana og sérstaks stuðnings

5.1. Inngangur

Hér að framan hefur verið fjallað um ýmis hlutlæg atriði sem lúta að ætlaðri sérstöðu kvennafyrirtækja, einkenni sem talin eru aðgreina þau frá fyrirtækjum karla.

Viðfangsefni þessa kafla eru viðhorf kvenna, þ.e. ýmis huglæg atriði sem í erlendum heimildum eru jafnframt talin vera önnur í tilvikum kvenna en karla. Í því samhengi er gjarnan talað um „þarfir kvenna“ sem sérstakar gagnvart þörfum karla.

Nefndinni var sérstaklega falið að kanna viðhorf kvenna í atvinnurekstri til stuðningsaðgerða. Til að ná fram gleggri og heildstæðari mynd taldi nefndin óhjákvæmilegt að fá einnig fram ástæður eða forsendur atvinnurekstrarins og viðhorf kvenna til t.d. sjálfstæðs atvinnurekstrar, hindrana á vegi kvenna í atvinnurekstri og forsendna fyrir sérstökum stuðningsaðgerðum við konur. Með þessum spurningum var leitast við að sannreyna ýmsar staðhæfingar og klisjur, erlendar og innlendar, um viðhorf til kvenatvinnurekenda sem og viðhorfa kvenna sjálfra til sjálfstæðs atvinnurekstrar.

5.2. Af hverju hefja konur atvinnurekstur og að hverju stefna þær?

5.2.1. Forsendur eigin atvinnurekstrar


Það hefur oft komið fram í erlendum könnunum að konur hefji gjarnan atvinnurekstur af öðrum ástæðum en karlar¹⁷. Þær virðist leggja meiri áherslu á þætti eins og sjálfstæði og sveigjanleika í vinnutíma svo dæmi séu nefnd. Áherslur þeirra eru sagðar aðrar en karla sem leggi meiri áherslu á þætti eins og hagnað og séu fúsari að taka áhættu. Ýmsar úttektir á fyrirtækjum karla og kvenna hafi sýnt að fyrirtæki kvenna séu oft smærri en karla og skili minni hagnaði. Sumir telji að skýringarinnar sé fyrst og fremst að leita meðal kvenna sjálfra og liggi í því að konur leggi minna upp úr fjárhagslegum ávinningi en karlar. Þessi áherslumunur er talinn skýra þann mun sem virðist vera á stærð og hagnaði fyrirtækja kvenna og karla. Nefndinni þótti því ástæða til að kanna hvaða ástæður lægju að baki stofnun fyrirtækja kvenna hér á landi.

Í úrtakskönnuninni voru þær konur sem eru/voru með eigin rekstur (alls 255) spurðar að því hvers vegna þær hefðu farið út í hann. Settar voru fram eftirfarandi tíu fullyrðingar og þær beðnar að meta hversu vel hver þeirra þær ætti við í þeirra tilviki:

- * Að hafa af rekstrinum atvinnu og laun.
- * Að hafa betri afkomu en sem launþegi.
- * Að skapa atvinnu fyrir aðra.
- * Tækifæri til að vera eigin herra.
- * Hagnaður (gróði).
- * Að framkvæma góða viðskiptahugmynd.
- * Að menntun mín nýtist best með þessu móti.
- * Að eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma.
- * Að hafa betri aðstæður til þess að sinna fjölskyldu og börnum.
- * Að öðlast persónuleg áhrif og völd.

¹⁷ Small Business Economics, 8: 463-478, 1996.

Gefnir voru fjórir svarmöguleikar: Mikið, nokkuð, lítið eða ekki. Fullyrðingarnar voru lesnar upp í breytilegri röð, sem er talið auka áreiðanleika svaranna. Svörin sjást á mynd 5.1.



Mynd 5.1. Hvers vegna fórst þú út í eigin atvinnurekstur?

Langveigamestu ástæður fyrir því að fara út í eigin atvinnurekstur reyndust vera að hafa af rekstrinum atvinnu og laun, að hafa tækifæri til að vera eigin herra, að eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma og að framkvæma góða viðskiptahugmynd. Þessi atriði eru oftast nefnd.

Nokkur munur kom fram á svörum eftir aldri kvennanna við fullyrðingunni um að hafa af rekstrinum atvinnu og laun, en þar reyndust konur 50 ára og eldri sjaldnar telja að það ætti mikið við og mun oftast að það ætti ekki við. Þá var mun algengara (56%) að konur sem eru í rekstri teldu það eiga mikið við að fá tækifæri til að vera eigin herra, en þær sem höfðu hætt rekstri (35%). Sveigjanlegur vinnutími virðist skipta yngri konur og konur með börn undir 16 ára aldri mun meira máli en aðrar, sem kemur ekki á óvart. Athygli vekur að í þessu tilliti er munur eftir menntun þannig að 60% kvenna með verklegt nám segja þetta eiga mjög mikið við en hlutfall kvenna með aðra menntun er á bilinu 32-47%. Þarna sést ákveðin samsvörun við það sem einkennir eigendur smæstu fyrirtækjanna, sem eru oftast yngstu konurnar og konur með verklegt nám að baki.

Næstveigamestu ástæðurnar fyrir stofnun fyrirtækis reyndust þær að hafa betri

afkomu en sem launþegi, hagnaður, að nýta menntun og að hafa betri aðstæður til að sinna fjölskyldu og börnum. Tvær þessara fullyrðinga lúta að fjárhagslegum ávinningi af eigin atvinnurekstri. Einungis 25% telja hagnað „eiga mikið við“ sem ástæðu fyrir eigin rekstri en hlutfallslega flestar, tæp 40% að sú ástæða „eigi nokkuð við“. Á hinn bóginn segja 35% það „eiga mikið við“ að hafa betri afkomu en sem launþegi.

Þegar svör við fullyrðingu um hagnað/gróða voru skoðuð sést að mun fleiri yngri konur segja það eiga mikið við, eða 37% á aldrinum 20-34 ára, 27% kvenna 35-49 ára en einungis 17% þeirra sem eru 50 ára og eldri. Mun fleiri einhleypar konur (30%) sögðu á hinn bóginn að þetta ætti *ekki* við en 13% giftra kvenna og 9% kvenna í sambúð.

Svör kvennanna við þeirri fullyrðingu „að nýta menntun“ eru mismunandi enda eru konurnar með mislanga skólagöngu að baki. Það vekur þó nokkra athygli að háskólamenntaðar konur eru ekki sá hópur sem segir oftast að þetta eigi mikið við (44%), heldur eru það konur með verklegt nám (67%). Skýringin á þessu liggur vafalaust í því að iðnmenntun gerir fremur ráð fyrir sjálfstæðum atvinnurekstri en háskólanám. Um helmingur kvenna 50 ára og eldri segir að þetta eigi *ekki* við og kann það að vera vegna þess að þær hafi minni menntun en þær yngri. Þá kemur einnig fram að einungis 21% kvenna sem ekki eru með rekstur segja að þetta eigi *ekki* við á móti 43% þeirra sem eru með rekstur.

Eins og við var að búast voru það helst konur sem eiga börn innan 16 ára aldurs og giftar konur og í sambúð sem sögðust hafa farið út í rekstur til þess að hafa betri aðstæður til að sinna fjölskyldu og börnum.

Þær ástæður sem fæstar konur töldu að ættu mikið við voru að skapa atvinnu fyrir aðra og að öðlast persónuleg áhrif og völd. Í seinna tilvikinu var ljóst að konur sem hafa hætt rekstri voru frekar á því að þetta hefði ekki átt við, 80% miðað við 46% hinna. Þá töldu konur með verklega menntun oftast (23%) að þetta ætti mikið við en konur með aðra menntun.

Þessi svör eru í samræmi við erlendar kannanir sem áður er vitnað til. Úr svörum kvennanna má lesa að þær ætlast til þess að atvinnurekstur skili þeim tekjum, en þær má auðvitað einnig fá með því að vera launþegi. Það virðist því líklegt að aðrar ástæður ráði miklu um þá ákvörðun að fara út í atvinnurekstur. Tækifæri til þess að vera eigin herra og betri aðstæður til umönnunar fjölskyldu og heimilis virðast ráðandi, en persónulegur metnaður sést best í vilja til að nýta menntun sína. Fæstar kvennanna segja ástæðu fyrir eigin atvinnurekstri vera að „öðlast persónuleg áhrif og völd“ sem er nokkuð á skjön við áhersluna sem á þetta er lögð í jafnréttisumræðunni. Það er ekki þar með sagt að konur hafni völdum og áhrifum en aðstæður félagslegs umhverfis þeirra virðast vega þyngra. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga hinn langa vinnutíma kvenna sem fjallað var um í kaflanum hér að framan í tengslum við svörin við fullyrðingunum um sveigjanlegan vinnutíma og aðstæður til að sinna fjölskyldu og börnum.

5.2.2. Framtíðarsýn í eigin atvinnurekstri


Í þeim erlendu könnunum sem áður er vitnað til, hefur verið bent á að minni áhersla kvenna á fjárhagsleg markmið við stofnun fyrirtækis geti skýrst af ólíkri forgangsröðun kynjanna. Ekkert bendir til þess að karlar leggi meiri áherslu á hagnað en konur, né að þeir hafi ekki sömu heildarmarkmið. Því er haldið fram að hin ófjárhagslegu markmið kvenna með stofnun fyrirtækisins sem fjallað er um hér að framan náist oft fljótlega eftir stofnun þess og þá verði hagnaðarsjónarmið meira áberandi. Því er einnig haldið fram að stjórnunarstíll kvenna sé annar en karla og til séu kannanir sem renni stoðum undir það¹⁸. Þannig leggi karlar áherslu á samkeppni en konur á samvinnu. Konum sé meira umhugað um vellíðan starfsmanna sinna sem sagt er stafa af hlutverki þeirra sem umönnunaraðila. Einnig hefur verið bent á að sumar konur vilji ekki stækka fyrirtæki sín á kostnað hagsmuna fjölskyldunnar. Þá er vísað til þess að fjárhagsleg áhætta og lengri vinnudagur í fyrirtækinu geti bitnað á fjölskyldunni.¹⁹

Með þessi sjónarmið í huga voru þær konur sem voru eða höfðu verið með rekstur spurðar um framtíðarsýn sína varðandi reksturinn. Þær voru beðnar að taka afstöðu til vægis fjögurra eftirfarandi fullyrðinga:

- * Að auka umsvif rekstrarins, fleiri starfsmenn.
- * Að auka hagnað, hækka laun eigenda.
- * Að hækka laun starfsmanna.
- * Að bæta starfsskilyrði starfsmanna.

Fullyrðingarnar voru lesnar upp í breytilegri röð. Á mynd 5.2. eru svör kvennanna.

Mynd 5.2 Hver er framtíðarsýn þín í eigin atvinnurekstri.



¹⁸ Styles of success: The Thinking and Management Styles of Women and Men Entrepreneurs. The National Foundation for Women Business Owners, 1994.

¹⁹ Working woman, júlí 1993, bls. 67.

Það vekur athygli að langflestar konur telja það mikilvægt að auka hagnað og hækka laun eigenda, eða tæp 85%. Þarna kemur fram mun meiri áhersla á hagnað en í svörum við spurningunni um ástæður þess að fara út í eigin atvinnurekstur. Þetta kemur heim og saman við það sem áður var sagt að hagnaður hafi ekki verið mikilvæg ástæða fyrir stofnun fyrirtækis en öðlist meira vægi síðar. Það vekur einnig athygli að svör kvennanna lýsa meiri áhuga á að bæta starfsskilyrði starfsmanna sinna og hækka laun þeirra en að auka umsvif og fjölga starfsmönnum.

Þegar bakgrunnur kvennanna er skoðaður sést að yngri konur leggja mesta áherslu á að **auka umsvif og hagnað** fyrirtækjanna, eða 98% kvenna á aldrinum 20-34 ára. Þetta er sá aldursþópur sem rekur smæstu fyrirtækin. Þetta er einnig talið mikilvægt af 35-49 ára konum, sem almennt reka stærstu fyrirtækin, en 60% þeirra eru á sama máli. Á hinn bóginn segja einungis 36% kvenna 50 ára og eldri þetta mikilvægt.

Marktækur munur reyndist á framtíðarsýn kvennanna eftir menntun þeirra. Meirihluti háskólamenntaðra kvenna og þeirra sem eru með bóklegt framhaldsnám, þ.e. 68%, telja **aukin umsvif** frekar eða mjög mikilvæg en einungis 45% kvenna með verklegt framhaldsnám.

Bætt starfsskilyrði starfsmanna sögðu rúmlega 80% kvennanna „frekar eða mjög mikilvægt“. Nokkur munur reyndist á viðhorfum kvenna með bóklegt og verklegt framhaldsskólanám en 57% þeirra fyrrnefndu og 67% hinna síðarnefndu segja þau frekar eða mjög mikilvæg.

Það er athyglisvert að þær konur sem reka fyrirtæki með einum starfsmanni leggja minna upp úr auknum umsvifum en aðrar. Því má velja fyrir sér hvort þetta sé vegna þess að þær telji aukin umsvif óraunhæf eða hvort þær kjósi þessa stærð fyrirtækisins, en þessi hópur er einnig sá sem oftast kveðst vilja eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma og á ung börn. Þá er einnig vert að gefa gaum að því að tiltölulega færri konur með bóklegt nám að baki leggja meiri áherslu á að bæta starfsskilyrði starfsmanna en aðrar konur, en þetta eru þær konur sem reka stærstu fyrirtækin og stofna langoftast fyrirtæki með maka.

Af framangreindu er ljóst að hagnaður af atvinnurekstri er konum mikilvægur. Forgangsröðun þeirra og framtíðarsýn er hins vegar mjög mismunandi enda eru aðstæður þeirra ólíkar og konur ekki einsleitir hópur frekar en karlar.

5.3. Eru kynbundnar hindranir á vegi kvenna í atvinnurekstri?

5.3.1. Aðgangur kvenna að styrkjum, lánnum, faglegrí ráðgjöf um rekstur fyrirtækja og stuðningi

Það er almennt talið að stuðningur opinberra aðila við atvinnurekstur svo og þjónusta ráðgjafa og lánastofnana nýtist síður konum en körlum. Ýmsar skýringar hafa verið nefndar, s.s. ónóg vitneskja um stuðningsaðgerðir - að þær séu ekki sniðnar að þörfum smáfyrirtækja í þjónustugreinum þar sem konur eru fjölmennastar og að „sérþörfum“ kvenna sé ekki sinnt. Til þess að glöggva sig á hvaða augum þetta er litið hérlendis voru þessi atriði borin undir konurnar í úrtakskönnunni.

Aðgangur að styrkjum

Allir þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu aðgang kvenna að styrkjum til eigin atvinnurekstrar betri, verri eða jafnan aðgangi karla. Eftirfarandi tafla sýnir svör kvennanna.

	Hlutfall allra	Hlutfall þeirra sem taka afstöðu
Betri	1%	1,4%
Jafn	22,9%	31,0%
Verri	49,8%	67,6%
Tekur ekki afstöðu	26,3%	


Tafla 5.1. Telur þú að aðgangur kvenna að styrkjum til eigin atvinnurekstrar sé betri, verri eða jafn aðgangi karla?

Athygli vekur að rúmlega fjórðungur kvennanna tekur ekki afstöðu til spurningarinnar og má velta því fyrir sér hvort þetta sé vísbending um að þær viti ekki um styrki til atvinnurekstrar.

Ætla má að þær konur sem notið hafa einhvers stjórnvaldsstuðnings þekki betur til möguleika á styrkjum til atvinnurekstrar en aðrar. Skoðað var sérstaklega hvort munur væri á afstöðu þeirra sem notið hafa stuðnings stjórnvalda og hinna. Marktækur munur reyndist vera á svörum kvennanna. Hlutfallslega fleiri konur, eða 76%, sem fengið höfðu stuðning frá stjórnvöldum telja aðgang verri á mótí 62% þeirra sem ekki hafa fengið stuðning.

Þær 146 konur sem töldu **aðgang kvenna að styrkjum verri en karla** (67%) voru spurðar að því hvers vegna þær teldu svo vera. Bornar voru undir þær þrjár eftirfarandi fullyrðingar og þær beðnar að svara því hvort þær væru þeim sammála eða ósammála:

- * Konur vita síður en karlar hvar styrki er að fá.
- * Þeir styrkir sem eru í boði miðast síður við lítil fyrirtæki í þjónustugeiranum, en flest fyrirtæki sem konur reka eru einmitt þannig.
- * Styrkveitendur eru tregari til að veita konum styrki en körlum.



Mynd 5.3. Ástæður verri aðgangs kvenna en karla að styrkjum

Á myndinni sést að langflestar kvennanna, eða 85%, voru sammála þeirri fullyrðingu að framboð á styrkjum miðist síður við lítil fyrirtæki í þjónustugreinum og 71% töldu aðgang kvenna að styrkjum verri vegna þess að styrkveitendur séu tregari til þess að veita konum styrki til atvinnurekstrar en körlum. Um 67% kvennanna voru sammála þeirri fullyrðingu að konur viti síður en karlar hvar styrki er að fá.

Aðgangur að lánnum

Því er oft haldið fram að konur taki síður lán til atvinnureksturs en karlar. Sækist þær á annað borð eftir lánsfé þá leiti þær fremur til fjölskyldu og vina en lánastofnana. Fyrir þessu eru m.a. gefnar þær ástæður að konur vilji síður taka fjárhagslega áhættu, að þær veðsetji síður heimili sín til tryggingar lánnum og að lánastofnanir taki ekki vel á móti konum. Þá er einnig oft nefnt að þær biðji um lægri fjárhæðir sem kunni að vera ástæða þess að þær veki minni áhuga lánastofnanna.

Þátttakendur voru því einnig spurðir hvort þeir teldu aðgang kvenna að lánnum til eigin atvinnurekstrar betri, verri eða jafnan aðgangi karla. Eftirfarandi tafla sýnir svörin.


	Hlutfall allra	Hlutfall þeirra sem taka afstöðu
Betri	1%	1,2%
Jafn	44,4%	51,8%
Verri	40,3%	47,0%
Veit ekki	14,3%	

Tafla 5.2. Telur þú að aðgangur kvenna að lánnum til eigin atvinnurekstrar sé betri, verri eða jafnan aðgangi karla?

Fleiri konur taka afstöðu til spurningar um aðgang að lánum en til spurningarinnar um aðgang að styrkjum. Af þeim sem taka afstöðu er einungis 1.2% sem telur aðgang kvenna að lánum betri en aðgang karla, 47% að hann sé verri. Rúmlega helmingur (52%) kvennanna töldu aðgang kvenna vera jafnan aðgangi karla sem er mun hærra hlutfall en í sambærilegri spurningu um styrki. Enginn marktækur munur var á svörum kvennanna eftir bakgrunni eða því hvort þær hefðu notið stuðnings frá stjórnvöldum.

Þær 118 konur sem töldu **aðgang kvenna að lánum verri en karla** (47%) voru beðnar um að taka afstöðu til þriggja eftirfarandi fullyrðinga. Svörin sjást á mynd 5.4.

- * Konur eiga almennt erfiðara með að fá ábyrgðarmenn en karlar.
- * Konur eru síður tilbúnar að veðsetja eigur sínar en karlar.
- * Lánastofnanir eru tregari til að veita konum lán til atvinnurekstrar en körlum.



Mynd 5.4. Ástæður verri aðgangs kvenna en karla að lánum

Á myndinni sést að yfirgnæfandi meirihluti kvennanna er sammála fullyrðingum um að lánastofnanir séu tregari til að veita konum lán (84%) og að konur séu síður tilbúnar til að veðsetja eignir sínar en karlar (79%). Á hinn bóginn telur um helmingur kvennanna (51%) að það sé ekki erfiðara fyrir konur að fá ábyrgðarmenn en karla.

Þessi svör koma í sjálfu sér ekki á óvart enda falla þau að þeim staðhæfingum sem oft heyrast um kvenatvinnurekendur og lánastofnanir. Svörunum við fullyrðingunni um tregðu lánastofnana er vert að gefa sérstakan gaum enda felur þessi afstaða í sér hindrun, hvort sem hún byggist á reynslu eða er huglæg.

Þegar bakgrunnur svarenda þessarar fullyrðingar er skoðaður þá er merkjanlegur munur bæði eftir hjúskaparstöðu og eftir heildarvinnutíma. Einhleypar konur eru oftast ósammála þessari fullyrðingu (24%) en þær sem eru giftar (7%) og í sambúð (4%). Það kemur einnig í ljós að þær konur sem vinna lengst eru mun ákveðnari í þeirri afstöðu að lánastofnanir séu tregari til að veita konum lán en körlum. Allar konurnar sem vinna meira en 80 klst. á viku er þessu sammála, um 97% þeirra kvenna sem vinna 60 klst. á viku eða meira, en einungis 79% þeirra sem vinna færri en 60 klst. á viku. Í þessu samhengi má velta því fyrir sér hvort þær konur sem vinna fæstar stundir, sem oftast reka smæstu fyrirtækin, hafi minni reynslu af lántökum en hinar.

Aðgangur að faglegri ráðgjöf

Erlendar kannanir benda til þess að konur notfæri sér síður þjónustu ráðgjafa um fyrirtækjarekstur en karlar. Á það hefur hins vegar verið bent að eigendur lítilla fyrirtækja virðast almennt síður leita sér ráðgjafar en eigendur stærri fyrirtækja²⁰ og það kunnir að skýra muninn á konum og körlum í þessu tilliti, enda er gengið út frá því að konur reki að jafnaði minni fyrirtæki en karlar. Leitað var afstöðu þátttakenda til aðgangs kvenna að faglegri ráðgjöf um rekstur fyrirtækja. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu svara.

	Hlutfall allra	Hlutfall þeirra sem svara
Betri	1%	1,2%
Jafn	72%	86,1%
Verri	10,6%	12,7%
Tekur ekki afstöðu	16,4%	

Tafla 5.3. Telur þú að aðgangur kvenna að faglegri ráðgjöf um rekstur fyrirtækja sé betri, verri eða jafn aðgangi karla?

Aftur er einungis um 1% svarenda sem telur aðgang kvenna betri, en hins vegar er nú mun hærri hlutfall sem telur kynin hafa jafna stöðu. Af þeim sem tóku afstöðu töldu 86% aðgang kvenna að ráðgjöf jafnan aðgangi karla. Þetta viðhorf er þó breytilegt eftir aldri. Eldri konur telja frekar en yngri konur aðgang kvenna að ráðgjöf verri en karla. Konur sem vinna skemmstan vinnutíma telja oftast en aðrar (28%) að aðgangur kvenna að ráðgjöf sé verri en karla. Sama hlutfall er 6% fyrir konur sem vinna 60-79 klst. og 19% þeirra sem vinna 80 klst. eða meira.


Erlendis hefur því verið haldið fram að ástæður þess að konur leiti síður til ráðgjafa séu þær helstar að þær viti ekki hvar ráðgjöf er að fá, að ráðgjafar þekki ekki „þarfir kvenna“ og að ráðgjafar þekki ekki til rekstrar lítilla fyrirtækja í verslun og

²⁰ European Observatory for SMEs, Fifth Annual Report 1997.

þjónustu þar sem flestar konur hafa haslað sér völl²¹. Þrjár fullyrðingar í þessa veru voru bornar undir konurnar:

- * Konur vita síður hvar ráðgjöf er að finna.
- * Ráðgjafarnir þekkja síður til þeirra sviða þar sem konur eru með atvinnurekstur.
- * Ráðgjafarnir eru flestir karlar og konum þykir erfiðara að leita til þeirra en kvenkynsráðgjafa.

Þar sem einungis um 13% (31 kona) töldu **aðgang kvenna verri en karla** í þessu tilliti er óráðlegt að draga ályktanir af svörum þeirra, en þau sjást á mynd 5.5.



Mynd 5.5. Ástæður þess að aðgangur kvenna að faglegri ráðgjöf er verri

Stuðningur og hvatning

Bent hefur verið á að konur í atvinnurekstri fái síður hvatningu en karlar²² því atvinnurekstur sé ekki talinn samrýmast hlutverki þeirra sem mæður og eiginkonur. Því hefur raunar verið haldið fram að stuðningur úr nánasta umhverfi ráði einna mestu um það hvort konur stofni til atvinnurekstrar²³. Því hefur jafnan verið fleygt að konur þurfi meira en karlar á hvatningu að halda. Konurnar voru spurðar hvort þær teldu að konur í atvinnurekstri fái frekar eða síður stuðning og hvatningu frá

²¹ European Observatory for SMEs, Fourth Annual Report 1996

²² European Observatory for SMEs, Fourth Annual Report 1996.

²³ Entrepreneur career selection and gender: A socialization approach. Journal of Small Business Management, 28, no. 2 (apríl 1990), bls. 37-44.

vinum, kunningjum og ættingjum, en karlar. Svörin við þeirri spurningu sjást í töflu 5.4.


	Hlutfall allra	Hlutfall þeirra sem svara
Frekar	21,8%	22,9%
Hvorki né	33,1%	34,8%
Síður	40,3%	42,3%
Veit ekki	4,8%	

Tafla 5.4. Telur þú að konur í atvinnurekstri fái hvatningu og stuðning?

Af þeim sem tóku afstöðu voru 42% sem töldu konur síður fá stuðning og hvatningu frá vinum og ættingjum en karlar. Hins vegar töldu 23% að konur fengju frekar hvatningu en karlar.

Þær 118 konur sem töldu **konur í atvinnurekstri síður fá stuðning en karlar** (42%) voru beðnar að taka afstöðu til þriggja fullyrðinga sem hugsanlegra skýringa:

- * Atvinnurekstur er ekki talinn vera verkefni kvenna.
- * Konur eru taldar hafa minni hæfileika en karlar.
- * Eigin atvinnurekstur samrýmist verr stöðu kvenna á heimilinu.




Mynd 5.6 Af hverju telur þú að konur í atvinnurekstri fái síður hvatningu en karlar.

Eins og sést á mynd 5.6 töldu 81% kvennanna ástæður þess að konur fengju síður stuðning en karlar vera þær að atvinnurekstur teljist samrýmast verr stöðu kvenna en karla á heimili. Ekki var jafn afgerandi munur á afstöðu kvennanna til hinna tveggja fullyrðinganna. Þeirri fullyrðingu að atvinnurekstur sé ekki talinn vera verkefni kvenna eru 51% sammála og 44% ósammála. Þeirri fullyrðingu að konur séu taldar hafa minni hæfileika en karlar voru 56% sammála, en 40% ósammála. Eftirtektarvert er að 83% kvennanna sem búsett eru í dreifbýli voru sammála þeirri fullyrðingu.

5.3.2. Ýmsar alhæfingar um konur í atvinnurekstri

Í erlendum gögnum sem þegar hefur verið vitnað í, er oft að finna ýmsar alhæfingar um konur og atvinnurekstur sem ekki eru taldar eiga við karla. Þær virðast almennt viðurkenndar sem staðreyndir um ætlaðar „sérþarfir kvenna“ og vera grundvöllur að ýmsum aðgerðum í þágu atvinnurekstrar kvenna. Nefndinni þótti ástæða til þess að kanna hvað konum héraðs þætti um sannleiksgildi nokkurra slíkra alhæfinga. Bornar voru undir konurnar eftirfarandi sjö fullyrðingar, sem bæði hafa heyrst erlendis og héraðs og þær beðnar að svara því hvort þær væru sammála eða ósammála þeim:

- * Konur bera almennt meiri ábyrgð á heimili og fjölskyldu en karlar og eiga því erfiðara með að stunda eigin atvinnurekstur.
- * Skólakerfið undirbýr konur síður en karla undir rekstur eigin fyrirtækja.
- * Konur hafa minna sjálfstraust til þess að stofna og reka fyrirtæki en karlar.
- * Konur eru hræddari en karlar við að taka fjárhagslega áhættu í eigin atvinnurekstri.
- * Konur skortir almennt þekkingu og reynslu til þess að stunda eigin atvinnurekstur.
- * Konur eiga síður en karlar kunningja sem geta veitt þeim óformlegar upplýsingar og ráðgjöf um fyrirtækjarekstur.
- * Konur skortir kvenfyrirmyndir eða ímyndir sem væru þeim hvatning til að stofna og reka fyrirtæki.



Mynd 5.7. sýnir skiptingu svaranna.

Langflestar konurnar eða 92% svarenda voru sammála þeirri fullyrðingu að konur **beri almennt meiri ábyrgð á heimili og fjölskyldu en karlar** og eigi því erfiðara með að stunda atvinnurekstur.

Um 83% voru sammála þeirri fullyrðingu að **konur væru hræddari en karlar við að taka fjárhagslega áhættu í eigin atvinnurekstri**. Þarna reyndist vera munur á viðhorfi kvenna eftir búsetu en 96% kvenna í dreifbýli voru þessu sammála samanborið við 82% kvenna búsettra á höfuðborgarsvæðinu og í öðru þéttbýli.

Svipuð niðurstaða fékkst við fullyrðingunni um að **konur hafi minna sjálfstraust til þess að stofna og reka eigið fyrirtæki**. Að meðaltali voru 66% sammála þeirri fullyrðingu. Þegar skipting svara eftir búsetu er skoðuð kemur í ljós að 78% kvenna í dreifbýli eru sammála, 68% kvenna á höfuðborgarsvæðinu en ekki nema 56% kvenna í öðru þéttbýli.

Þeirri fullyrðingu að **konur eigi síður en karlar kunningja sem geta veitt þeim óformlegar upplýsingar** voru 60% sammála.

Gagnvart þeirri fullyrðingu að **konur skorti kvenfyrirmyndir** skiptust svarendur í tvo nokkuð jafna hópa, sammála og ósammála.

Sama gildir um fullyrðinguna um að **skólakerfið undirbúi konur síður undir**

rekstur fyrirtækja en karla.

Um 67% voru ósammála þeirri fullyrðingu að **konur skorti almennt þekkingu og reynslu til þess að stunda eigin atvinnurekstur**. Reyndust konur 50 ára og eldri frekar telja reynslu- og þekkingarskort almennan (39%), á meðan einungis 16% kvenna á aldrinum 20-34 ára voru því sammála.

Nokkur munur reyndist á afstöðu kvennanna til þessarar fullyrðingar eftir menntun þeirra. U.þ.b. 60% kvenna með grunnskólapróf og kvenna með starfsnám að baki voru ósammála því að konur skorti almennt þekkingu og reynslu til þess að stunda eigin atvinnurekstur. Þetta reyndist mun lægra hlutfall en í tilvikum kvenna með bóklegt framhaldsskólanám (88%), verklegt framhaldsnám (79%) og háskólanám (74%) .

Af framangreindu er ljóst að stærsti hluti kvennanna er sammála því að konur beri almennt meiri ábyrgð á heimili og fjölskyldu en karlar og séu hræddari en þeir við að taka fjárhagslega áhættu. Af þessu má draga þá ályktun að konur séu mjög meðvitaðar um þá hagsmuni fjölskyldunnar að búa við fjárhagslegt öryggi. Þannig virðast bein tengsl á milli þessara tveggja viðhorfa á þann veg að hræðsla við að taka fjárhagslega áhættu eigi rætur sínar í fjölskylduábyrgð. Þetta er stutt af þeirri almennu skoðun kvennanna, eins og áður hefur komið fram, að konur séu tregari en karlar til að veðsetja eignir sínar. Þessi viðhorf eru Þrándur í Götu kvenna í atvinnurekstri.

Ljóst er jafnframt að meirihluti kvennanna telur ekki skort á þekkingu og reynslu há konum í atvinnurekstri þó að afstaðan til þess hafi reynst mismunandi eftir aldri og menntun. Hvað varðar afstöðuna til undirbúnings skólakerfisins þá er vakin athygli á því að spurt var hvort skólakerfið undirbúi konur síður en karla undir rekstur fyrirtækja sem 59% kvennanna reyndust ósammála. Ósvarað er hvort og að hvaða marki skólakerfið undirbýr nemendur fyrir eigin atvinnurekstur.


5.3.3. Viðhorf til sérstakra stuðningsaðgerða

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var henni fyrst og fremst falið að kanna viðhorf kvenna til **sérstakra stuðningsaðgerða fyrir konur í atvinnurekstri**. Svo sem gerð er grein fyrir hér að framan var könnun nefndarinnar tvískipt. Auk hinnar formlegu úrtakskönnunar sem Félagsvísindastofnun H.Í framkvæmdi gerði nefndin óformlega könnun í formi viðtala (sjá 3.1, 3.3). Ein af megin niðurstöðum þeirrar könnunar var sú að konurnar töldu eina helstu hindrun á vegi kvenna í atvinnurekstri felast í að þær axla meiri ábyrgð á heimili og börnum en karlar. Í ljósi þessa lögðu þær mikla áherslu á mikilvægi bættrar þjónustu leikskóla og lengds og samfellds skóladags í grunnskóla. Vegna þessa þótti nefndinni nauðsynlegt að kanna hvort þetta sjónarmið væri almennt meðal kvenatvinnurekenda. Því var í úrtakskönnuninni, auk þess að spyrja um viðhorf til ýmissa sérstakra stuðningsaðgerða, jafnframt leitað eftir afstöðu kvennanna til mikilvægis þessa, bættrar þjónustu leikskóla og lengds og samfellds skóladags. Það er hins vegar öllum ljóst að fjölskylduábyrgðin hvílir jafnt á launþegum og atvinnurekendum.

Borin voru undir þátttakendur eftirfarandi sjö atriði og þeir beðnir um að svara því hvort þeir teldu þau skipta mjög miklu, frekar miklu, frekar litlu eða mjög litlu máli fyrir konur í atvinnurekstri:

- * Sérstök lán fyrir konur, eða lán sem konur hafa forgang að.
- * Sérstakir styrkir, eða styrkir sem konur hafa forgang að.
- * Sérstök ráðgjöf fyrir konur um stofnun eða rekstur fyrirtækja .
- * Sérstök námskeið fyrir konur um stofnun eða rekstur fyrirtækja.
- * Sérstök tengslanet fyrir konur sem miða að því að efla innbyrðis tengsl kvenna í atvinnurekstri.
- * Bætt þjónusta leikskóla.
- * Lengri og samfelldur skóladagur í grunnskóla.

Á mynd 5.8. sjást svör kvennanna til hvers atriðis fyrir sig.



Mynd 5.8. Atriði sem skipta máli fyrir konur í atvinnurekstri.

Það vekur mesta athygli við svörin að rúm 80% kvennanna töldu það skipta mjög eða frekar miklu máli að **þjónusta leikskóla væri bætt** (óskilgreint hvernig). Einungis 8,9% töldu það skipta litlu eða mjög litlu máli, en 9,9% tóku ekki afstöðu.

Ekki reyndist munur á svörum kvenna eftir aldri, menntun o.þ.h. Sú var hins vegar raunin þegar spurt var um **mikilvægi lengds og samfellds skóladags**. Afstaðan var afgerandi (80%) sú að það skipti frekar eða mjög miklu máli. Mun fleiri konur í þéttbýli voru þessu sammála eða 89% kvenna á höfuðborgarsvæðinu og 85% kvenna í öðru þéttbýli miðað við 77% kvenna í dreifbýli. Þetta kemur ekki á óvart, enda er skóladagur í dreifbýli oftast samfelldur og lengri en í þéttbýli, auk þess sem kvenatvinnurekendur í dreifbýli sinna oftast atvinnu sinni inni á heimilinu. Einnig kom í ljós nokkur munur á afstöðu til þessa eftir menntun því 95% háskólamenntaðra kvenna töldu lengri og samfelldan skóladag skipta mjög eða frekar miklu máli en hlutfallið var lægra hjá öðrum (72-88%). Eins reyndist mikill munur á afstöðu eftir lengd vinnudags, en 94% kvenna sem vinna 60-79 klst. sögðu að þetta skipti frekar eða mjög miklu máli, 80% þeirra sem vinna annars vegar skemmstan og hins vegar lengstan vinnudag.

Í þessu tilliti ber að hafa í huga að félagslegar aðstæður kvenna eru mismunandi, t.d. eru auðvitað ekki allar konur með börn á leik- og grunnskólaaldri. Auk þess er vert að velta því fyrir sér hvað sé orsök og hvað afleiðing. Það er hvort það er fyrirkomulag skólatíma sem ræður lengd vinnudags kvennanna eða hvort lengd vinnudagsins ræður afstöðu þeirra til lengds og samfellds skóladags. Vert þykir að taka fram að ekki kom fram munur á svörum kvenna við spurningum um leikskóla og skóla eftir því hvort þær voru sjálfar með börn á heimili. Það bendir til þess að konurnar hafi ekki eingöngu haft eigin aðstæður í huga þegar þær svöruðu spurningunum.

Sérstök ráðgjöf og námskeið fyrir konur í atvinnurekstri sögðu 81% kvennanna að skipti mjög miklu eða frekar miklu máli. Það er athyglisvert að hlutfall þeirra sem tóku ekki afstöðu til þessa var mjög lágt eða innan við 4%. Þá var meirihluti kvennanna (69%) sem taldi að **sérstök tengslanet** sem miða að því að efla innbyrðis tengsl kvenna í atvinnurekstri skiptu miklu eða frekar miklu máli.

Konurnar skiptust í tvo nokkuð jafna hópa í afstöðu sinni til vægis **sérstakra lána** eða lána sem konur hafa forgang að. Um 51% töldu það skipta frekar eða mjög miklu máli og um 41% frekar eða mjög litlu.


Þátttakendum gafst jafnframt kostur á að nefna frá eigin brjósti aðra þætti sem skiptu máli í þessu tilliti. Alls 94 konur nýttu sér það. Þar af nefndu 29 konur atriði sem lúta að jafnrétti kynjanna, bæði innan og utan heimilis. Atriði sem varða samvinnu kvenna og stuðning hver við aðra nefndu 28, atriði sem lúta að þýðingu jákvæðra viðhorfa gagnvart atvinnurekstri kvenna, nefndu 17 konur og 14 konur nefndu menntun.

5.3.4. Geta verið kynbundnar hindranir á vegi kvenna í atvinnurekstri?

Með síðustu spurningu könnunarinnar voru konurnar spurðar beint að því hvort þær væru sammála eða ósammála því að það geti verið **kynbundnar hindranir** á vegi kvenna í atvinnurekstri. Spurning þessi var gagngert höfð síðust í því augnamiði að þátttakendur væru áður en kæmi að henni búnir að velta fyrir sér ýmsu varðandi atvinnurekstur kvenna. Mynd 5.9 sýnir hvernig svör þátttakenda skiptust.

Tæp 90% kvennanna tóku afstöðu til þessarar spurningar. Svör þeirra skiptust þannig að 75% voru sammála því að kynbundnar hindranir geti verið á vegi kvenna í eigin atvinnurekstri, 25% voru ósammála. Athygli vekur munur á afstöðu eftir aldri kvennanna og menntun. Þannig voru aðeins 61% kvenna 50 ára og eldri sammála því að kynbundnar hindranir geti verið á vegi kvenna í atvinnurekstri. Konur með starfsmenntun reyndust í 92% tilvika vera sama sinnis.

Mynd 5.9. Geta verið kynbundnar hindranir í vegi kvenna í atvinnurekstri?




Tekið skal fram að við framkvæmd könnunarinnar var hvorki útskýrt hvað átt væri við með „kynbundnum hindrunum“ né voru þátttakendur spurdir hvar þeir teldu hindranir helst liggja. Skilning þátttakenda á „kynbundnum hindrunum“ og afstöðu þeirra til þess hvar þær helst liggja má hins vegar ráða af svörum við spurningum um viðhorf til aðgengis kvenna miðað við aðgengi karla, að lánnum styrkjum ofl. (5.3.1.), af afstöðu til fullyrðinga sem varða mun karla og kvenna í tengslum við atvinnurekstur (5.3.2.) og viðhorfa til ýmissa sérstakra stuðningsaðgerða. (5.3.3.).

Framangreindar niðurstöður gefa ákveðna mynd af konum í atvinnurekstri og mati þeirra á því rekstrarumhverfi sem konur búa við og hvar skórinn kreppir. Ósvarað er þó enn hvort þær vilji að sérstaklega sé stutt við konur í atvinnurekstri og þá á hvaða forsendum stuðningur skuli veittur. Um það verður fjallað í næsta kafla.

5.4. Vilja konur að sérstaklega sé stutt við þær og þá á hvaða forsendum?

5.4.1. Afstaða til sérstaks stuðnings við konur í atvinnurekstri

Þátttakendur voru spurðir hvort „þegar á heildina er litið“ þeir teldu „æskilegt eða óæskilegt að stjórnvöld styðji sérstaklega konur í atvinnurekstri á einn eða annan hátt“.



Mynd 5.10. Telur þú æskilegt að stjórnvöld styðji sérstaklega konur í atvinnurekstri á einn eða annan hátt?

Mynd 5.10. sýnir svör allra kvennanna við þessari spurningu. Um 4% svöruðu ekki og 16% svarenda tóku ekki afstöðu og voru konur 50 ára og eldri hlutfallslega fjölmennastar í þeim hópi. Af þeim 282 konum sem svöruðu spurningunni töldu 61% þeirra það „frekar eða mjög æskilegt“ að stjórnvöld styðji sérstaklega við konur í atvinnurekstri en um 22% töldu það „frekar eða mjög óæskilegt“. Hlutfallslega voru mun fleiri yngri konur sem töldu sérstakan stuðning „frekar eða mjög æskilegan“.

5.4.2. Forsendur stuðningsaðgerða – hvers vegna ætti að styðja konur sérstaklega?


Í upphafi skýrslunnar (1.-1.5.) er fjallað um mismunandi forsendur fyrir mati á þörf fyrir sérstakan stuðning við atvinnurekstur kvenna og gerð grein fyrir forsendum nefndarinnar. Nefndinni þótti rétt að fá fram afstöðu kvennanna í úrtakshópnum til

Þessa.

Bornar voru undir þáttakendur 6 fullyrðingar um hvers vegna „eigi eða eigi ekki“ að styðja konur í atvinnurekstri. Svarendur voru beðnir að segja til um hvort þeir væru fullyrðingunum sammála eða ósammála og jafnframt gefinn kostur á að taka ekki afstöðu. Fullyrðingarnar voru eftirfarandi:

- * Fullyrðing 1: Það er æskilegt að styðja við atvinnurekstur kvenna til að kraftar þeirra til eflingar atvinnulífsins nýtist sem best.
- * Fullyrðing 2: Stuðningur við atvinnurekstur kvenna stuðlar að auknum áhrifum þeirra í atvinnulífinu og þar með auknu jafnrétti kynjanna.
- * Fullyrðing 3: Það mælir með stuðningi við atvinnurekstur kvenna að slíkur stuðningur getur bætt efnahagslega stöðu kvenna og dregið úr atvinnuleysi.
- * Fullyrðing 4: Það er æskilegt að stjórnvöld styðji við atvinnurekstur kvenna, því að í eigin atvinnurekstri eru meiri möguleikar á sveigjanlegum vinnutíma, þ.e.a. konur geta betur aðlagð launað starf sitt, störfum á heimili.
- * Fullyrðing 5: Það er **ekki** æskilegt að stjórnvöld styðji sérstaklega við konur í atvinnurekstri þar sem konur sem atvinnurekendur eru ekki einsleitur hópur. Sumar konur þurfa stuðning en aðrar ekki og því væri nær að skilgreina markhópa sem þurfa stuðning óháð kyni.
- * Fullyrðing 6: Það er **ekki** æskilegt að stjórnvöld styðji konur í atvinnurekstri vegna jafnréttissjónarmiða. Það er ekki konum í hag að skilgreina konur í atvinnurekstri sem hóp sem þarf á stuðningi að halda umfram aðra.

Mynd 5.11. sýnir skiptingu allra 293 svara.



Mynd 5.11. Ert þú sammála eða ósammála þessum fullyrðingum?

Eins og sést á myndinni voru áberandi fleiri konur sammála fyrstu þremur fullyrðingunum. Af þeim sem afstöðu tóku voru 95% sammála fyrstu fullyrðingunni, þeirri að það sé æskilegt að styðja við atvinnurekstur kvenna til að

kraftar þeirra til eflingar atvinnulífsins nýtist sem best. Allar konurnar búsettar í þéttbýli öðru en höfuðborgarsvæðinu voru sammála þessari fullyrðingu. Næstu fullyrðingu, þeirri að slíkur stuðningur sé æskilegur því hann **stuðli að auknum áhrifum þeirra** í atvinnulífinu og þar með að auknu jafnrétti kynjanna, voru 97% kvennanna sammála. Þessi afstaða var jafnvel enn afdráttarlausari meðal kvenna sem eru með eigin atvinnurekstur (98,5%) en hinna sem eru ekki með atvinnurekstur (92,5%). Þriðju fullyrðingunni, þeirri að stuðningur geti **bætt efnahagslega stöðu** kvenna og dregið úr atvinnuleysi, voru 96% sammála. Fjórdju fullyrðingunni, þeirri að æskilegt sé að stjórnvöld styðji við atvinnurekstur kvenna því að **í eigin atvinnurekstri eru meiri möguleikar á á sveigjanlegum vinnutíma**, þ.e. konur geti betur aðlagðað launað starf sitt, störfum á heimili, voru 82% kvennanna sammála. Þetta er sama prósentuhlutfall og gaf möguleika á sveigjanlegum vinnutíma sem ástæðu fyrir því að fara út í eigin atvinnurekstur.

Síðustu tveim fullyrðingunum voru mun færri konur sammála. Konurnar voru í 66% tilvika sammála þeirri fullyrðingu að **ekki** væri æskilegt fyrir stjórnvöld að styðja sérstaklega við konur í atvinnurekstri þar sem **konur sem atvinnurekendur eru ekki einsleitir hópur** og 53% kvenna töldu **ekki** æskilegt að stjórnvöld styðji konur í atvinnurekstri vegna **jafnréttissjónarmiða**: Það sé **ekki konum í hag að skilgreina þær sem hóp sem þarf á stuðningi að halda umfram aðra**.

Rétt er að áréttta að svarendum var gefinn kostur á að lýsa afstöðu sinni til allra fullyrðinganna, en ekki gert að velja á milli þeirra eða svara takmörkuðum fjölda. Auðsýnilega hafa margir svarenda verið sammála öllum fullyrðingunum, bæði þeim sem lutu að því að stuðningur væri æskilegur og þeim tveimur sem lutu að því að stuðningur væri óæskilegur. Þetta telur nefndin einmitt vera lýsandi fyrir það hversu ólíkar skoðanir konur hafa á því hvaða leiðir séu jafnrétti kynjanna til hagsbóta.

Með vísun til umfjöllunar hér að framan er ljóst að konur eru að stærstum hluta hlynntar sérstökum stuðningi við konur í atvinnurekstri. Þær skiptast á hinn bóginn frekar í hópa með tilliti til ástæðna fyrir honum og til þess hvaða hagsmunum hann eigi að þjóna. Þetta rennir stoðum undir þá afstöðu nefndarinnar sem fjallað var um hér að framan (1.-1.5.) að nauðsynlegt sé að ákvarða á hvaða forsendum meta skuli þörf fyrir sérstakan stuðning til að komast hjá ágreiningi um mismunandi leiðir í jafnréttisbaráttunni. Ef stuðningsaðgerðir eru ákvarðaðar á forsendum atvinnulífsins verður árangur metinn út frá þeim hagsmunum en ekki kynjajafnréttis. Hins vegar er alveg ljóst að árangursríkar stuðningsaðgerðir koma jafnréttisbaráttunni til góða.

5.5. Samantekt og niðurstöður

Í stórum dráttum má segja að könnun nefndarinnar hafi leitt eftirfarandi í ljós:

Meirihluti kvennanna telur æskilegt að stjórnvöld styðji sérstaklega við konur í atvinnurekstri. Þær voru allar nær sammála um að forsendurnar ættu að vera þær að kraftar kvenna til eflingar atvinnulífsins nýtist sem best, að stuðningurinn stuðli að auknum áhrifum í atvinnulífnu, að hann geti bætt efnahagslega stöðu og gefi meiri möguleika á sveigjanlegum vinnutíma.

Aðalástæður stærsta hluta kvennanna fyrir því að fara út í eigin atvinnurekstur reyndist vera að hafa af rekstrinum atvinnu og laun, vera eigin herra, eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma og að framkvæma góða viðskiptahugmynd. Vonin um hagnað og hærri laun eigenda eru hluti af framtíðarsýn en síður ástæða fyrir því að hefja eigin atvinnurekstur.

Sérstaka athygli vakti hve margar konur tóku ekki afstöðu til spurningarinnar um aðgang kvenna miðað við karla að styrkjum sem nefndin telur gefa til kynna hversu lítið sýnilegir styrkir til atvinnurekstrar eru. Svo og er athyglisvert hve þær sem hafa notið styrkja voru undantekningalítið þeirrar skoðunar að konur hafi takmarkaðri aðgang að styrkjum en karlar. Konurnar skiptust í tvo nokkuð jafna hópa í afstöðu sinni til aðgangs kvenna miðað við karla að lánnum. Annar hópurinn telur aðgang kvenna jafnan aðgangi karla, en hinn að hann sé verri. Mikill meirihluti kvennanna telur aðgang kynjanna að faglegri ráðgjöf jafnan.

Konurnar telja að helsti munur á viðhorfum karla og kvenna til atvinnurekstrar felist í því að konur beri almennt meiri ábyrgð á heimili og fjölskyldu en karlar, að þær séu hræddari en karlar að taka fjárhagslega áhættu og hafi minna sjálfstraust til að stofna og reka eigið fyrirtæki. Þegar leitað er viðhorfa þeirra til þess hvar skórinn kreppir helst í aðstöðu þeirra til að stunda atvinnurekstur, leggja konurnar mesta áherslu á bættu þjónustu leikskóla, lengdan og samfelldan skólalag, sérstaka ráðgjöf, námskeið og tengslanet.

Félagslegar aðstæður hafa mikil áhrif á atvinnurekstur kvenna og fjölskylduábyrgð er veigamesta ástæða þess að konur standa verr að vígi. Það er vissulega umhugsunarvert hvort eðlilegt sé að konur í eigin atvinnurekstri þurfi, vegna umönnunar barna og rekstrar heimilis, að sæta því að talað sé um sérþarfir þeirra. Eðlilegra er að tala um sérstöðu karla, þá að þurfa ekki að sníða atvinnurekstur sinn að þörfum fjölskyldunnar.

6. Sérstakar aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri kvenna

6.1. Inngangur

Við mat á þörf sérstakra stuðningsaðgerða fyrir konur í atvinnurekstri hlýtur að þurfa að horfa til stuðningsaðgerða sem standa til boða, bæði til almennra aðgerða og aðgerða sem sérstaklega eru ætlaðar konum. Meta þarf þann stuðning sem staðið hefur til boða og hvernig hann nýtist konum. Fyrst skal þó gerð stuttlega grein fyrir því með hvað hætti staðið er að stuðningi stjórnvalda við atvinnurekstur kvenna í nágrannalöndum okkar, hjá hinum Norðurlandþjóðunum (6.2.1.), á vegum ESB (6.2.2.) og í Bandaríkjunum og Kanada (6.2.3.) svo og fyrir helstu niðurstöðum fjölbjóðlegra ráðstefna (6.3.).

Vert þykir að taka hér fram að notkun tiltekinna lykillugtaka og orðskýringa er nokkuð á reiki í umfjöllun um stuðning við atvinnurekstur. Við samanburð verður að tryggja að þetta valdi ekki misskilningi og mistúlkun. Þannig er þó algengast hérlendis að *stuðningsverkefni* sé notað yfir veitta aðstoð í formi þjónustu og

fræðslu svo og hvers konar rannsóknarverkefni en hugtakið *fjármögnun* yfir styrki, lán, áhættulán og hlutfjárkaup. Á hinn bóginn er víða erlendis, svo sem innan OECD, fjármögnun og niðurgreiðsla fjármagns flokkað sem *stuðningsaðgerð/stuðningsverkefni*.

6.2. Aðgerðir erlendis

Efnahags- og atvinnustefna hefur á undanförunum árum víða erlendis verið að þróast í frjálsræðisátt og stjórnvöld að hverfa frá sértækum stuðningi við ákveðnar atvinnugreinar og fyrirtæki yfir í almenna aðstoð hvers konar, svo sem fræðslu, miðlun upplýsinga og styrki til þróunar- og rannsóknarverkefna. Þrátt fyrir þessa þróun hefur víða verið gripið til sérstakra aðgerða til stuðnings atvinnurekstri kvenna. Þessar aðgerðir eru af mismunandi toga, en miða þó allar að því að gera konum kleift og/eða auðvelda þeim að stofna og reka fyrirtæki. Aðgerðirnar byggjast á mismunandi forsendum. Ein helsta forsenda er fæð kvennafyrirtækja, sem tengist því að mönnum hefur orðið ljós þýðing þeirra fyrir efnahags- og atvinnulíf. Einnig má nefna byggðasjónarmið, jafnréttissjónarmið og að upplýsingar hafa bent til þess að almenn, ókynbundin stuðningsúrræði hafi ekki nýst atvinnurekstri kvenna.

Ástæður stuðningsaðgerðanna eru oft þær að niðurstöður rannsókna eða kannana benda til þess að konur eigi ekki jafn greiðan aðgang að fjármagni, fræðslu, ráðgjöf og viðskiptatengslum. Þetta eru taldar vera helstu hindranir á vegi kvenna í atvinnurekstri. Á þessu hafa m.a. verið gefnar þær skýringar að konur fari oft fram á lægri fjárhæðir en karlar, viðskiptahugmyndir þeirra kalli eftir lágum fjárhæðum, það lágum að þær veki ekki áhuga lánastofnana og að margar skorti kunnáttu til að gera fjárhags- og rekstraráætlanir svo og viðskiptareynslu og -sögu. Þessum þáttum sem víða erlendis eru skilgreindir sem sérþarfir kvenna hefur verið reynt að mæta með sérstökum aðgerðum.

6.2.1. Norðurlönd

Svíþjóð

* *Fjármögnun*

Í Svíþjóð sýndu rannsóknir að hindranir voru á vegi kvenna varðandi aðgang að lánsfé til að stofna og reka fyrirtæki. Leitt var líkum að því að skýringanna væri að leita í því að konur stofni fyrirtæki með mun minni tilkostnaði og fari því fram á lægri lánsfjárhæðir. Í ágúst 1994 var því stofnsettur sérstakur *lánasjóður ætlaður fyrir konur* sem hugðu á rekstur eigin fyrirtækis eða ráku nú þegar fyrirtæki. Til að eiga kost á slíku láni þarf stofnkostnaður að vera minnst 330 þúsund sænskar krónur. Hámarkslánsfjárhæðin er 150 þúsund og lánið má ekki nema meira en 50% af heildarlánsfjárförfinni í hverju tilviki. Frá árinu 1994 og til loka ársins 1995 hafa verið veitt samtals 1756 lán að upphæð 116 milljónir sænskra króna og samkvæmt rannsókn á 400 konum sem fengið höfðu lán má gera ráð fyrir að skapast hafi um

3000²⁴ störf (þ.m.t. hlutastörf) á árunum 1994 og 1995.

* *Ráðgjöf*

Í febrúar 1994 setti NUTEK²⁵ á fót sérstaka upplýsingamiðstöð fyrir karla og konur sem hyggjast stofna fyrirtæki. Þjónustan er veitt án endurgjalds. Á árinu 1995 komu næstum 14.000 fyrirspurnir þar af voru 36% frá konum. Enn fremur hefur víðsvegar um Svíþjóð verið komið á fót upplýsingamiðstöðvum fyrir konur.

* *Atvinnuráðgjafar og þróunarsjóðir*

Á árinu 1992 stóð NUTEK fyrir rannsókn á stöðu kvenna í atvinnurekstri. Við þessa rannsókn var sérstaklega haft í huga mikið atvinnuleysi meðal kvenna í dreifbýli. Sveitarfélögin réðu *atvinnuráðgjafa* til starfa sem fengu það verkefni að styðja og auka áræðni hjá konum til að nýta möguleg atvinnutækifæri í nánasta umhverfi s.s. með stofnun eigin atvinnurekstrar. Upphaflega var um tilraunaverkefni til þriggja ára að ræða (1994-1996) en líklegt er talið að flest sveitarfélögin haldi þessu starfi áfram. Þetta verkefni er að hluta til fjármagnað með stuðningi frá ESB. Í tengslum við vinnumarkaðsaðgerðir hefur konum í Svíþjóð einnig verið veittur *forgangur að tilteknum þróunarsjóðum*.

* *Styrkir*

Atvinnulausir (karlar og konur) í Svíþjóð eiga kost á að fá styrk í allt að 6 mánuði til að stofna eigið fyrirtæki. Á árinu 1994 fengu 12 þúsund einstaklingar slíkan styrk, þar af um fjórðungur konur. Frá síðustu áramótum var hins vegar ákveðið að veita ákveðnum hópum kvenna slíkan styrk til lengri tíma, eða í allt að 12 mánuði. Markmiðið er að minnka atvinnuleysi hjá konum sem áður störfuðu hjá því opinbera og að auka hlut kvenna í eigin atvinnurekstri. Samhliða þessum stuðningi er boðið upp á ráðgjöf um stofnun og rekstur fyrirtækja.

Noregur

* *Fjármagn*

Hjá SND- iðnaðar- og þróunarsjóði²⁶ hafa konur forgang að sérstökum styrkjum (allt að 200 þúsund norskum krónum) sem veittir eru vegna stofnunar fyrirtækja og þróunar viðskiptahugmyndar. Ennfremur er konum veittur forgangur að styrkjum vegna *þróunarverkefna í landbúnaði* úr byggðaðþróunarsjóðum. Konur hafa forgang hjá atvinnusjóðum sveitarfélaga.

* *Örlánanet og tengslanet*

Á undanförunum árum hafa Norðmenn komið á fót örlánanetum (*nätverksbanke - microcredit*) ætluðum konum og eru þau fjármögnuð af fyrirtækjum í einkaeign að hluta með framlagi frá hinu opinbera. Auk lánveitinga er markmiðið að styðja við

²⁴ Kvinnor, nyföretagande och insatser, rapport från Nordiske Ministerrådets Idékonferens om kvinnor och nyföretagande, Göteborg 26-27.9.1996. Nordisk Ministerråd, Nordisk Forlagshus.

²⁵ Närings- och teknikutvecklingsverket.

²⁶ Statens närings-og distriktsutviklingsfond.

og veita fræðslu í málum eins og skattamálum, gæðastjórnun og markaðsmálum.

** Ráðgjöf og fræðsla*

Flest sveitarfélög í Noregi hafa á sínum snærum sérstaka *ráðgjafa* fyrir konur í atvinnurekstri og í sumum tilfellum er boðið upp á sérstök námskeið fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki. Markhópur kvennaráðgjafanna eru konur í landbúnaðarhéruðum.

Finland

** Fjármögnun*

Á vegum Kera Ab (*finnska byggðastofnunin*) er verið að undirbúa sérstök lán fyrir konur í atvinnurekstri og eru þau sérstaklega hugsuð fyrir konur í þjónustugreinum. Fyrirmyndin er fengin frá Svíþjóð.

** Ráðgjöf*

Á árinu 1996 var komið á laggirnar *sérmiðstöð* fyrir konur í atvinnurekstri. Markmið þessarar miðstöðvar er í senn að styðja við bakið á konum er hyggjast stofna fyrirtæki og að hvetja konur til að líta á stofnun fyrirtækja sem raunhæfan valkost sem starfsvettvang. Miðstöðin býður upp á ráðgjöf og þjálfun fyrir konur sem eru að undirbúa stofnun fyrirtækis og konur sem þegar eru í rekstri en hafa hug á frekari þróun fyrirtækisins. Í tengslum við miðstöðina er svo hugmyndin að smám saman þróist *tengslanet* sem nýtist konum á þessum vettvangi.

** Viðskiptaskóli*

Vorið 1987 stóð iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið (Kauppa- ja teollisuusministerio) í *Finlandi* fyrir stofnun viðskiptaskóla eingöngu ætluðum konum þar sem boðið er upp á nám í stjórnun og atvinnurekstri. Skólanum var komið á fót á grundvelli tillagna nefndar sem hafði það verkefni að kanna stöðu kvenna í fyrirtækjarekstri. Markmið skólans er að efla hlut kvenna í ábyrgðarstöðum og í atvinnurekstri.

** Önnur verkefni á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í Finlandi*

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið í Finlandi hafði frumkvæði að því að koma á fót verkefni í samvinnu við félagsmálasjóð Evrópusambandsins sem fól í sér að hvetja, mennta og styðja konur til að stofna fyrirtæki. Verkefnið hafði það að makmiði að efla þekkingu kvenna á atvinnlífinu og styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaðinum t.d. með því að ýta undir myndun tengslaneta fyrir konur í atvinnurekstri.

Á vegum fyrirtækjaþjónustu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins voru haldin námskeið fyrir konur sem reka fyrirtæki, veita fyrirtækjum forstöðu eða gegna lykilstöðu í fyrirtæki.

Að frumkvæði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins var á árinu 1988 komið á fót sérstakri stofnun²⁷ þar sem leitast er við að efla sambönd s.s. með myndun tengslaneta milli „valdamikilla“ kvenna í Finlandi. Meðal verkefna stofnunarinnar

²⁷ International Women's Management Institut.

er „Mentor“ sem er ætlað að bæta forystuhæfileika kvenna. Einnig eru haldin námskeið sem fjalla um möguleika kvenna í fjarskipta-og upplýsingatækni.

* *Annað*

Í *Finnlandi* hefur einnig verið leitast við að draga úr hefðbundinni kynjaskiptingu á vinnumarkaði m.a. með fræðslu fyrir nemendur um vinnumarkaðinn. Í ágúst 1996 skipaði atvinnumálaráðuneytið starfshóp til þess að kanna að hve miklu leyti *stefna stjórnvalda í menntunar- og nýsköpunarmálum* hamlaði stöðu kvenna á finnskum vinnumarkaði. Vinnuhópnum var enn fremur falið að leita leiða til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum, bæði sem launþega og atvinnurekenda.

Danmörk

Í *Danmörku* er boðið upp á ýmsar stuðningsaðgerðir fyrir frumkvöðla í atvinnurekstri. Þessar aðgerðir eru almennar og miða að því að bæta *starfsskilyrði atvinnulífsins almenn* en beinast ekki að konum sérstaklega. Dönsk stjórnvöld hafa hins vegar lýst því yfir að leiði rannsóknir í ljós að konur verði fyrir sérstökum hindrunum við stofnun eða rekstur fyrirtækja verði hugað að aðgerðum þeim til handa.

6.2.2. Aðgerðir á vegum ESB

ESB hefur hvatt aðildarríki sín til sérstakra aðgerða til þess að stuðla að auknum hlut kvenna í atvinnurekstri.²⁸ Enn fremur hefur ESB staðið fyrir sérstökum verkefnum á þessu sviði. Þannig var í mars 1996 t.a.m. ákveðið að veita 20 milljónum evra (um 1580 milljón íslenskra króna) til fjármögnunar atvinnuskapandi verkefna fyrir konur í dreifbýli.²⁹ Enn fremur hefur sambandið í umfjöllun sinni um stöðu lítilla- og meðalstórra fyrirtækja lagt áherslu á að skoða sérstaklega stöðu kvenna sem stunda atvinnurekstur.³⁰

Sem dæmi um sérstakar aðgerðir í einstökum aðildarlöndum ESB mætti nefna banka og lánatryggingasjóði í Frakklandi (Fonds de Garantie y l'Initiative des Femmes) og í Hollandi (*Mama Cash*). Enn fremur upplýsingamiðstöðvar í Belgíu, Frakklandi, Hollandi og á Suður-Ítalíu. Auk þess sérstakt verkefni á Írlandi (Women in Business) á vegum Irish Development Agency fyrir konur í atvinnurekstri. Þá er athyglisvert framtak hollenskra yfirvalda sem hafa beitt sér fyrir fræðslu í skólum um konur sem frumkvöðla í atvinnulífinu.³¹

²⁸ Equal Opportunities for Women and Men in the European Union - 1996. Summary, 2. kafli.

²⁹ Europe, N° 6683, 8. mars 1996.

³⁰ ESB hélt umfangsmikla ráðstefnu um LMF í Mílanó 20.-22. nóvember 1997 en einn undirbúningsfundanna vegna ráðstefnunnar fjallaði sérstaklega um konur sem frumkvöðla. Sjá enn fremur: European Commission Communication on the Multiannual SME Programme 1997-2000, COM (96) 98 20.3.1996.

³¹ The European Observatory for SMEs. Fourth Annual Report 1996, bls: 346. Auk þess sem hér er talið má á sama stað sjá að Spánn, Austurríki og Portúgal hafa sett á fót sérstök verkefni fyrir konur í atvinnurekstri.

Á undangengnum árum hefur þó þróunin í Evrópu verið í átt til aukinnar áherslu á samþættingu stuðningsaðgerða við atvinnurekstur kvenna (mainstreaming), þar sem stuðningur við konur er samtvinnaður almennum stuðningi sem örvar atvinnulífið yfirleitt. Farið er að leggja meiri áherslu á að jafnræðis sé gætt í öllum aðgerðum í stað þess að leggja áherslu á sérstakan stuðning við konur.³²

** Fjórða framkvæmdaáætlun ESB í jafnréttismálum*

Árið 1996 var fjórðu framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins í jafnréttismálum hleypt af stokkunum og stendur hún til ársins 2000. Meginmarkmið áætlunarinnar er að styrkja jafnréttisstarf í Evrópu og styðja verkefni sem miða að því að bæta stöðu kvenna. Veittur verður fjárhagsstuðningur til verkefna sem lúta að eftirtöldum sviðum:

Samþættingu (mainstreaming) jafnréttissjónarmiða inn í alla stefnumótun, t.d. er samþætting markmiða og aðgerða sem snúa að fjölskyldu og atvinnulífi nauðsynleg til að árangur náist í allri opinberri stefnumótun.

Rannsóknarvinnu þar sem kynferði er gert sýnilegt og leitast er við að draga fram sjónarmið beggja kynja.

Atvinnu- og vinnumarkaði.

Auknum þætti kvenna í ákvarðanatöku.

Framkvæmdastjórn ESB ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar, en á vegum hennar starfar sérstök umsjónarnefnd sem er skipuð fulltrúum frá öllum löndum sem eiga aðild að áætluninni. Ísland er nú í fyrsta sinn aðili að þessari framkvæmdaáætlun og hefur Skrifstofa jafnréttismála tekið þátt í henni fyrir Íslands hönd.³³

6.2.3. Bandaríkin og Kanada

** Kanada*

Í Nova Scotia var á árinu 1992 stofnuð *miðstöð* fyrir konur í atvinnurekstri. Meginhlutverk hennar er að hvetja og styðja konur til að líta á sjálfstæðan atvinnurekstur sem valkost og að auka veg kvenna í atvinnulífinu. Að miðstöðinni standa ACOA (Atlantic Canada Opportunities Agency), Bank of Montreal og Mount Saint Vincent University, en miðstöðin hefur einnig samstarf við aðra aðila sem vinna að stuðningi við atvinnurekstur í Kanada. Miðstöðin hefur á sínum snærum öflugum upplýsingaþjónustu, býður upp á persónulega ráðgjöf, ýmis konar þjálfun og námskeið, bæði fyrir konur sem vilja hasla sér völl í atvinnulífinu og konur sem eru í atvinnurekstri. Þá hefur miðstöðin komið á fót tengslanetum fyrir konur. Loks hefur miðstöðin sinnt ýmsum rannsóknum á þessu sviði og skapað mikilvægan vettvang fyrir samstarf nemenda og kvenna sem stunda

³² The European Observatory for SMEs. Fourth Annual Report 1996, bls: 348.

³³ Drífa Hrönn Kristjánsdóttir, Minnisblað um fjórðu framkvæmdaáætlun ESB í jafnréttismálum 1996-2000. Sjá jafnframt um áætlunina í Official Journal of the European Communities, No C 363/12, 3. desember 1996.

atvinnurekstur.³⁴

**Bandaríkin*

Fyrir nokkrum árum var skipuð nefnd af Clinton, Bandaríkjaforseta, með það að markmiði að finna leiðir til að auka veg kvenna í atvinnurekstri. Ein ástæða þess var að hans sögn sú að fyrirtæki í eigu kvenna væru einn helsti vaxtarbroddur bandaríks efnahagslífs.³⁵ Í Bandaríkjunum er veittur ýmis konar stuðningur fyrir konur í atvinnurekstri, bæði á vegum opinberra- og einkaaðila. Meginhlutverk nefndarinnar var að fara yfir þessar aðgerðir, meta þær og koma með tillögur um samræmingu og úrbætur. Nefndin lagði áherslu á eftirfarandi meginatriði:

- * Að auka aðgang kvenna að fjármagni.
- * Að auka aðgang kvenna að útboðum á vegum hins opinbera.
- * Að veita þjálfun og tæknilega ráðgjöf.
- * Að auka þekkingu á fyrirtækjum í eigu kvenna..

Í fjölmörgum fylkjum Bandaríkjanna hafa verið settar á stofn upplýsingamiðstöðvar fyrir konur í atvinnurekstri (Women Business Centers) og í janúar 1998 var opnuð heimasíða með fræðsluefni um stofnun og rekstur fyrirtækja sérstaklega ætluð konum.³⁶

6.2.4. Samantekt.

Af framangreindri umfjöllun er ljóst að erlendis byggist stuðningur við atvinnurekstur kvenna á mismunandi forsendum og að farnar eru ýmsar leiðir til úrbóta, en í stuttu máli má segja að greina megi eftirfarandi meginlínur:

Stuðningur við atvinnurekstur kvenna er ýmist tengdur almennum aðgerðum til atvinnusköpunar, aðgerðum gegn atvinnuleysi eða aðgerðum til að auka almenn völd kvenna í efnahagslífinu.

Stuðningur við atvinnurekstur kvenna beinist fyrst og fremst að því að veita aðgang að fjármagni, fræðslu, ráðgjöf, upplýsingamiðlun og myndun tengslaneta.

Stuðningur er ýmist veittur með sérstökum aðgerðum ætluðum konum eingöngu, með forgangi kvenna að stuðningsaðgerðum eða með því að tryggja að hagsmuna kvenna sé gætt í almennum stuðningsaðgerðum.

³⁴ Center for Women in Business Mount Saint Vincent University, Halifax, Nova Scotia. Annual Report 1995-1996.

³⁵ „I am launching a bold federal initiative to promote the role of women business owners nationwide. Businesses owned by women constitute one of the fastest growing sectors of the economy“ Report of the Interagency Committee for Women’s Business Enterprise.

³⁶ Slóð heimasíðunnar er <http://www.onlinewbc.org>

6.3. Helstu niðurstöður fjölþjóðlegra ráðstefna um atvinnurekstur kvenna

Á liðnum árum hafa verið haldnar nokkrar fjölþjóðlegar ráðstefnur um lítil og meðalstór fyrirtæki, þýðingu þeirra fyrir efnahagslífið og starfsskilyrði. Tilgangur slíkra ráðstefna er fjölþættur, en segja má að meginmarkmið þeirra sé að hafa áhrif á stefnumótun stjórnvalda í þágu hagsmuna LMF. Þá ekki síst í því ljósi hvað markaðssvæði hafa stækkað, s.s. með tilkomu evrópska efnahagssvæðisins. Á ráðstefnunum hefur gjarnan verið gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna á starfsskilyrðum LMF, mismunandi stuðningsaðgerðum til að efla eða bæta starfsskilyrði þeirra og miðla reynslu og þekkingu.

** Konur sem atvinnurekendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja*

Á vegum OECD var haldin ráðstefnan „Women Entrepreneurs in Small and Medium-Sized Enterprises: A Major Force in Innovation and Job Creation“ 16.-18. apríl 1997. Á ráðstefnunni var fjallað um frumkvæði og þátttöku kvenna í atvinnulífi út frá efnahagslegum, félagslegum og pólitískum sjónarmiðum.³⁷

Það sem aðallega er talið einkenna kvennafyrirtæki innan OECD er að þau séu yfirleitt lítil, starfi aðallega á sviði þjónustu og smásölu og hafi litla vaxtarmöguleika. Þetta er talið skýra að kvennafyrirtæki skapi aðeins 7% atvinnu innan OECD-ríkjanna. Ný tækni ásamt vaxandi tekjum eigi hins vegar eftir að auka eftirspurn eftir þjónustu og þar með fjölga kvenatvinnurekendum og auka atvinnusköpun þeirra.

Konum er talið sammerkt að axla að stórum hluta fjölskylduábyrgð. Eigin atvinnurekstur er talinn gefa konum tækifæri á sveigjanleika í starfi og er það ein af niðurstöðum ráðstefnunnar að stjórnvöld geti komið til móts við konur m.a. með auknu framboði á dagvistunarræðum fyrir börn.

Helstu niðurstöður starfshópa á ráðstefnunni voru eftirfarandi:

Viðskiptaumhverfi og tækni

OECD á að gegna forystuhlutverki við söfnun og stöðlun gagna og upplýsinga um lítil og meðalstór fyrirtæki. Internetið veitir aðgang að upplýsingum og mörkuðum og þarf að styrkja samtök og gagnanet t.d. með stofnun alþjóðlegs gagnanets sem fulltrúar stjórnvalda og fyrirtækja eiga hlut að. Stjórnvöld geta stutt þetta með því að stuðla að lækkun kostnaðar við fjarskipti og með því að draga úr skriffræði. Hvatt er til aukins samstarfs ríkisvalds, hagsmunasamtaka og atvinnulífs en athuganir sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum hafa sýnt fram á að slíkt samstarf sé árangursríkt. Auka ber menntun og þjálfun kvenna í atvinnurekstri á sviði tækni, viðskipta og stjórnunar.

³⁷ „Konur sem frumkvöðlar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum“: Skýrsla um ráðstefnu vinnunefndar iðnaðarnefndar OECD um lítil og meðalstór fyrirtæki, París 16.-18. apríl 1997. Baldur Pétursson / Elísabet Benediktsdóttir, maí 1997. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Alþjóðavæðing og alþjóðaviðskipti

Alþjóðlegt tengslanet kvenatvinnurekenda eykur þekkingu á atvinnurekstri kvenna. Stuðla ber að því að að fyrir hendi séu ýmis konar fjármögnunaraðferðir fyrir atvinnufyrirtæki í eigu kvenna sem stunda milliríkjaviðskipti.

Stjórnun

Auka þarf rannsóknir og samanburð á mismunandi stjórnunarháttum karla og kvenna. Skipulagning á fræðslu og þjálfun þarf að taka jafnt mið af konum sem huga að stofnun fyrirtækja og þeim sem vilja stækka rekstur sinn. Lögð er áhersla á nauðsyn þess að halda á lofti konum í atvinnurekstri sem fyrirmyndum annarra kvenna.

Fjármál

Aðildarríki OECD eru hvött til að kyngreina upplýsingar um fjármögnun LMF, lánveitingar og töpuð útlán. OECD skal setja viðmið um eftirbreytniverða starfshætti varðandi fjármögnun sjálfstæðs atvinnurekstrar.

** Evrópuráðstefna um konur: Atvinnurekendur, maka sem samstarfsmenn og eigendur fyrirtækja.*

Ráðstefna á vegum ESB sem haldin var í Kaupmannahöfn 5.-6. september 1997 og bar ofnangreinda yfirskrift var undirbúningsráðstefna fyrir ráðstefnu í Mílanó 20.-21. nóvember 1997 um handverksiðnað og smáfyrirtæki.

Helstu niðurstöður undirbúningsfundarins voru eftirfarandi:

Almennar stuðningsaðgerðir

Sérstök áhersla var lögð á almennar stuðningsaðgerðir. Má þar nefna að draga úr skriffinnsku til hins opinbera sem leggst þyngra á LMF en stór fyrirtæki og sjá til þess að ný laga- og reglugerðarákvæði íþyngi ekki rekstri fyrirtækja. Evrópusambandið var hvatt til að standa að miðlun gagna- og upplýsinga frá fyrirtækjum til opinberra aðila.

Vinna maka í fyrirtæki

Fjallað var um stöðu kvenna sem starfa við fyrirtæki maka sinna en mikill munur er á réttarstöðu þeirra eftir ríkjum. Rík áhersla var lögð á nauðsyn þess að tryggja stöðu og réttindi þessara kvenna og safna tölfræðilegum upplýsingum um þær.

Aðgangur kvenna að fjármagni

Fram kom sú að hugmynd að konur í atvinnurekstri fengju aðgang að fjármagni, afborgunar- og vaxtalaus í a.m.k. eitt ár. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að banka- og fjármálastofnanir sinni konum sem sérstökum markhópi. Lagt var til að Evrópski fjárfestingarbankinn (The European Investment Bank) setti á stofn sérstakan lánatryggingasjóð kvenna.

Fræðsla og námskeið

Auðvelda þarf aðgengi kvenna að nauðsynlegum upplýsingum um fyrirtækjarekstur og auka fræðslu og þjálfun með það að markmiði að gera þátttakendur hæfari til að

stofna eða stjórna fyrirtæki. Koma þarf á nánari tengingu skóla og atvinnulífs og stofna tengslanet kvenna í atvinnurekstri. Koma skal á laggirnar upplýsingamiðstöð fyrir konur í atvinnurekstri á vegum „Euro Info Centre“.

** Evrópuráðstefna um handverksiðnað og smáfyrirtæki*

Ráðstefnan í Mílanó var ekki einskorðuð við stuðningsaðgerðir við konur og voru niðurstöður hennar því almennari en þeirra tveggja sem fjallað hefur verið um hér að framan:

Uppbygging fyrirtækja á sviði handverksiðnaðar

Lagt er til að stjórnvöld móti stefnu í skattamálum sem hvetji til atvinnusköpunar og einfaldi lög og reglugerðir. Nauðsynlegt er að auðvelda fólki að stofna fyrirtæki og auðvelda aðgang smáfyrirtækja að lánsfé, t.d. með lánatrygginga- og áhættufjármagnssjóðum og auknum samvinnuverkefnum einkaaðila. Brýnt er að auka þjónustu fjármálastofnana við handverksiðnað og smáfyrirtæki.

Uppbygging og mótun evrópskrar menningar

Nauðsynlegt er að fylgja eftir hinni evrópsku starfsþjálfunaráætlun með aukinni áherslu á iðnnám og efla verkefni fyrir ungt fólk í Evrópu sem hefur hug á að stofna eigin atvinnurekstur.

Stefna á sviði efnahags- og félagsmála

Stefnumótun á sviði efnahags- og félagsmála þarf að taka tillit til handverksiðnaðar og smáfyrirtækja og sérstaks eðils þeirra. Í samráði við forsvarsmenn þessara hópa skal auka rannsóknir til að gefa gleggri mynd af þessum geira atvinnulífsins.

Samkeppnishæfni og nýsköpun

Auðvelda skal forsvarsmönnum fyrirtækja í handverksiðnaði og smáfyrirtækjum aðgang að nýrri tækni, s.s. rafrænum viðskiptum. Einfalda þarf stjórnslu á öllum stigum, koma á sveigjanlegum vinnutíma, efla símenntun og aðstöðu til verkmenntunar.

6.4. Aðgerðir hérlendis

6.4.1. Inngangur

Hér að framan var gefið stutt yfirlit yfir helstu stuðningsaðgerðir í þágu atvinnurekstrar kvenna í nokkrum nágranna- og samkeppnislöndum okkar. Þær gefa á ákveðinn hátt til kynna hvar skórinn kreppir á hverjum stað en vekja jafnframt til umhugsunar hvort aðstæður hérlendis séu sambærilegar. Hér á eftir er stutt umfjöllun um sérstakar aðgerðir hérlendis við atvinnurekstur kvenna. Einnig þótti nefndinni nauðsynlegt að fjalla stuttlega um almennar ókynbundnar stuðningsaðgerðir enda hlýtur mat á þörf sérstakra aðgerða í þágu kvenna m.a. að byggjast á því hvernig þær hafa nýst konum. Vegna skorts á kyngreindum upplýsingum er ógerningur að leggja dóm á not kvenna af almennum stuðningsaðgerðum. Tilraun til þess kallar á að litið sé samhliða til tveggja þátta, greiningar á stöðu og einkennum kvennafyrirtækja og viðhorfum kvenna til eigin

atvinnurekstrar, og þess hvar helstu áherslur liggja í stuðnings- og þjónustuumhverfi (6.4.3).

Hafa ber hér í huga að skv. niðurstöðum úrtakskönnunar nefndarinnar telja um 50% kvennanna að aðgangur kvenna að styrkjum til eigin atvinnurekstrar sé verri en aðgangur karla, og 67% þeirra töldu ástæðuna þá að konur vissu síður en karlar hvar styrki væri að fá. Um 40% kvennanna töldu að aðgangur kvenna að lánum væri verri en aðgangur karla. Á hinn bóginn töldu 72% þeirra að aðgangur kvenna að ráðgjöf væri jafn aðgangi karla. Í þessu samhengi er vert að viðra það viðhorf að styrkja-, lána- og stuðningskerfi atvinnurekstrar sé hálfgerð völuðarhús og að upplýsingar um stuðning og skilyrði hans, séu langt í frá aðgengilegar.

6.4.2. Stuðnings- og þjónustuumhverfi nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar

Hérlendis er hvergi að finna neina útgefna heildarsamantekt yfir stuðningsaðgerðir við atvinnurekstur. Nefndinni var ekki falið að vinna slíka samantekt. Slíkt yfirlit hefði hvort eð er ekki gagnast til að leiða í ljós hvort eða hvernig konum nýtist almennar stuðningsaðgerðir þar sem upplýsingar eru ekki greindar eftir kyni. Sú er enda raunin með úttekt Aflvaka hf. á „Stuðnings- og þjónustuumhverfi nýsköpunar- og atvinnuuppbyggingar“ frá í apríl 1996. Sú úttekt er eingöngu til í vinnueintaki og ekki ætluð til almennrar birtingar, en það mun hafa verið ætlun Aflvaka hf. að halda vinnu við hana áfram. Gagnagrunnur úttektarinnar er á hinn bóginn til og uppfærður hjá Iðntæknistofnun þar sem hægt mun vera að fá allar upplýsingar sem hún geymir í nafni „Rauða þráðarins“. Úttekt þessi er þó yfirgripsmesta samantekt yfir stuðningsaðgerðir hérlendis við atvinnurekstur og með leyfi Aflvaka hf. eru hér birtar upplýsingar úr henni. Í úttektinni er yfirlit yfir þá tæplega áttatíu aðila sem hafa það markmið að veita stuðning við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu. Jafnframt er þar að finna greiningu/flokkun þessara aðila eftir starfsvettvangi og verksviði.

Í úttektinni er tekið fram að þessir aðilar eru mjög smáir og dreifðir og hver einstakur kemur víða við sögu þegar upplýsingar eru flokkaðar eftir avinnugreinum, landsvæðum og eðli þjónustunnar sem veitt er. Flokkun þeirra þjónustuaðila sem skiluðu svörum í könnun Aflvaka hf. sýnir að þeir skiptast þannig eftir **atvinnugreinum** að flestir eru í sjávarútvegi eða 47 aðilar, í iðnaði 48, í landbúnaði 39 og í ferðaþjónustu 35 aðilar. Verslun og þjónusta rekur lestina með 29 aðila og aðrir 29 flokkast undir aðrar atvinnugreinar.

Skipting milli **landsvæða** (starfssvæði) er nokkuð jöfn. **Eðli þjónustunnar** sem veitt er flokkast þannig að 39 aðilar eru í **fjármögnun**, þar af 30 með styrkveitingar, 13 með lánveitingar, 7 með áhættulán, 13 með hlutafjárkaup og 3 með aðra fjármögnun. **Ráðgjöf og þjónusta** flokkast þannig að 31 aðili er með ráðgjöf tengda rannsóknnum, 22 með ráðgjöf um rekstur og áætlanagerð, 18 með tæknilega ráðgjöf, 19 með ráðgjöf vegna markaðssóknar, ráðgjöf um vöruþróun annast 15 aðilar og 12 aðilar flokkast með aðra ráðgjöf. 42 aðilar flokkast með aðra starfsemi en ráðgjöf og fjármögnun.

Í úttektinni segir að ætla megi að hvergi skorti á framboð þjónustu og fjármagns til

stuðnings við nýsköpun og atvinnuppbyggingu en við nánari skoðun á fyrirbyggjandi yfirlitum komi hins vegar glögglega í ljós að í mörgum tilvikum sé vart um að ræða nema nafnið eitt og að svipuð mynd komi upp þegar horft sé til stærðardreifingar þessara aðila m.t.t. starfsmannafjölda.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Svo sem nefnt er hér að framan er skýrsla Aflvaka frá árinu 1996 og þykir því ástæða til að gera örstutta grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á sjóðakerfi atvinnuveganna. Árið 1997 voru fjórir stærstu sjóðir atvinnulífsins lagðir niður, þ.e. Iðnlána-, Iðnþróunar-, Fiskveiða- og Útflutningslánasjóður. Á grunni þeirra voru Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins stofnaðir.

Markmiðið með endurskoðun sjóðakerfis atvinnuveganna var að tryggja atvinnulífinu aðgang að fjármagni til fjárfestingar á markaðskjörum á sem hagkvæmastan hátt og til nýsköpunar og þróunar, en skilyrði var að öll fyrirtæki, í hvaða atvinnugrein sem er, ættu jafnan aðgang að fjármagni úr því.³⁸

Fjárfestingarbankinn

Hlutverk Fjárfestingarbankans er markað mjög rúmt með lögnum³⁹ og í athugasemdunum með frumvarpinu er að finna ítarlega skilgreiningu á verksviði hans. Þar segir m.a. að hlutverk hans sé að veita íslensku atvinnulífi fjármálaþjónustu og hafa með höndum hverja þá starfsemi sem lánastofnunum öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil að lögum. Nefndinni þykir í sjálfu sér ekki ástæða til að fjölyrða nánar um hlutverk eða starfssvið bankans á þessum vettvangi. Í ljósi þess viðfangsefnis að leggja mat á hvernig stuðningsaðgerðir atvinnulífsins nýtast konum er þó nauðsynlegt að benda á það sem segir í athugasemdunum um að bankanum verði sett ströng markmið um hagkvæmni og ódýra þjónustu og að af því leiði að öllum líkindum að áhersla verði lögð á þjónustu yfir tilteknum fjárhæðarmörkum.

Nýsköpunarsjóður

Sjóðnum er ætlað er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með þátttöku í arðvænlegum fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar með íslenskum eða erlendum fyrirtækjum og að styðja við forathuganir, vöruþróunar- og kynningarverkefni. Í því skyni er honum m.a. heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki. Sjóðurinn hefur sérstaka heimild til að veita lán og ábyrgðir án sérstakra trygginga annarra en þeirra er felast í verkefninu sjálfu⁴⁰.

Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn taki þátt í *fjárfestingarverkefnum* af þrennum toga; innlendum fjárfestingarverkefnum, fjárfestingum innlendra aðila erlendis og fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi.

³⁸ Athugasemdir við frumvarp til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

³⁹ Lög nr 60/1997 um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og athugasemdir við frumvarp til laganna.

⁴⁰ Lög nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og athugasemdir við frumvarp til laganna.

Hvað varðar *stuðningsverkefni* sjóðsins þá segir í athugasemdunum að hann muni styðja við verkefni á vegum opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, sem hafi markmið í samræmi við hlutverk sjóðsins þ.m.t. vöruþróun, kynningu á fjárfestingartækifærum á Íslandi og ýmis konar for- eða hagkvæmniathuganir. Vegna eðlis verkefna er gert ráð fyrir að stuðningur sjóðsins geti verið bein framlög án kröfu um endurgreiðslu, nema í undantekningartilfellum. Gert er ráð fyrir að ráðstöfun framlaga sjóðsins til einstakra verkefna af þessu tagi geti verið í höndum annarra aðila eða í samvinnu við þá.

Nýsköpunarsjóði er ætlað að starfa fyrst og fremst sem áhættufjármagnssjóður og leggja fram fjármagn til vaxtar, þ.e. að leggja fram fjármagn til að útvíkka starfsemi að aflokinni þróun og öflun markaðar. Í athugasemdunum við frumvarpið til laganna segir að verkefni verði að geta staðið undir þeim kostnaði sem sjóðurinn ber af því að fjalla um það fyrir ákvarðanatöku og fylgjast með því á framkvæmdatímanum, sem felur í sér að sjóðurinn mun að öðru jöfnu ekki sinna mjög litlum verkefnum.

Átak til atvinnusköpunar

Nefndinni er í skipunarbréfi bent á þá stefnu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis að sameina stuðningsaðgerðir þess við atvinnulífið undir yfirstjórn verkefnisins „Átak til atvinnusköpunar“.

Að því er áður vikið að stuðningsumhverfi atvinnurekstrar hafi þótt hálfgerð völuðarhús. Með „Átaki til atvinnusköpunar“ var stigið ákveðið skref í þá átt að samhæfa stuðningsaðgerðir iðnaðarráðuneytisins og undirstofnana þess við LMF. Verkefnið byggðist á tveimur samstarfssamningum til eins árs í senn, sá fyrri var gerður í janúar 1996 og sá síðari í febrúar 1997. Aðilar fyrri samningsins voru iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður, sem voru fjármögnunaraðilar hans, og Iðntæknistofnun sem fór með alla framkvæmd samningsins samkvæmt stefnumótun og umsjón sérstakrar samningsstjórnar. Í síðari samningnum var Iðntæknistofnun ekki samingsaðili en annaðist framkvæmd flestra verkefnaflokka sem undir saminginn heyrðu. Markmið Átaksins var þríþætt:⁴¹

- * Að standa sameiginlega að verkefnum sem stuðla að atvinnusköpun og aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins.
- * Að samræma verkefni til hvatningar og stuðnings lítilla og meðalstórra fyrirtækja svo og einstaklinga á sviði atvinnu- og nýsköpunar.
- * Að hvetja til aukins alþjóðasamstarfs fyrirtækja og útrásar þeirra á alþjóðamarkaði.

Báðir samningarnir tóku til verkefna sem samstarfsaðilarnir höfðu áður einn eða fleiri staðið að ásamt nýjum verkefnum. Helstu verkefnaflokkar samninganna voru: Snjallræði, Frumkvæði-framkvæmd, Vöruþróun, Eureka, Frumkvöðlastuðningur, Sókn á erlenda markaði, Evrópumíðstöð lítilla og meðalstórra fyrirtækja og

⁴¹ „Í brennidepli“, upplýsingarit frá Finni Ingólfssyni, 2.tbl.'97. Upplýsingabæklingur um „Átak til atvinnusköpunar.“

atvinnugreinastuðningur. Átakið mun á fyrstu 2 árunum hafa stutt við á fjórða hundrað fyrirtækja og frumkvöðla með ýmsum hætti og til þess var varið um 190 milljónum króna.⁴²

Með áður nefndum breytingum á sjóðakerfi atvinnulífsins um áramótin 1997/98 naut tveggja fjármögnunaraðila Átaksins ekki lengur við, þ.e. Iðnþróunar- og Iðnlánasjóðs. Átakið hefur frá því að samningstímabilinu lauk, verið rekið sem verkefni iðnaðarráðuneytis með fjárstuðningi frá Nýsköpunarsjóði.

Í þessu samhengi er vert að líta til þess sérstaklega hvernig konum hefur nýst Átakið.

Af markmiðum þess sem gerð var grein fyrir hér að framan mætti ætla að dæmigerðar viðskiptahugmyndir eða atvinnurekstur kvenna, um tillölulega lítinn rekstur innan þjónustu- og verslunargreina, ættu greiðan aðgang að verkefnum þess. Þegar skilgreiningar verkefna Átaksins og skilyrði þeirra eru skoðuð kemur hins vegar á daginn að svo er ekki. Hér að framan hefur oft verið vikið að skorti á kyngreindum upplýsingum en þær reyndust þó vera fyrir hendi um verkefni Átaksins. Þessar upplýsingar verða ekki tæmandi taldar hér en t.d. áttu konur 16% umsókna í verkefnið „Frumkvöðlastuðning“ á árunum 1996-98 en fengu 18% úthlutana. Sambærilegar tölur fyrir „Snjallræði“ eru árin 1996 og 1997 16% umsókna og 5% úthlutana. Frumkvöðlastuðningurinn er það verkefna Átaksins sem best hefur nýst konum.

6.4.3. Not kvenna af almennum stuðningsúrræðum

Konur reka fyrirtæki innan allra atvinnugreina, af öllum stærðum, búa við mismunandi félagslegar aðstæður og hafa auðvitað ýmis viðhorf jafnt gagnvart fjölskylduábyrgð sem öðru. Niðurstöður úrtakskönnunar nefndarinnar draga þó upp ákveðnar meginlínur; kvenatvinnurekendur eru fjölmennastir í verslunar- og þjónustugreinum og algengt er að konur reki fyrirtæki sín í hlutastarfi - oft að eigin vali vegna fjölskylduábyrgðar.

Af úttekt Aflvaka hf. er ljóst að fæstir þeirra aðila sem úttektin nær til og hafa það að meginmarkmiði að styðja atvinnulífið almennt, gefa sig út fyrir að sinna verslunar- og þjónustugreinum. Í stórum dráttum má segja að áherslur stuðnings- og þjónustuumhverfis atvinnurekstrar hafi legið í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaðarframleiðslu, þar sem hlutfallslega fáar konur reka fyrirtæki. Með tilkomu Nýsköpunarsjóðs og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hafa þó áherslur stuðningsumhverfis við atvinnurekstur breyst, m.a. í þá veru að nú skal tryggja öllum atvinnugreinum jafnan aðgang að fjármagni.

Á hinn bóginn er ljóst að Fjárfestingarbankinn kemur konum í fæstum tilfellum að notum vegna smæðar fyrirtækja þeirra, þar sem áherslan er lögð á þjónustu yfir tilteknum fjárhæðarmörkum. Svo sem sagði hér að framan um Nýsköpunarsjóðinn er jafnframt ljóst að hann mun að öðru jöfnu ekki sinna mjög litlum verkefnum.

⁴² „Í brennidepli“, upplýsingarit frá Finni Ingólfssyni, 2.tbl.'97.

Þrátt fyrir að nýjar og breyttar áherslur í stuðningsumhverfi atvinnurekstrar hafi opnað aðgang þjónustugreina að stuðningsaðgerðum þá standa þær enn ekki jafnfætis framleiðslugreinum. Í umræðu um efnahags- og atvinnulíf hérlendis hefur hingað til verið lögð megináhersla á framleiðslu, gildi þess að auka fjölbreytni hennar og á útflutning vöru. Erlendis hefur á hinn bóginn þjóðhagslegu vægi þjónustugreina verið meiri gaumur gefinn í samræmi við þá framtíðarsýn að þær eigi eftir að verða enn meiri burðarás atvinnusköpunar.

Ýmis hugtök sem notuð eru hérlendis í tengslum við stuðningsumhverfi atvinnurekstrar gefa til kynna að stuðningurinn sé fremur ætlaður framleiðslugreinum en þjónustugreinum. „Frumkvöðull“ og „nýsköpun“ eru dæmi um slík hugtök en þau eru oft skilin sem uppfinningamaður og uppfinning. Hugtakið frumkvöðull hefur í umræðu hérlendis verið notað yfir enska orðið „entrepreneur“. Það hefur á enskri tungu mismunandi merkingu, allt frá því að þýða sjálfstæður atvinnurekandi til mjög þröngrar skilgreiningar sem lýtur að huglægri afstöðu atvinnurekanda til rekstrar fyrirtækis.⁴³

Umræðan erlendis um stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki tekur mið af víðari skilgreiningunni - sjálfstæðum atvinnurekanda. Það er aftur á móti hin þrönga merking sem byggt er á hérlendis með notkun orðsins frumkvöðull. Af því leiðir að aðgerðir hér á landi hafa frekar beinst að stuðningi við hugmyndir, að nýrri vöru eða fyrirtæki, en því að styðja sjálfstæða atvinnurekendur til að efla og auka vöxt fyrirtækja sinna. Þannig er áherslan erlendis aðallega á nýsköpun vöru eða þjónustu öfugt við það sem gerist erlendis þar sem atvinnusköpun er sett í öndvegi.

Hugtakið nýsköpun hefur hérlendis af stuðningsaðilum atvinnurekstrar verið skilgreint misjafnlega. Það hefur t.d. verið skilgreint sem ný afurð, ný framleiðsluáferð, nýting nýrra hráefna eða hálfunninnar vöru, opnun nýrra markaða og skipulagsbreyting rekstrareininga.⁴⁴ En sem dæmi um aðra og einfaldari skilgreiningu hugtaksins má nefna þá sem er að finna í samkomulagi Iðntæknistofnunar og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins frá 12. desember 1997 þar sem segir að með nýsköpun sé átt við það viðfangsefni að breyta þekkingu í markaðshæfa vöru og/eða þjónustu.

Merking þessara hugtaka er framandi stórum hluta fólks auk þess sem notkun þeirra gefur þröngri mynd af stuðningsaðgerðum atvinnurekstrar en ætla má að efni standi til.

6.5. Sérstakar stuðningsaðgerðir við atvinnurekstur kvenna

Umræður á liðnum árum um sérstakar stuðningsaðgerðir við atvinnurekstur kvenna hljóta að vísa til þess mats að almennar stuðningsaðgerðir hafi ekki nýst konum til jafns við karla. Skoðun nefndarinnar á þeim aðgerðum sem vísað hefur verið til sem sérstaks stuðnings við atvinnurekstur kvenna leiðir í ljós að meginmarkmið

⁴³ Women in Business: A Canadian Literature Review, New Brunswick Advisory Council on the Status of Women, October 1995, bls. 22.

⁴⁴ Baldur Pétursson, júlí 1995, úr „The Theory of Economic Development“ eftir Joseph Schumpeter 1934.

Þeirra hafa oftar en ekki verið önnur en þau að efla atvinnurekstur, s.s. að draga úr atvinnuleysi og vinna gegn byggðaröskun. Flest þessara stuðningsverkefna hafa verið tímabundin átaksverkefni og eftir því sem næst verður komist hefur eftirfylgni og mat á árangri þeirri verið lítið. Eftirfarandi umfjöllun er ekki tæmandi en þó er þar vikið að öllum þeim verkefnum sem nefndin fékk einhver gögn um. Til glöggvunar eru þessi verkefni flokkuð í fjármögnun, fræðslu og önnur verkefni:

Fjármögnun

** Lánatryggingasjóður kvenna*

Lánatryggingasjóður kvenna var stofnaður í apríl 1997 og er tilraunaverkefni til þriggja ára. Sjóðurinn er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta. Framlag til sjóðsins er samanlagt 10 milljónir króna á ári. Hámark ábyrgðar sem Lánatryggingasjóðurinn veitir samsvarar þessum framlögum. Markmið sjóðsins er að styðja konur til þátttöku og nýsköpunar í atvinnurekstri með því að veita ábyrgðir á lánum. Skilyrði fyrir ábyrgðarveitingu er m.a. að verkefnið sé í eigu kvenna/stjórnað af konum og það feli í sér einhverja nýsköpun, t.d. nýjar leiðir og aðferðir í framleiðslu eða framsetningu þjónustu. Að uppfylltum skilyrðum sjóðsins veitir lánastofnun lán í eigin áhættu á helmingi lánsfjárhæðar á móti ábyrgð Lánatryggingasjóðsins. Ákvörðun um lánveitingu lánastofnunar og ábyrgð sjóðsins byggist m.a. á mati beggja aðila á arðsemi verkefnisins.⁴⁵

** Auðlindir í dreifbýli: atvinnutækifæri kvenna*

Bændasamtökin og Kvenfélagasamband Íslands með fjárstuðningi Framleiðnisjóðs landbúnaðarins stóðu fyrir nokkrum námskeiðum fyrir konur í dreifbýli sem báru heitið „Auðlindir í dreifbýli: atvinnutækifæri kvenna“. Markmið námskeiðanna var m.a. að fjölga atvinnutækifærum kvenna og að virkja reynslu og þekkingu þátttakenda.⁴⁶

** Styrkir vegna atvinnumála kvenna*

Frá árinu 1991 hefur á fjárlögum verið veitt sérstöku fjármagni til atvinnumála kvenna. Fjárveitingin var framan af 15 milljónir kr. árlega en hefur frá árinu 1994 verið 20 milljónir. Vinnuumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Tilgangur styrkjanna er að fjölga atvinnutækifærum kvenna, efla stuðning við atvinnuþróun fyrir konur og að draga úr atvinnuleysi meðal kvenna.

Skipuð hefur verið nefnd sem á að endurskoða og gera tillögur um framhald á starfi „atvinnusjóðs kvenna“ og gera úttekt á því hvernig styrkir úr sjóðnum hafa verið nýttir.⁴⁷

⁴⁵ Stofnsamningur og samþykktir Lánatryggingasjóðs kvenna, 7. apríl 1997.

⁴⁶ „Auðlindir í dreifbýli: Atvinnutækifæri kvenna, upplýsingabæklingur Bændaskólans á Hvanneyri - endurmenntun, september 1995.

⁴⁷ Greinagerð um styrki vegna atvinnumála kvenna 1998. Vinnuumálastofnun.

Ráðgjöf/fræðsla

* Námskeið um stofnun og rekstur smáfyrirtækja

Iðntæknistofnun hefur um árábil staðið fyrir námskeiðinu „Stofnun og rekstur smáfyrirtækja“ sem ætlað hefur verið bæði konum og körlum. Námskeiðið hefur verið haldið sérstaklega fyrir konur og hefur þá verið fjallað um sérstöðu kvenna í atvinnurekstri og þröskulda á vegi þeirra.⁴⁸

* Athafnakonur

Á árunum 1992 og 1993 veitti félagsmálaráðuneytið í samráði við nefnd kvenna úr dreifbýli fjármunum til þess að útbúa fræðsluefni til eflingar atvinnumöguleikum kvenna í dreifbýli. Hélt Iðntæknistofnun námskeið um stefnumótun og mat hugmynda fyrir konur sem höfðu hug á að stofna eigin rekstur eða vinna að atvinnumálum. Námskeið þetta sem gekk undir nafninu „Athafnakonur“ var haldið með stuðningi félagsmálaráðuneytisins um allt land.

* Brautargengi

Atvinnu- og ferðamálastofa Reykjavíkur í samstarfi við Iðntæknistofnun hefur frá árinu 1996 staðið fyrir námskeiðum fyrir reykvískar athafnakonur sem áhuga hafa á að hrinda eigin viðskiptahugmynd í framkvæmd. Verkefnið fékk heitið „Brautargengi“. Markmið þess er að styrkja konur sem stjórnendur, auka þekkingu og ábyrgð þeirra á fyrirtækjarekstri, fjölga störfum í höfuðborginni og treysta þau sem fyrir eru. Þegar þátttakendur á námskeiðið voru valdir úr hópi umsækjenda hafði mat á viðskiptahugmynd þeirra einna mest vægi. Félagsmálaráðuneytið hefur styrkt verkefnið sem Reykjavíkurborg kostar að öðru leyti en einnig taka þátttakendur þátt í kostnaði.⁴⁹ Brautargengi var upphaflega tilraunaverkefni til tveggja ára sem lauk vorið 1998 en ákveðið hefur verið að halda því áfram í a.m.k. ár.

Önnur verkefni;

* Kvenatvinnuráðgjafar

Á árunum 1993 til 1995 störfuðu þrjár kvenatvinnuráðgjafar á Vesturlandi, Vestfjörðum og í Eyjafirði. Verkefni þeirra var að stuðla að nýsköpun og uppbyggingu atvinnu- og menningarlífs á þessum svæðum. Það var fjármagnað af Bygðastofnun, félagsmálaráðuneytinu og viðkomandi sveitarfélögum.

* Jafnréttisráðgjafi á Norðurlandi vestra

Á Norðurlandi vestra hefur verið ráðinn jafnréttisráðgjafi til þriggja ára sem er starfsmaður Iðnþróunarfélags Norðurlands vestra. Meginverkefni hans er vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum og í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur.

⁴⁸ Greinagerð Iðntæknistofnunar til Jafnréttisráðs, dags. 9. september 1993.

⁴⁹ Upplýsingabæklingur um Brautargengi, Atvinnu- og ferðamálastofa Reykjavíkur, 1997.

Félagsmálaráðuneytið fjármagnar stöðuna.⁵⁰

**Menntasmiðja kvenna*

Menntasmiðja kvenna á Akureyri var stofnuð 1994 á vegum jafnréttis- og fræðslufulltrúaembættis Akureyrarbæjar sem atvinnuþróunarverkefni fyrir konur. Menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Rauði krossinn, Vinnumálastofnun og fleiri hafa styrkt starfsemina. Menntasmiðjan byggir á hugmyndafræði lýðháskóla; sjálfsstyrkingu, skapandi námi og hagnýtu námi. Auk almenns 16 vikna dagskóla er boðið upp á styttri kvöld- og helgarnámskeið, m.a. um stofnun fyrirtækja.⁵¹

** Tengslanetið: „Köngullóin“*

Á árinu 1992 hófst starfsemi tengslanetsins Köngullóarinnar sem gaf út fréttabréfið „Vefinn“ þar sem m.a. var fjallað um markaðsmál, kynnt fyrirtæki í eigu kvenna og sagt frá námskeiðum sem tengdust atvinnumálum þeirra. Starfsemi tengslanetsins og útgáfan var styrkt af Byggðastofnun og félagsmálaráðuneyti. Þetta tengslanet er ekki lengur starfandi. Ekki reyndist fjárhagslegur grundvöllur fyrir áframhaldandi starfi þegar opinberra styrkja naut ekki lengur við.⁵²

6.6. Mat á stuðningsaðgerðum í þágu atvinnurekstrar kvenna

Framangreind umfjöllun ber með sér að forsendur aðgerða eru mismunandi, markmið þeirra óljós og árangursmat virðist ekki vera framkvæmt. Aðallega hefur verið um að ræða átaksverkefni, smá í sniðum, sem stjórnvöld hafa gripið til vegna byggðaröskunar og aukins atvinnuleysis kvenna. Fyrst og fremst hefur verið um að ræða lága styrki og stutt námskeið.

Nefndin lítur þannig á að aðeins lítill hluti framangreindra „stuðningsaðgerða“ hafi verið í þágu atvinnurekstrar kvenna á þeirri forsendu að starfskraftar kvenna séu auðlind og stuðningur við atvinnurekstur þeirra þjóni hagsmunum efnahagslífsins. Lánatryggingsjóður kvenna og Brautargengi hafa helst byggt á þeirri forsendu en í báðum þessum tilvikum er fyrst og fremst horft til viðskiptahugmyndar og hversu arðvænleg hún er talin vera.

Nefndin áréttar nauðsyn þess að stuðningur við atvinnurekstur byggist m.a. á haldbærum tölfræðilegum upplýsingum, skýrum forsendum og mælanlegum markmiðum. Að þessum skilyrðum uppfylltum sé grundvöllur fyrir mati á árangri stuðningsaðgerða.

⁵⁰ Samningur milli félagsmálaráðuneytis og Iðnþróunarfélags Norðurlands vestra um ráðningu jafnréttisráðgjafa á starfssvæði félagsins, dags. 26. mars 1998.

⁵¹ Menntasmiðja kvenna á Akureyri, staða vorið 1998 og framtíðarhorfur. Greinargerð unnin af Valgerði H. Bjarnadóttur.

⁵² Upplýsingabækur um Tengslanetið: Köngullóin og fréttabréfið „Vefurinn“.

HEIMILDIR

Atvinnuvegaskýrsla 1994, Þjóðhagsstofnun, Reykjavík 1997.

Breyttar áherslur í byggðamálum. Skýrsla Byggðastofnunar, október 1998.

Center for Women in Business Mount Saint Vincent University, Halifax, Nova Scotia. Annual Report 1995-1996.

Commission of the European Communities, Maximising European SME's Full Potential for Employment, Growth and Competitiveness COM (96) 98, 20.2.1996.

Commission Recommendation of 3 April 1996 concerning the definition of Small and Medium-sized enterprises (SMEs), OJ L 107 of 30.4.1996, bls.4.

Drífa Hrönn Kristjánsdóttir. Minnisblað um fjórðu framkvæmdaáætlun ESB í jafnréttismálum 1996-2000.

Entrepreneur career selection and gender: A socialization approach. Journal of Small Business Management, 28, no. 2 (apríl 1990), bls. 37-44.

Equal Opportunities for Women and Men in the European Union - 1996. Summary, 2. kafli.

Europe, N° 6683, 8. mars 1996.

European Commission Communication on the Multiannual SME Programme 1997-2000, COM (96) 98 20.3.1996.

European Observatory for SMEs, Fifth Annual Report 1997.

European Observatory for SMEs, Fourth Annual Report 1996.

Firmengründungen durch Frauen und Männer im Zeitablauf, St Gallen, 1993.

„Í brennidepli“ upplýsingarit frá Finni Ingólfssyni, 2.tbl.'97.

„Konur sem frumkvöðlar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum“: Skýrsla um ráðstefnu vinnunefndar iðnaðarnefndar OECD um lítil og meðalstór fyrirtæki, París 16.-18. apríl 1997. Baldur Pétursson / Elísabet Benediktsdóttir, maí 1997. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Kvinnor, nyföretagande och insatser, rapport från Nordiske Ministerrådets Idékonferens om kvinnor och nyföretagande, Göteborg 26.-27.9.1996. Nordisk Ministerråd, Nordisk Forlagshus.

Lífskjör og lífshættir á Íslandi. 1990, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

National Economic Institute: Employment in enterprises by sex of owners, 1989-1993.

Nýgengi og gjaldþrot fyrirtækja 1985-1995. Félagsvísindastofnun, maí 1996.

Lög nr 60/1997 um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og athugasemdir við frumvarp til laganna.

Lög nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og athugasemdir við frumvarp

til laganna.

Official Journal of the European Communities, No C 363/12, 3. desember 1996.

Report of the Interagency Committee for Women's Business Enterprise.

Skuldir og vanskil einstaklinga. Seðlabanki Íslands. mars 1997.

Small Business Economics, 8: 463-478, 1996.

Styles of success: The Thinking and Management Styles of Women and Men Entrepreneurs. The National Foundation for Women Business Owners, 1994.

Sundin E. & Holmquist, C.: Kvinnor som företagare Malmö, 1989; Ziegerer, M.C.

De usynelige kvinder, en undersøgelse af medarbejdende ægtefeller. Håndverskrådet Samfundslitteratur 1997.

Vinumarkaðskönnun Hagstofu Íslands í nóvember 1997.

Women in Business: A Canadian Literature Review, New Brunswick Advisory Council on the Status of Women, October 1995, bls. 22.

Working woman, júlí 1993, bls. 67.